

HULDA OG RÖGNVALDUR

Hlutu verðlaun fyrir garðinn

hús fasteignir
allt í MIÐJU BLÁÐSINS



KRONKRON

Valin í hóp sjö flottustu búða heims

Eigendurnir himinlifandi yfir valinu
FÓLK 38



LATÓ
HAGKERFIÐ

Þú færð LATÓ vörurnar í verslunum Hagkaupa og völdum verslunum um allt land

Hollasta Hagkerfi í heimi
www.glitnir.is/hatibaer

GLITNIR

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. ágúst 2006 – 216. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Óvinsæll James Bond

Daniel Craig hefur ekki átt sjö dagana sæla síðan hann ákvað að leika James Bond í Casino Royale. Hann segist þó ætla að sanna fyrir óvildarmönnum sínum að hann sé vel að hlutverkinu kominn.



FÓLK 30

Matargúrú á tímamótum

Nanna Rögnvaldsdóttir stendur á tímamótum í sínu lífi en hún hefur ákveðið að hætta á tímaritinu Gestgjafanum eftir farsælt starf.



FÓLK 38

Íslendingar vekja athygli í Kaupmannahöfn


Mikil tiskuvika stendur nú yfir í Kaupmannahöfn og hafa íslensku merkin Elm, Dead, Indriði og Steinunn vakið þó nokkra athygli.



FÓLK 28


Fyrsti titillinn í hús

Bikarmeistarar Liverpool unnu í gær Englandsmestara Chelsea í hinum árlega leik um Samfélagsskjöldinn. Leikurinn markar upphaf tímabilsins á Englandi en það var Peter Crouch sem skoraði sigurmarkið í leiknum.



ÍÞRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA NOKKUÐ VINDASAMT í dag verður fremur stíf norðanátt vestan til, annars heldur hægari. Stöku skúrir norðan og austan til en léttir smám saman til syðra. Hiti 10-16 stig, hlýjast á Suðausturlandi.

VEÐUR 4

Office 1 er komin í Húsasmiðjuna



Office 1 Superstore

Skólavörumarkaður

Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi, Akureyri og Keflavík



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Ráðherra segir stefna í sameiningu háskóla

Menntamálaráðherra segir allt stefna í að Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands sameinist og verði einn skóli. Sameining verður hugsanlega hinn 1. júlí 2008. Rektorar beggja skólanna líta sameiningu mjög jákvæðum augum.

MENNTAMÁL Menntamálaráðherra segir allt stefna í að Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands sameinist. Rektor Kennaraháskólans segir að sameiningin verði hugsanlega 1. júlí 2008.

Fundur vegna sameiningarinnar verður haldinn í menntamálaráðuneytinu í dag. Engin ákvörðun hefur verið tekin en skýrsla á vegum ráðuneytisins var unnin í byrjun sumars. Bæði Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, fóru þar jákvæðum orðum um sameiningu skólanna.

„Það stefnir allt í að þessi sameining verði á meðan tonninn er svona jákvæður úr báðum háskólum. Við sjáum fram á að þetta

verði til þess að styðja háskóla-kerfið.“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. „Þetta er mjög viðamikil verkefni, tveir stórir og öflugir háskólar. Þetta verður ekki gert í einum hvelli en við erum að stefna að þessu.“

Sameininguna bar fyrst á góma í skýrslu sem Páll Skúlason, þá rektor Háskóla Íslands, og Ólafur Proppé létu gera árið 2002 um mögulegar leiðir til að samhæfa betur kennslu og rannsóknir skólanna. Þar kom fram að þegar á heildina væri litið væri sameining skólanna líklegri til að skila betri árangri en samstarf þeirra.

Ólafur segir tilganginn með sameiningu ekki vera að spara peninga heldur að efla þjónustu.

„Sameining getur haft ýmis konar hagræðingu í för með sér og að álit okkar er það möguleiki að nýta betur sérfræðipækningu í báðum skólunum. Við viljum bæta kennaramenntun og efla háskóla-stigið.“

Kristín Ingólfssdóttir segir hugmyndina að sameiningu ekki nýja sem slíka, hún hafi komið fram í skýrslunni sem gerð var árið 2002. „Skýrslan sem var unnin núna var aðallega til að draga fram kosti sameiningar og draga saman þá þætti sem þyrfti að huga sérstaklega að ef til sameiningar kæmi. Viðbrögð beggja skólanna við sameiningu voru jákvæð. Við teljum að þetta geti styrkt mjög kennaramenntun og rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslufræði.“ - sfs



NÝ STÚKA Unnið hefur verið að því hörðum höndum undanfarið að koma nýrri vesturstúku Laugardalsvallar í horfið fyrir landsleikinn gegn Spánverjum á morgun. Þessi verkamenn, skryddir heiðgulum hjálum, fóru létt með það að bera tvö sæti í einu upp tröppur nýju stúkunnar þegar ljósmyndara bar að í gær. Um tíu þúsund landsmanna munu tylla sér í glærni sætin í fyrsta sinn á morgun. Sjá síðu 6.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Karlmaður kærður fyrir brot gegn þremur stúlkum um verslunarmannahelgina:

Grunaður um barnamisnotkun

LÖGREGLA Karlmaður á sextugsaldri hefur verið kærður fyrir kynferðisbrot gegn þremur ungum stúlkum á samkomu línudansara í Heimalandi í Rangárfingi um verslunarmannahelgina.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er maðurinn grunaður um að hafa berað kynfæri sín fyrir framan þrjár 8 til 12 ára stúlkur í anddyri húss á meðan aðrir gestir voru staddir í sam-

komusal hússins. Þá er hann grunaður um að hafa leitað á yngstu stúlkuna og meðal annars þreifað á kynfærum hennar. Maðurinn, sem ku hafa verið ölv-aður, stökk síðan á flotta þegar ein stúlkanna hótaði að kalla á föður sinn.

Það mun einnig vera í rannsókn hvort maðurinn hafi fyrr um daginn leitað á fjórðu stúlkuna, en sú er fimm ára gömul.

Maðurinn var sjálfur gestur á samkomunni og því er vitað hver hann er, þótt enn sé hann ófundinn. Móðir einnar stúlkunnar mun hafa gengið í hús í nágrenni þekktra aðsetra mannsins í höfuðborginni með mynd af honum og varað íbúa við honum.

Lögreglan á Hvolsvelli fer með rannsókn málsins en vill ekkert gefa upp um það að svo stöddu. - sh



FIDEL CASTRO Fjölmíðlar í Kúbu birtu fyrstu myndirnar af Castro frá því að hann veiktist fyrir tveimur vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Kúbu áttæður:

Fidel Castro kominn á ról

HAVANA, AP Fidel Castro, forseti Kúbu, færði landsmönnum sínum raunsejar kveður á áttatíu ára afmæli sínu á sunnudag og bað landsmenn um að búa sig undir „slæmar fréttir“.

Castro sagðist eiga fyrir höndum langan bata eftir skurðaðgerð sem hann gekkst undir fyrir tveimur vikum en hann bað þjóð sína einnig um að vera bjartsýna. Yngri bróðir Castro, varnarmálaráðherran Raul Castro, kom fram í fyrsta skipti um helgina sem bráðabirgðaforseti og tók á móti Hugo Chavez, forseta Venesúela, í opinberri heimsókn. - rsg

Siv Friðleifsdóttir:

Ný kynslóð taki við formennsku

STJÓRNMÁL „Við það að Halldór Ásgrímsson fer frá skapast ný staða innan Framsóknarflokksins og niðurstaða mín um framboð byggist meðal annars á því að ég tel æskilegt að nú verði kynslóðaskipti í formennsku flokksins,“ segir Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingaráðherra, sem gefur kost á sér til formanns Framsóknarflokksins á flokksþinginu um næstu helgi.

Siv segir ákveðnar ástæður fyrir því að hún tilkynnti ekki um framboð sitt fyrr. „Ég vildi gefa flokksmönnum tækifæri til að velja fulltrúana á flokksþingið í ró og næði, það hefur verið óróleiki í flokkinum í sumar og til að slá á hann ákvað ég að biða með að tilkynna um ákvörðun mína þangað til valið á fulltrúunum hefði farið fram.“ - ssal/sjá síðu 16

REYKJAVÍKUR
MARAPON
GLITNIS
19. ÁGÚST

LATABEJARMARAPON
FYRIR BÖRNIN

1,5km

Skráðu þig núna á
www.glitnir.is

HVITA HÚSD / SÍA



SPURNING DAGSINS

Sigurgeir, var þetta ekkert mál?

„Fyrst var það auðvitað mikið mál, en svo þegar hugmyndin var komin var þetta ekkert mál.“

Sigurgeir Sigmundsson, gítarleikari hljómsveitarinnar Strax, var fenginn til að semja tónlistina fyrir kvikmyndina Ekkert mál, um kraftajötuninn Jón Pál Sigmundsson. Eitt lagið, sem ber einmitt nafnið Ekkert mál, er þegar komið í útværsspilun.

Ölvun í miðbænum í fyrrinótt: Lausar tennur eftir slagsmál

LÖGREGLA Maður var fluttur á slysadeild í fyrrinótt með lausar framtennur eftir slagsmál í miðborginni. Talsvert var um ölvun í miðbænum og þurfti lögreglan að hafa afskipti af nokkrum.

Lögreglan var kölluð að Ingólfsstræti eftir að maður fékk glas í höfuðið. Kastarinn var þó ágætis félagi fórnarlambinsins og vildu þeir sem minnst gera úr málinu þegar lögreglu bar að.

Þá var afar ólvaður maður fluttur á slysadeild eftir að hafa dottið á kant við Hallgrímskirkju og skorist bæði á enni og auga. - sh



VIÐ ALPINGI Í GÆR Allt tiltækt lið var kallað á vettvang en lítil hætta reyndist vera á ferðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/NFS

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins:

Reykur í Alþingishúsinu

ALPINGI Allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu var kallað að Alþingishúsinu um klukkan tíu í gærmorgun eftir að boð bárust um reyk í húsinu.

Um bilun í mótörstýringu var að ræða og hafði reykur komið úr henni og sett brunavarnarkerfi hússins af stað. Að sögn slökkviliðs var lítil hætta á ferðum, en öryggisvörður í þinghúsinu hafði þegar slegið út rafmagn á mótörinn þegar slökkvilið kom á vettvang. Kallað hafði verið eftir bílum úr Hafnarfirði en þeim var snúið við þegar ljóst varð að ekki væri hætta á ferðum. - öhó

Hertar öryggiskröfur vegna hryðjuverkaheytu valda töfum á flugvöllum:

Hryðjuverkaógn lamar flug í London

FLUGSAMGÖNGUR Þriðjungjættunarflugs frá Heathrow-flugvelli í London var aflýst á sunnudag vegna öngþveitis við öryggisleit.

Hertar öryggiskröfur sem komið var á á fimmtudag, þegar upp komst um áætlun hryðjuverkamanna um að sprengja allt að tíu farþegaþotur í loft upp, eru enn í gildi í Bretlandi, en öryggisreglum á flugvöllum í Bandaríkjunum var breytt lítillega á sunnudag. Farþegar í Bandaríkjunum mega nú hafa með sér fjórar únsur, rúm hundrað grömm, af lausasölulyfi í vökviformi en verða að fara úr skónum í öryggisleit og láta skanna þá.

John Reid, innanríkisráðgjafi

Bretlands, hefur viðurkennt að nauðsynlegt sé að slaka á öryggiskröfum, en fjöldi fólks hefur misst af flugi sínu vegna tafa við leit. „Núverandi fyrirkomulag er tímabundið,“ sagði Reid í gær.

British Airways þurfti að aflýsa þrjátíu prósentum áætlunarflugs frá Heathrow á sunnudag, þar af um 100 flugum til Evrópu. Einnig var öllu innanlandsflugi fyrirtækisins frá Gatwick aflýst í gær. Rekstraráðili Heathrow hefur verið gagnrýndur fyrir að ráða ekki við nýjar kröfur. Forráðamenn Ryanair óskuðu eftir því við bresk yfirvöld að lögreglu- og herliði aðstoðaði við leit á flugvöllum.

- rsg



ÖNGÞVEITI Á HEATHROW Vegna tafa við öryggisleit hafa sumar flugvélar farið á loft án meirihluta farþega.

Tæplega 400 manns lífshættulega feitir

Alls biða nú um þúsund manns þjónustu fjögurra sviða á Reykjalundi. Lengstur er biðlistinn á næringarsvið en þar biða 390 manns og er biðtíminn tíu mánuðir. Aukið fjármagn heilbrigðisráðuneytisins mun stytta biðtímann.

HEILBRIGÐSMÁL Þrjú hundruð og níutíu manns biða eftir þjónustu næringarsviðs á Reykjalundi, að sögn Hjördísar Jónsdóttur lækningaforstjóra.

„Nýr ráðningasamningur við heilbrigðisráðuneytið mun fela í sér aukið fjármagn til sviðsins og í kjölfarið má búast við að biðlistarnir styttest.“ Þeir 390 sem biða teljast allir vera með lífshættulega offitu og hluti þess hóps hefur áhuga á að komast í offituaðgerð á Landspítalanum.

Hjördís segir að eftir að byrjað var að gera offituaðgerðir á Landspítalanum fyrir tveimur árum hafi fleiri sótt um að komast að á Reykjalundi en forsenda þess að komast í aðgerðina er að léttast um ákveðin kílóafjölda. Meðalbiðtími á næringarsviði Reykjalundar er tíu mánuðir.

Þá biða tæplega 300 manns eftir innlögn á gigtarsviðið á Reykjalundi en Hjördís telur að hluti þeirra sem biði hafi leitað sér meðferðar annars staðar eins og til dæmis á Heilsuhælið í Hveragerði.

Um 200 manns biða eftir innlögn á verkjasviði en þar biður fólk eftir að komast að í endurhæfingu eftir slysi. Hjördís segir hluta þessa fólks óstarfhæft vegna verkja og að meðferð geti verið forsenda þess að það komist út á vinnumarkaðinn.

Alls biða 110 manns eftir að komast að á geðsviði Reykjalundar en þar kemur fólk gjarnan í kjölfar innlagningar á geðdeild LSH til að fá frekari stuðning.

Hjördís segir beiðnir inn á hinar ýmsu deildir Reykjalundar í nokkru jafnvægi og að reynt sé að for-



OFFITUAÐGERÐ Á LANDSPÍTALANUM Eftir að byrjað var að gera offituaðgerðir á Landspítalanum fyrir tveimur árum hafa fleiri sótt um að komast að á Reykjalundi.

gangsraða biðlistum hvers sviðs eftir þrófum.

Hjördís segir mikilvægt að efla starfsemi sumra sviða á Reykjalundi og nefnir sem dæmi taugasvið en þar kemur fólk sem hlotið hefur taugaskaða í kjölfar sjúkdóma eða slysa. „Þetta er hópur sem þarf að sinna betur en oft er hægt að bæta skaðann sem fólk hefur orðið fyrir með réttri endurhæfingu.“

hugrun@frettabladid.is

Hjördís segir mikilvægt að Reykjalundur sé í góðum samskiptum við heilsugæslustöðvar um allt land og segir að hlutverk stofnunarinnar eigi meðal annars að felast í miðlun upplýsinga. „Með þessu fyrirkomulagi er ekki nauðsynlegt að stækka Reykjalund heldur gegnir hann þá hlutverki sérfræðikjarna sem er í góðum tengslum við aðrar heilbrigðisstofnanir.“



MÓTTAKA Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri tók á móti hjólréiðaköppnum á Ingólfstorgi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hjóluðu hringinn fyrir Spes: Luku hringferð á Ingólfstorgi

SPES Hjólréiðakapparnir þrír sem hafa hjólað kringum Ísland til að kynna starfsemi Spes-samtakanna luku ferð sinni í gær. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri tók á móti þeim við athöfn á Ingólfstorgi. Af því tilefni tilkynnti Vilhjálmur um rausnarlega gjöf til samtakanna.

Allt fé sem Spes aflar rennur til að byggja barnaþorp fyrir foreldralaus börn í Tógó í Vestur-Afríku. Drengirnir, Dagbjartur Ingvarsson, Gísli Hvanndal Jakobsson og Guðjón Heiðar Valgarðsson lögðu af stað hjólandi eftir hringveginum þann 18. júlí. - sps

Tvennt slapp ómeitt úr slysi: Óhapp í Hvalfjarðargöngum

LÖGREGLA Umferðarslys varð í Hvalfjarðargöngunum laust eftir klukkan fimm síðdegis í gær. Engin slysuðu á fólki en umferð gekk afar hægt í gegnum göngin á tíma.

Tvennt var í fólksbíl sem var ekið utan í vegg í göngunum norðanverðum. Ekki er vitað hvað olli slysinu. Fólkíð var flutt til Reykjavíkur á slysadeild en ekkert reyndist ama að því.

Göngunum var ekki lokað en umferð var stjórnað þannig að bílum á leið í suður og norður var hleypt í gegn til skiptis. Opnað var í báðar áttir skömmu eftir klukkan sjö í gærkvöldi. - sh

Juan Gabriel kláraði sýningu sína á Ingólfstorgi eftir að hann slasaðist á höndum: Í gífsi á báðum eftir Gay pride

SLYS Juan Gabriel Rios Kristjánsson, hálfþrítugur efnaræðinemi, slasaðist á báðum höndum á sýningu í tilefni Gleðigöngu samkynhneigðra á laugardaginn.

Juan Gabriel tók þátt í einu atriðanna á sviðinu á Ingólfstorgi, sýndi þar fimleika og stóð meðal annars á höndum. Undirlagið á sviðinu var hins vegar svo hart að ekki vildi betur til en svo að hann slasaðist á báðum höndum og ber hann nú gífs á þeim báðum.

„Ég veit ekki hvort ég er handlegsbrotninn í sjálfu sér,“ segir Juan Gabriel. „Þeir gátu ekki séð það á þessu stigi og svo ég væri ekki að gera mér meiri skaða var ég settur í gífs á báðum, ef ég skyldi vera brotninn.“

Juan Gabriel segir sviðsgólfið hafa verið hart. „Það er auðvitað



GAY PRIDE Hýrt var yfir mannskapnum á Ingólfstorgi á Laugardaginn þar sem hver listamaðurinn á fætur öðrum tróð upp við mikinn fögnuð.

miklu harðara en venjulegt keppnisgölf. Ég átti von á því að það væri hart en svo lenti ég mjög illa í miðri sýningu í ofanálag.“

Juan Gabriel hrökklaðist þó ekki sárþjáður af sviðinu eftir

óhappið. „Nei nei, ég kláraði sýninguna. Svo fór ég bara á slysa-varðstofuna þegar sýningunni lauk,“ segir Juan Gabriel og gerir lítið úr meiðslunum. „Ég heild að ég sé nú ekkert stórslasaður.“ - sh

120 1886 2006



Tvö tónleikasvið!
Öll dagskráin á www.landsbanki.is



Menningarnótt 19. ágúst

ÓDÝRASTA ADSL TENGING Á ÍSLANDI

ADSL VERÐHRUN!

**512
Kb/s**

ÓTAKMARKAÐ
NIÐURHAL!

BTNET
flær bitar • meiri hraði

Eingöngu
hjá BT!

**ÓTAKMARKAÐ
NIÐURHAL!**

1.990

3.990

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 11.8.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	70,77	71,11
Sterlingspund	134,22	134,88
Evra	90,40	90,90
Dönsk króna	12,115	12,185
Norsk króna	11,371	11,437
Sænsk króna	9,825	9,883
Japanskt jen	0,6099	0,6135

SDR 105,09 105,71

Gengisvísitala krónunnar
125,1323

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Haldið upp á níu hundruð ára afmæli biskupsstóls og skóla á Hólum:

Hóladómkirkju veittar gjafir

HÁTÍÐ Hólahátíð var haldin á Hólum um helgina. Hátíðin er haldin árlega en í ár var því fagnað sérstaklega að níu hundruð ár eru síðan stofnað var til biskupsstóls og skóla á Hólum.

Geir H. Haarde forsætisráðherra afhenti Hóladómkirkju bækur úr safni séra Ragnar Fjalars Lárussonar að gjöf, en þær eru prentaðar í Hólalprenti. Ríkisstjórnin ákvað að gefa kirkjunni bækurnar í tilefni af afmælinu. Íslenska ríkið gekk í síðustu viku frá kaupum á safninu af Herdís Helgadóttur, ekkju séra Ragnars Fjalars, en í því eru rit sem prentuð voru hér á landi frá upphafi prentlistar á

Hólum til loka 18. aldar. Séra Jón Aðalsteinn Baldvinsson, vígslubiskup á Hólum, tók við gjöfinni.

„Við fengum bæði gott veður og margt fólk. Meðal dagskrárliða voru handverkshátíð, pílgrímagöngur, hlaup, kirkjusamkoma og útiþingill,“ segir Málfríður Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar.

„Síðan vorum við með fallega guðsþjónustu þar sem erlendir biskupar gengu í skruðgöngu ásamt rektorum og fulltrúum erlendra háskóla. Heildaryfirbragðið á hátíðinni fannst mér mjög fagað. Það voru margir sem komu en hvergi mátti koma auga örtröð eða læti.“

- sfs



SKRÚÐGANGA Framkvæmdastjóri hátíðarinnar segir hana hafa heppnast mjög vel í alla staði. Fjölmennt hafi verið í góðu veðri en hvorki örtröð né læti. FRÉTTABLAÐIÐ/NFS

Tveggja Dana leitað:

Fundust kaldir í sjálfheltu

BJÖRGUN Tveir Danir, sembörgunarveitir leituðu í fyrirkvöld og -nótt, fundust kaldir og hraktir en heilir á húfi um klukkan hálf fimm í gærmorgun. Mennirnir hringdu í Neyðarlínuna um klukkan hálf tíu í fyrirkvöld og sögðust vera í sjálfheltu í klettum í Kistufelli í Austurbyggð. Þeir höfðu þá verið á göngu frá því klukkan þrjú síðdegis.

Mennirnir voru í símasambandi á meðan á leitinni stóð en þoka var á svæðinu sem gerði þeim erfitt fyrir að lýsa staðhættum.

Sex björgunarsveitir tóku þátt í leitinni og þyrta og leitarhundur voru á leið á svæðið þegar mennirnir fundust.

- sh

Hlaupið undan lögreglunni:

Eltu lögbrjóta uppi á hlaupum

LÖGREGLUFRETTI Ökumaður og farþegar bíls reyndu að stinga lögreglu af á hlaupum í gær en tókst ekki. Eltingaleikurinn hófst þegar lögregla mældi bíl þeirra á níutíu og níu kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er sextíu kílómetrar á klukkustund. Ökumaður virti ekki stöðvunarmerki lögreglu heldur gaf í og reyndi að stinga lögreglu af.

Hann missti stjórn á bílnum og hafnaði á staur. Eltingaleiknum lauk ekki því bílstjóri og farþegar tóku til fótana. Lögreglan reyndist sneggri og náði fólkinu fljótlega. Ekki leikur grunur á að bílstjóri hafi verið ölvaður.

- sfs

1.320 fengu bréf frá TR:

Minntir á framtalsskil

LÍFEYRISMÁL Prentán hundurð og tuttugu einstaklingar fengu bréf frá Tryggingastofnun ríkisins í síðasta mánuði vegna ófullnægjandi framtalsskila.

Í bréfinu eru viðtakendur hvattir til að koma framtalsskilum sínum í fullnægjandi horf.

Ófullnægjandi framtalsskil geta haft áhrif á greiðslur til lífeyrisþega, til dæmis með þeim hætti að ofgreiðslur verði dregnar af framtíðargreiðslum eða innheimtar með öðrum hætti.

Þetta er í þriðja skipti sem bótaþegar Tryggingastofnunar fá bréf þar sem þeir eru minntir á mikilvægi fullnægjandi framtalsskila.

- hs

MÓLDÓVA

Sprenging í strætisvagni Sprenging varð um borð í strætisvagni í borginni Tiraspol í Trans-Dniester, Moldóva, á sunnudag, en þetta er önnur slík árás í tvo mánuði. Einn lést og sjö slösuðust. Stjórnvöld Moldóvu hafa ásað sjálfstæðissinna í Trans-Dniester fyrir að gera svæðið að gósenlandi smyglara og glæpahópa.



RÚSTIR Í BEIRÚT Fimmtán þúsund líbanskir hermenn ásamt svipuðum fjölda friðargæsluliða Sameinuðu þjóðanna verða sendir til suðurhluta Líbanons á næstunni. Þeirra hlutverk er að framfylgja vopnahléinu.

Ísraelar samþykkja að gera hlé á hernaðaraðgerðum

Ríkisstjórn Ísraels samþykkti í gær tillögu um hlé á hernaðaraðgerðum í Líbanon. Vopnahléið tók gildi klukkan fimm í nótt að íslenskum tíma. Þrátt fyrir vopnahlé er talið líklegt að átök í Líbanon haldi áfram á næstunni.

LÍBANON, AP Ríkisstjórn Ísraels samþykkti einróma í gær að gera hlé á hernaðaraðgerðum í Líbanon. Vopnahléið tók gildi klukkan fimm að íslenskum tíma í nótt.

Tillagan um vopnahlé kemur í kjölfar ályktunar sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti á laugardaginn. Þar var þess krafist að öllum hernaðaráttökum í Líbanon yrði hætt tafarlaust. Ríkisstjórn Líbanons og leiðtogi Hizbollah-samtakanna höfðu áður samþykkt að heiðra þetta vopnahlé.

Eftir að átökum lýkur halda

fimmtán þúsund líbanskir hermenn ásamt svipuðum fjölda af friðargæsluliðum Sameinuðu þjóðanna til suðurhluta Líbanons til að framfylgja vopnahléinu.

Líkurnar á að átök haldi áfram þrátt fyrir vopnahlé eru taldar miklar, en ísraelski herinn ætlar ekki að fara fyrr en líbanski herinn og friðargæsluliðar koma. Einnig hefur áframhaldandi sókn Ísraels inn í Líbanon gert það að verkum að margir Hizbollah-liðar eru fastir á bak við hernaðarlínu Ísraels.

Forsætisráðherra Ísraels, Ehud

Olmert, sagði þessa samþykkt um vopnahlé tryggja að „Hizbollah hætti að vera til sem ríki innan ríkis“.

„Ísraelski herinn verður dreginn til baka þegar líbanski herinn og friðargæsluliðar koma,“ sagði utanríkisráðherra Ísraels, Tzipi Livni. Hann sagði ákvörðun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna góða fyrir Ísrael og að hún myndi breyta leikreglum í Líbanon á áhrifaríkan hátt.

Leiðtogi Hizbollah-samtakanna, Hassan Nasrallah, hafði áður sagt

að hans menn héldu áfram að berjast á meðan ísraelskur her sé í Líbanon.

Hizbollah skutu í gær yfir tvö hundruð eldflaugum á Norður-Ísrael með þeim afleiðingum að einn ísraelskur borgari dó. Sama dag skutu ísraelskar þotur á búðir Hizbollah í suðurhluta Beirút þar sem að minnsta kosti einn lést. Þoturnar skutu einnig á bensínstöðvar í suðurhluta borgarinnar Tyre. Líbönsk yfirvöld herma að tólf hafi fundist látnir eftir árássina.

salvar@frettabladid.is

SKÓLA TILBOÐ! NÁMS-HESTUR

ACER ASPIRE 3661WLMi

Intel Celeron M 1.5Ghz
512MB DDR2 Vinnuminni
80GB Harður diskur
15.4" CrystalBrite skjár
ATI Xpress X200M, 256MB Skjákort

INNBYGGD VEFMYNDAVÉL

TÖLVUKAUPALÁN TIL 36 MÁNADA 3.092,- Á MÁNUÐI


89.900,-

OKKAR ACER VELAR HVA 3 ÁRA ABYRGÐ

WWW.SVAR.IS | **svaR)** tækni
SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

VEÐURSPÁ

um hádegi »




um hádegi »


Kaupmannahöfn	20°C skúrir	London	19°C rigning	Alicante	29°C skúrir
Billund	21°C rigning	Paris	21°C alskýjað	Mallorca	29°C hálfskýjað
Norðan 5-10 m/s. Léttir smám saman til. Hiti 10-14 stig, mildast síðdegis.	18°C rigning	Frankfurt	21°C skúrir	Algarve	26°C heiðskirt
	22°C rigning	Friedrichshafen	14°C skúrir	Krít	33°C heiðskirt
	20°C hálfskýjað	Berlín	21°C heiðskirt	Las Palmas	27°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun



» miðvikudagur



Sólartilboð

KIA Picanto með sumarlegum aukahlutapakka á aðeins
1.195.000 kr. eða 17.834 kr. á mánuði* – engin útborgun!



Sumarpakkinn

- 14" álfelgur
- Samlitur
- Hliðarvindskeið
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Vindskeið að aftan

KIA Picanto er lipur, fallegur, nútímalegur og sparneytinn smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu og veglegum aukabúnaði. Það sakar svo ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu. KIA Picanto fimm dyra kostar aðeins 1.195.000 kr. Picanto er einnig fáanlegur sjálfskiptur, einn fárra smábíla. **Fæst einnig með** aflmikilli 75 hestafla og sérlega sparneytinni dísilvél.

*m.v. 100% bílasamning Sjóvá til 84 mánaða



KIA MOTORS



KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000



KJÖRKASSINN

Fagnaðir þú á Gay pride hátíðinni?

Já	23%
Nei	77%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að lengja kennaranám?

Segðu skoðun þína á visir.is



Rannsóknir á alnæmi:

Ný lyfjablanda skilar engu

HEILBRIGÐISMÁL Nýjar alnæmis-rannsóknir leiddu í ljós að lyfjablanda með fjórum HIV-lyfjum er engu betri en þriggja lyfja blanda sem er algengasta meðferð við sjúkdómnum. Þrátt fyrir að rannsóknirnar auki ekki batavonir hafa niðurstöðurnar vakið ánægju bæði talsmanna sjúklinga og heilbrigðisstofnana, en kostnaður við að bæta fjórða lyfinu í lyfjablöndu alnæmis-sjúklinga myndi hækka kostnað við lyfjagjöfina umtalsvert.

Rannsóknin sýndi að blanda fjögurra lyfja, þar sem lyfinu Abacavir var bætt við, var ekki betri en blanda þriggja lyfja við að minnka magn veirunnar í blóði sjúklinga og jók ekki fjölda CD4-fruma sem berjast við sýkingar. „Þetta staðfestir styrkleika meðferðarinnar sem tíðkast í dag,“ sagði dr. Dan Kuritzkes, einn aðstandanna rannsóknarinnar. Fjallað verður um rannsóknina í Journal of the American Medical Association sem út kemur á miðvikudag.

- rsg

Fyrirtækið Sóleyjabyggð:

Semja á ný við erlent starfsfólk

LAUNAMÁL Byggingafyrirtækið Sóleyjabyggð ehf. hefur rift samningi sínum við erlendar starfsmanna-leigur sakir þess að þær fóru ekki að íslenskum lögum og kjarasamningum við afgreiðslu launa til tveggja litháískra starfsmanna sem unnu fyrir Sóleyjabyggð. Fyrirtækið hefur gert nýja launasamninga við erlenda starfsmenn fyrirtækisins.

Sóleyjabyggð greiddi starfsmannaleigunum 290 þúsund krónur á mánuði vegna hvors starfsmannsins, en leigurnar gáfu einungis upp tuttugu þúsund á mánuði á hvern starfsmann, en skráðu aðrar greiðslur sem dagpeninga. Félagsdómur úrskurðaði að Sóleyjabyggð yrði ekki sektuð vegna málsins.

-sgj

Sæti nýrrar stúku á Laugardalsvelli verða tilbúin fyrir leikinn gegn Spánverjum:

Nýja stúkan verður vígð á morgun

FRAMKVÆMDIR Ný stúka á Laugardalsvelli verður vígð á morgun á leik karlalandsliða Íslendinga og Spánverja í knattspyrnu.

Framkvæmdir hafa staðið yfir við völinn þorra ársins en á morgun verður setið í nýrri stúku í fyrsta sinn. Eggert Magnússon, formaður KSÍ, segir unnið að því hörðum höndum að gera sætin tilbúin fyrir leikinn á morgun. „Við vissum alltaf að framkvæmdir myndi ekki klárast fyrr en í lok þessa árs. Það sem við stefndum að var að hafa sætin tilbúin fyrir þennan Spánarleik og það er verið að berjast í því núna að klára það.“ Eggert segir að líklega verði lokið

við að gera sætin tilbúin í kvöld.

Framkvæmdir felur í sér að gamla stúkan hefur verið stækkuð til norðurs og suðurs og sætum á völinum þannig fjölgað í tíu þúsund, auk þess sem verið er að reisa fræðslumiðstöð vestan gömlu stúkunnar. „Við vonumst til að stúkan verði alveg tilbúin fyrir leik við Danmörku í Evrópukeppninni 6. september, sem er fyrsti leikur í alvöru keppni með þessari nýju stúku,“ segir Eggert. Miðasala á leikinn gegn Spánverjum gengur vel og í gær voru minna en þúsund miðar óseldir í sæti, af um tíu þúsundum, auk þess sem boðið er upp á miða í stæði.

- sh



SÆTIN FEST Með nýju stúkuni fjölga sætum á völinum í tíu þúsund. Búist er við að stúkan verði endanlega tilbúin í byrjun september.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Segir bankana okra á viðskiptavinum

Neytendasamtökin fá reglulega kvartanir vegna yfirdráttargjalda bankanna.

Formaður samtakanna kallar gjöldin hreint okur. Engar reglur gilda um hversu mikið bankar mega rukka þá sem fara umfram heimild á debetreikningi.

FJÁRMÁL Neytendasamtökunum berast reglulega kvartanir vegna yfirdráttargjalda banka á Íslandi. Gjöldin, sem nefnast FIT-gjöld, leggjast ofan á debetkortafærslu ef ekki var innistæða fyrir henni.

Fari eigandi reiknings eina til fimm þúsund krónur umfram heimild á debet-reikningi sínum þarf hann að borga 750 krónur í refsigjald.

Kostnaðurinn fer hækkandi eftir því sem fjárhæðin umfram heimild hækkar en gjaldskrár bankanna eru nánast eins hvað varðar FIT-gjöld.

„Bankarnir hafa komist upp með þetta en þetta er ekkert annað en okur,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. „Oft á tíðum er verið að fara óverulega fram yfir, neytendum er gert að borga vexti og svo kemur þetta refsigjald sem er gjörsamlega út úr öllu korti að okkar mati. Mér finnst afskaplega léttvægt þegar maður fær svör í þá veru að þetta sé til að kenna neytendum að haga sér betur. Ég held að það geri þetta enginn að gamni sínu.“

Hann segir Neytendasamtökin hafa fengið fleiri kvartanir um þetta áður en nú. „Etlí almenningur sé ekki farinn að líta á þetta sem eitthvað hundsbit sem hann verður að sætta sig við.“

„Þetta er refsigjald fyrir það að draga reikninga án heimildar, sem er í sjálfu sér flokkað eins og



AFGREIÐSLA Fari viðskiptavinur eina til fimm þúsund krónur umfram heimild á debetkorti borgar hann 750 krónur í refsigjald. Formaður Neytendasamtakanna segir gjaldið algjörlega út úr öllu korti.

fjárdráttur. Þetta er sama aðgerðin og að draga sér fé sem maður á ekki. Því eru þessi viðurlög sett hjá bankanum,“ segir Einar Georgsson hjá viðskiptabanka-sviði KB banka.

Engar reglur gilda um gjaldskrár bankanna varðandi þessi gjöld, aðrar en þær sem þeir setja sjálfir. Einnig gefa bankarnir ekki upp heildartekjur þeirra vegna FIT-gjalda.

Fulltrúar frá Fjármálaeftirlitinu og Neytendastofu segja hvoruga stofnunina hafa kannað þessi

gjöld sérstaklega en berist kvartanir séu þær teknar til greina.

Breskir bankar hafa verið í þarlendum fréttum undanfarið vegna ásakana um ólögleg yfirdráttargjöld. Samkvæmt blaðinu The Sunday Times hafa fjölmargir krafist þess að bankarnir endurgreiði þeim þau yfirdráttargjöld sem þeir hafi greitt undanfarin ár. Forsvarsmenn banka hafi brugðið á það ráð að semja við einstaklinga í stað þess að láta reyna á málið fyrir rétti.

salvar@frettabladid.is



JÓHANNES GUNNARSSON



SAOMAI Öldruð kona í bænum Tuoxi í Suðaustur-Kína horfir af húsi sínu.

Fellibylurinn Saomai:

Dánartala hækkar

PEKING, AP Dánartala þeirra sem létust eftir að fellibylurinn Saomai skall á Kína á fimmtudag hækkaði á sunnudag upp í 134 og er 163 saknað. Sum fórnarlambanna létust þegar skýli sem þau höfðu leitast í hrundu.

Strandborgin Wenzhou varð verst úti í fellibylnum þar sem að minnsta kosti 81 létst. Fimmtíu þúsund hús eyðilögðust og þúsund fiskibátar sukku í óveðrinu. Hafa hjálparstarfsmenn dreift hjálpargögnum til þúsunda fólks í strand-svæðunum Zhejiang og Fujian. Fellibylurinn Saomai er öflugasti bylur sem skolið hefur á Kína í meira en fimm áratugi.

- rsg

Umferðarstofa:

Efld fræðsla í grunnskólum

UMFERÐ Undirritaður hefur verið samningur milli Umferðarstofu og fjögurra grunnskóla um eflingu umferðarfræðslu í grunnskólum landsins.

Grundskóli á Akranesi mun stýra verkefninu en einn skóli úr hverjum landsfjórðungi mun síðan sjá um að miðla upplýsingum til annarra skóla á sínu svæði. Náð samstarf verður á milli skólanna fjögurra um gerð fræðsluefnis og skipulagningu verkefnisins. Með þessari samvinnu er stefnt að því að efla til muna umferðarfræðslu til ungmenna.

- öhó

Meirihluti borgarráðs vill skipta menntaráði í tvennt og stofna sérstakt leikskólaráð:

Undirskriftasöfnun hafin

STJÓRNSÝSLA Undirskriftasöfnun hefur verið hruðið af stað að frumkvæði starfsfólks leikskóla gegn ákvörðun meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur um að kljúfa menntaráð í tvennt og stofna sérstakt leikskólaráð.

Stjórn fyrstu deildar Félagsleikskólakennara stendur að baki undirskriftasöfnuninni. Sigríður Marteinsdóttir, formaður deildarinnar, segir ekki hafa nein ar tölur um fjölda undirskrifta enn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í menntaráði vilja að áformum um klofningu menntaráðs verði frestað um að minnsta kosti ár svo hægt sé að fá frekari reynslu á þá



LEIKSKÓLI Opinn fundur verður haldinn í Ráðhúsinu á þriðjudag þar sem fulltrúar flokkaanna sitja fyrir svörum varðandi fyrirhugaða klofningu menntaráðs.

nýju skipan sem sameinað menntaráð borgarinnar er, að sögn Stefáns Jóns Hafstein, borgarfulltrúa Samfylkingar.

„Tillaga þess efnis var lögð fram á fundi í júní og var þá frestað af meirihlutanum. Síðan hefur hún ekkert verið rædd,“ segir Stefán. „Málið kemur til ann-

- sdg / sfs

BÍLL DAGSINS

OPEL ASTRA ENJOY TURBO

Nýskr. 05.05 - beinskiptur - Ekinn 17. þús. - Allt að 100% lán.



Verð
2.080.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.



**ÉG NENNI AD
PÆLA Í ÞESSU AF
ÞVÍ AD ÉG NENNI
AD EIGA PENINGA**

**SPRON
NÁMSMENN**

Þegar þú gerist félagi í SPRON
NÁMSMENN átt þú möguleika á eftirfarandi:

- FRÍU DEBETKORTI
- 150 FRÍUM DEBETKORTAFÆRSLUM Á ÁRI
- BÓKAÁVÍSUN SPRON (GILDIR Í GRIFFLI)
- DESEMBERUPPBÓT
- NÁMS- OG BÓKASTYRKJUM
- TÖLVUKAUPALÁNI*
- NÁMSLOKALÁNI*
- EGO-KREDITKORTI MEÐ 5.000 KR.
FERÐAÁVÍSUN OG 2.000 KR.
BENSÍNENDURGREIÐSLU**
- OG MÖRGU FLEIRU...

ALLIR SEM SKRÁ SIG Í
SPRON NÁMSMENN
FÁ FLOTTAN
FARTÖLVUBAKÞOKA
OG EINKAKLÚBBSKORT

ÞITT ER VALIÐ - KYNNTU ÞÉR MÁLIN Á SPRON.IS

 **spron**
NÁMSMENN

*SAMKVÆMT ÚTLAÐAREGLUM SPRON **GILDIR TIL 17. SEPTEMBER - BENSÍNENDURGREIÐSLAN VERÐUR 2. OKTOBER



VEISTU SVARIÐ

- 1 Af hvaða tegund eru hinar nýju flugvélar Flugfélags Íslands?
- 2 Hvað bíða margir eftir að komast í hjartaþræðingu hjá Landspítalanum?
- 3 Hvaða markvörð hefur enska liðið Manchester City keypt?

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Hagfræðingur segir minni tekjudreifingu ekki endilega merki um gallað skattkerfi:

Gini-stuðull vandmeðfarinn

EFNAHAGUR Sú staðreynd að tekjudreifing er að minnka er ekki endilega merki um það að pottur sé brotinn í skattkerfi landsins, segir Sveinn Agnarsson, hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun.

Hann segir svokallaðan Gini-stuðul, sem notaður er til að bera saman ójöfnuð í tekjum, vandmeðfarinn. „Í sumum tilfellum getur skattkerfið verið byggt upp þannig að það eigi að hafa mikil áhrif á tekjudreifingu en tekjumismunurinn samkvæmt Gini-stuðlinum getur samt verið að aukast,“ segir Sveinn.

Hann segir það staðreynd að jaðarskattur á tekjuhæstu ein-

staklinga landsins hafi hækkað undanfarið ár með afnámi hátekjuskattsins og lækkun skatthlutfalls. „Það er hins vegar ekki svo að eina ástæðan fyrir því að tekjustuðlarnir eru að mæla aukinn ójöfnuð sé að skattkerfið hafi verið að breytast, heldur ekki síður hitt að tekjur manna hafa verið að vaxa svona gríðarlega.“

Sveinn segir að í hinu alþjóðlega umhverfi sé orðið erfitt fyrir ríki að hafa skattheimtu á hreyfanlega skattstofna ólíka því sem gerist annars staðar. Þetta eigi til dæmis við um fjármagnstekjuskatt. Þá skapist sú hætta að skattgreiðendur færi sig til.



SVEINN AGNARSSON Sveinn segir að ríki vari sig á því að hafa skattheimtu af fjármagnstekjum ólíka því sem gerist annars staðar.

Hringsund um Reykjavík:

Hætti sundinu vegna myrkurs

SUND Listamaðurinn og sundkappinn Benedikt Lafleur þurfti að hætta sundi í öðrum áfanga hringsunds síns um Reykjavík í gær. Að sögn hans var myrkur og skyggni farið að hamla för hans og björgunarsveitarmenn gátu ekki tryggt öryggi hans lengur.

Benedikt heldur til Englands til æfinga á þriðjudaginn fyrir þrek-sund þvert yfir Ermarsundið. „Sundi tvö í gær veittu mér ómetanlega reynslu og í raun nýja þekkingu sem mun reynast mér dýrmæt í Ermarsundinu. Eg fer því reynslunni ríkari og mun sátari en áður út í slaginn við Ermarsundið,“ segir hann.



VARÐSKIPIÐ VÆDDEREN Hélt fyrir helgi af stað í vísindafærð umhverfis jörðina.

Galathea-3-leiðangurinn:

Vædderen lagður af stað

DANMÖRK Danska varðskipið Vædderen, sem breytt hefur verið í vísindaleiðangursskip, lagði fyrir helgi upp frá Kaupmannahöfn í hnattsiglingarleiðangurinn Galathea 3.

Í stað þess að sigla beinustu leið til Þórshafnar í Færeyjum, sem átti að verða fyrsti leggur ferðarinnar, kemur skipið við í slipp í Karlskrona í Suður-Svíþjóð, þar sem við prófanir í vikunni kom í ljós að endurnýja þyrfti pakkingu á einu skrifudrifskafti skipsins. Frá þessu var greint á fréttavef Politiken.

Þótt Vædderen hafi oft haft viðkomu í Reykjavíkurbornum á liðnum árum siglir það hjá garði að þessu sinni, fer beina leið frá Færeyjum að Grænlandsströndum. Leiðangurinn á að ljúka í apríl í vor.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Á lyfjum í árekstri Tveir fólkubílar lentu í árekstri á Bústaðavegi í fyrirkvöld. Ökumaður annars bílsins er grunaður um að hafa ekið undir áhrifum einhvers konar lyfja. Bílstjórnarnir voru báðir einir á ferð og þurfti annar þeirra að leita á slysaðeild vegna eymsla.

DÓMSMÁL

Seldi hass Mál manns á þrítugsaldri var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Hann var ákærður fyrir að hafa keypt 15 grömm af hassi og selt átta þeirra fyrir um sjö þúsund krónur. Hann er einnig ákærður fyrir vörslu á téðu hassi.

Rektor segir löngu tíma- bært að lengja kennaranám

Ólafur Proppé, rektor KHÍ, segir löngu tímabært að lengja kennaranámið og segir skýrslu OECD draga fram mikilvægi menntamála. Meirihluti nemenda við KHÍ hefur hug á því að taka meistaraþráðu við skólann að ári.

MENNTAMÁL Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, segir löngu tímabært að lengja nám grunn- og leikskólakennara til samræmis við það sem gengur og gerist í Evrópu. Þar er lengd kennaranáms grunnskólakennara fjögur til fimm ár í stað þriggja hér.

„Umræðan um lengingu kennaranáms er ekki ný af nálinni og árið 1988 voru samþykkt lög á Alþingi um lengingu námsins. Í kjölfarið var hafin undirbúningur að nýrri kennsluskra en nokkrum árum síðar var lenging námsins numin úr lögum.“

Ólafur segir ljóst að staða og virðing kennara haldist í hendur við menntun þeirra. Ólafur er ánægður með nýútkomna skýrslu OECD og segir hana draga fram mikilvægi menntamála. „Með skýrslunni er verið að hvetja okkur til að gera enn betur og hún styður ekki aðeins mikilvægi háskólamenntunar heldur einnig annarra skólastiga. Við sem vinnum að menntamálu vitum að það er ekki aðalatriðið að fjölga kennurum heldur að auka gæði þeirra.“ En í kjölfar útkomu skýrslunnar benti menntamálaráðuneytið á að fjöldi nemenda á hvern kennara hafi lækkað frá árinu 1998.

Frá haustinu 2007 verður boðið upp á fimm ára kennaranám til meistaraþráðu við KHÍ og í könnun sem gerð var meðal nemenda töldu sextíu prósent þeirra líklegt



SKÓLASTARF Í HRAFNAGILSSKÓLA Tímabært er að lengja nám grunn- og leikskólakennara hérlendis til samræmis við það sem gengur og gerist í Evrópu.

eða mjög líklegt að þeir myndu halda áfram í meistaranám.

Ólafur segir að í kjölfar lengingar kennaranáms í Finnlandi hafi árangur nemenda batnað og sýna samanburðarrannsóknir nú að árangur þeirra í ýmsum námsgreinum, eins og stærðfræði og náttúrufræði, er framúrskarandi. Árangur íslenskra nemenda hefur

hins vegar verið í meðallagi.

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, telur líklegt að lenging náms grunnskólakennara skili sér í hærri launum. Þessu til stuðnings nefnir hann menntun og launakjör menntaskólakennara, sem hafa lengra nám að baki og hærri laun en grunnskólakennarar.

Eiríkur segir einsetningu skólanna skýringu þess að nemendum á hvern kennara fækkaði á árabílinu 1998 til 2005. „Fyrir þann tíma kenndi sami kennarinn jafnvel tveimur bekkjardeildum, sem þýddi að hver kennari skilaði meiri kennslu en nú og því reiknuðust fleiri nemendur á hvern kennara.“

hugrun@frettabladid.is

Félag íslenskra flugumferðarstjóra sendir flugmálastjóra bréf:

Krefjast svara um flugöryggi

FLUGÖRYGGI Félag íslenskra flugumferðarstjóra spyr flugmálastjóra hvort flugumferðarstjóri sem telji sig tímabundið óhæfan til að sinna starfi sínu eigi samt að mæta til vinnu frekar en að tilkynna forföll. Þessi spurning kemur fram í bréfi sem félagið hefur sent Þorsteini Pálssyni flugmálastjóra.

Einnig er Þorsteinn spurður að því hvort hann telji það ásættanlegt og jafnvel æskileg vinnubrögð að stjórnendur íslenskra flugfélaga færu að fordæmi Flugmálastjórna og þvinguðu flugmenn sína veika til að fljúga með farþega. Þar sé vísað til þess þegar veikir flugumferðarstjóri var látinn vinna við flugumferðarstjórn hinn 31. júlí síðastliðinn.

Farið er fram á að flugmálastjóri lýsi því yfir að flugumferðar-



FLUGUMFERÐASTJÓRAR Félag íslenskra flugumferðarstjóra fer fram á að flugmálastjóri lýsi því yfir að flugumferðarstjóri verði ekki aftur látinn mæta til vinnu telji hann sig óhæfan til að starfa vegna veikinda.

stjóri verði ekki aftur látinn mæta til vinnu telji hann sig óhæfan til að starfa vegna veikinda. Undir bréfið skrifa Loftur Jóhannsson, formaður félagsins, og Stefán B. Mikaelsson ritari.

„Ég hef fengið þetta bréf og er að undirbúa svar mitt við því,“ segir Þorsteinn. „Það verður sent Félagi flugumferðarstjóra á næstu dögum.“ Hann vildi ekki segja á hvaða veg svar hans yrði.

-sps

**-NÝJUNG-
LATABÆJARMARAÞON
FYRIR YNGSTU BÖRNIN, 1,5 KM**

REYKJAVÍKUR
MARAÞON
GLITNIS
19. ÁGÚST



Skráning og
nánari upplýsingar
á marathon.is.

ICELANDAIR

GLITNIR

FRÉTTABLAÐIÐ

Reykjavíkurborg

marathon.is

DR

Starfsmannafélagið

FABRIK

asics

SUZUKI

POWERADE

Marel smíð

SÓFADAGAR

ÚTSALA!

30% - 60% afsláttur
af öllum húsgögnum





OKTÓBERHÁTÍÐ UNDIRBÚIN Þó enn sé hásumar í Þýskalandi er farið að undirbúa Októberhátíð á bjórkrám þar í landi. Þessir verkamenn voru að störfum í München fyrir vikunni, en bjórhátíðin fræga hefst þar í borg laugardaginn 16. september.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vefrit fjármálaráðuneytisins sýnir hækkun skatttekna ríkisins á tekjur og hagnað:

Skatttekjur ríkisins þriðjungi hærrí

FJÁRMÁL Framteljendur og fyrirtæki landsins fengu hærrí tekjur og högnuðust meira á fyrri árs-helmingi 2006 en á sama tímabili í fyrri. Skatttekjur ríkissjóðs af tekjum og hagnaði þeirra voru þar af leiðandi þriðjungi hærrí. Þetta gerist þrátt fyrir að tekjuskatt-sprósenta á einstaklinga hafi lækkað um seinustu áramót. Almennt verðlag hækkadi um 5,7 prósent frá því í fyrri.

Tekjuskattur á fyrirtæki og aðra lögaðila tæplega tvöfaldaðist miðað við fyrri árs-helming 2005 og voru tekjur ríkissjóðs vegna tekjuskatts á fyrirtæki því rúmlega níu og hálfur milljarður.

Vegna sölu Landssímans á sama tímabili í fyrri dróguðst aðrar rekstrartekjur ríkisins saman um 41 prósent frá ári til árs.

Athygli vekur að eignarskattur var um fimm og hálfur milljarður á fyrri hluta ársins. Að sögn fjármálaráðuneytisins er það vegna þess að stimpilgjöld flokkast undir þennan flokk og auk þeirra voru einn og hálfur milljarður eignarskatta fyrri ára innheimtir á þessu ári.

EINKAVÆÐINGANEFND KYNNIR SÖLU
Vegna sölu Landssímans dróguðst rekstrartekjur ríkisins saman.



Forseti Venesúela um Ísrael: Vill slíta stjórn-málasambandi

VENESÚELA, AP Hugo Chavez, forseti Venesúela, hótar að slíta stjórn-málasambandi Venesúela við Ísraelsríki vegna innrásarinnar í Líbanon.

Chavez kallaði einnig heim stjórnarindreka sinn í Ísrael og fordæmdi hernað Ísraels í Líbanon sem „þjóðarmorð“ og líkti við helför gyðinga.

„Ég hef engan áhuga á að viðhalda hvorki stjórn-málasambandi né viðskiptum eða nokkru öðru við ríki eins og Ísrael,“ sagði forsetinn og tók fram að hann hefði hingað til verið vinveittur Ísrael á alþjóðavettvangi.

- kóp



GRÆNLANDSÍS Bráðnunin er sögð mest á austurströndinni.

Bráðnun Grænlandsjökuls: Bráðnar hraðar en talið var

GRÆNLAND Ísinn á Grænlandi bráðnar enn hraðar en áður hafði verið talið. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsókna sem bandarískir vísindamenn hafa gert á grundvelli gerfihnattaljósmýnda frá bandarísku geimferðastofnuninni, NASA, og birtar eru í nýjasta heftir vísindatímaritsins Science.

Í rannsókninni eru breytingar á ísnum frá mánuði til mánaðar greindar á grundvelli gerfihnattamynda frá tímabilinu apríl 2002 til nóvember 2005. Niðurstöðurnar benda til að um 239 rúmkílómetrar íss bráðni að jafnaði á ári hverju af Grænlandsjökli. Bráðnunin er mest á austurströndinni.

- aa

95 þúsund passar týndir:

Norsk vegabréf á vergangi

NOREGUR Norðmenn hafa týnt 95 þúsund vegabréfum síðan Noregur hóf þátttöku í Schengen-samstarfinu, kom fram á fréttasíðu norska blaðsins Aftenposten á fimmtudag.

Veldur þetta yfirvöldum áhyggjum, því norsk vegabréf eru afar vinsæl meðal undirheimafólks þar sem auðvelt er fyrir Norðmenn að útvega sér áritanir til hinna ýmsu landa, að sögn Tormod Ødegård hjá norsku lög-reglunni.

Einkum eru Norðmenn sem leigja vegabréf sín út til fólks-smyglara til vandræða, því gómi yfirvöld fólk með slík vegabréf, þá segjast réttir eigendur þeirra einfaldlega hafa tapað skilríkjunum.

- smk



VERKAMENN AÐ STÖRFUM Magnús Norðdahl, lögfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, segir að í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu sé ekkert sagt um innheimtu stéttarfélagsgjalda af launum starfsmanna sem ekki séu meðlimir í stéttarfélagum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Segir ákvæði í kjarasamningum vera lögmæt

Magnús Norðdahl, lögfræðingur hjá ASÍ, tekur ekki undir álit Elínar Blöndal lögfræðings um að forgangs-réttarákvæði í kjarasamningum á Íslandi kunni að brjóta í bága við Mannréttindasáttmála Evrópu.

KJARASAMNINGAR Elín skrifaði grein þess efnis sem birtist í Tímari-ri lögfræðinga í júlí. Mannréttindadómstóll Evrópu tók fyrir mál Dana í janúar 2006 og komst að þeirri niðurstöðu að ákvæði í kjarasamningum, sem skylda starfsmenn til að vera í tilteknum stéttarfélagum, sem Elín kallar aðildarskylduákvæði, brytu gegn rétti starfsmanna til félagafrelsis. Elín telur að dómurinn hafi áhrif á forgangs-réttarákvæði sem algeng eru í íslenskum kjarasamningum en þau kveða á um að félagsmenn viðkomandi stéttarfélags hafi for-gang til vinnu á félagssvæði þess.

„Ég er hreint ekki sammála henni og tel að þetta sé fyrst og



MAGNÚS NORÐDAHL

fremst hugar-leikfimi og vangaveltur hennar. Kjarninn í málinu er sá að hvorugur þessara dóma fjallar um for-gangsákvæði, heldur útilokunar-

ákvæði, og það er ekki hægt að horfa framhjá þeirri staðreynd,“ segir Magnús Norðdahl. „Í útilokunarákvæðum, sem Elín kallar aðildarskylduákvæði ranglega, lofar atvinnurekandi að ráða engan í vinnu nema að hann sé í viðkomandi stéttarfélagi. Dómur-



ELÍN BLÖNDAL

inn gekk svona langt vegna þess að mennirnir sem kærðu misstu starfið vegna ákvæðis-ins. Ákvæði um forgangs-réttarákvæðið eru allt annars eðlis. Á Íslandi mæla þau fyrir um að félagsmenn í viðkomandi stéttarfélagi skulu hafa forgang um starf ef að þeir eru jafnhæfir og aðrir. Auk þess geta fleiri en eitt og fleiri en tvö stéttarfélag verið með forgangs-rétt í samningum, svo því er í raun sjaldan beitt,“ segir Magnús.

Magnús segir einnig að dómurinn hafi ekkert að segja um innheimtu stéttarfélagsgjalda af launum starfsmanna, sem ekki eru meðlimir í stéttarfélagum. „Verkalýðsfélagum er falið mjög mikilvægt hlutverk fyrir alla, hvort sem þeir eru í félaginu eða ekki. Þeir sem borga hluta launanna í stéttarfélag njóta sömu verndar sem kjaratryggingar fjalla um. Þú ræður því hvort að þú ert félagsmaður en þú ræður því ekki hvort þú borgar þessi gjöld, frekar en að þú getur ákveðið að borga ekki skatt til almannatrygginga af því að þú ert aldrei veikur,“ segir Magnús.

rosag@frettabladid.is

Adnan Hajj falsaði ljósmynd af loftárásum Ísraels á Beirút:

Ljósmyndari rekinn frá Reuters

BANDARÍKIN, AP Reuters-fréttastofan hefur slitið öll tengsl við ljós-myndarann Adnan Hajj í Beirút, sem varð uppvís að því að breyta tveimur ljósmyndum frá átökum í Líbanon. Reuters hefur eytt öllum 920 myndum ljósmyndarans úr gagnagrunni sínum.

Ljósmyndin sem kom upp um Hajj var af afleiðingum loftárásar Ísraelshers á úthverfi í Beirút. Hajj hafði notað myndvinnslufor-rit til að láta líta út fyrir að meiri og dekkri reykur stigi upp frá byggingunum. Hajj hefur einnig unnið fyrir AP-fréttastofuna, þar sem nú eru skoðaðar allar myndir hans og leitað að fölsunum.

- sj



MIKILL MUNUR Á MYNDUNUM Til vinstri má sjá fölsuðu myndina, en til hægri má sjá myndina áður en átt var við hana.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrirverandi CIA-maður:

Varð sótreiður við fangann

BANDARÍKIN, AP Réttarhöld standa ný yfir í máli bandaríska leyniþjónustumannsins David Passaro, sem sakaður er um að hafa barið afganski fanga til dauða. Hermaður sem var með honum í klefanum þegar atvikið átti sér stað lýsti því í réttarsal að Passaro hefði orðið bálreiður við fangann.

„Það var ljóst að fanginn yrði enginn brunnur upplýsinga,“ sagði hermaðurinn í vitnastúkunni, en markmiðið með yfirheyrslu fangans var að afla upplýsinga um sprengjuvörpuárás á herbúðir Bandaríkjahers í Afganistan.

Passaro gæti hlotið 40 ára fangelsisvist, verði hann sakfelldur. - sgi

Sýning í Berlín um brottflæmingu Þjóðverja frá A-Evrópu eftir stríð:

Póllandsstjórn lýsir yfir áhyggjum

PÓLLAND-ÞÝSKALAND, AP Jaroslaw Kaczynski, forsætisráðherra Póllands, lét svo um mælt á fimmtudag að sýning sem opnuð var í Berlín í síðustu viku um brottflæmingu Þjóðverja frá Austur-Evrópu eftir síðari heimsstyrjöld væri „mjög vond, mjög sorgleg“ og hún ylli sér hugarangri.

Að sýningunni „Þvingaðar leiðir“ stendur Samband brottflæmdra (Bund der Vertriebenen) í Þýskalandi, en það eru hagsmunasamtök Þjóðverja sem flæmdir voru á brott frá heimkynnum sínum í fyrirverandi austurhéruðum Þýskalands og fleiri svæðum í Austur-Evrópu, í kjölfar ósigurs Þýska-

lands nasista í heimsstyrjöldinni síðari. Stærsti hópur brottflæmdra Þjóðverja bjó fyrir stríð í héruðum sem nú eru hluti af Póllandi, en landamæri þess voru færð alllangt til vesturs eftir stríðið, samkvæmt ákvörðun sigurveldanna.

Pólskir ráðamenn eru ósáttir við sýninguna, þar sem þeir telja hana bjóða þeirri hættu heim að fjallað sé á of einhliða hátt um þjáningar Þjóðverja af völdum stríðsins. Aðstandendur sýningarinnar segja slíkar áhyggjur ástæðulausar og vonast til að hún verði hluti af varanlegu safni um þvingaða þjóðflutninga fyrir og síðar.



MÓTMÆLI Þýskir vinstriróttæklingar mótmæla sýningunni í Berlín.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



STILLANSAR Þjóðleikhússtjóri segir húsið verða hlýtt og bjart að innan þegar nýtt leikar hefjist í haust. Þó verði það heldur hráslagalegt að utan.

Endurbætur á Þjóðleikhúsinu:

Annar áfangi í fullum gangi

LEIKHÚS Endurbætur á Þjóðleikhúsinu að utanverðu eru í fullum gangi. Að sögn Tinnu Gunnlaugsdóttur þjóðleikhússtjóra er stefnt að því að utanhússviðgerðum ljúki næsta sumar og haust.

„Þetta er einn af þremur áföngum í viðgerðum á Þjóðleikhúsinu. Fyrsta áfanganum, endurbótum á áhorfendavæðinu, er lokið. Annar áfanginn eru þessar utanhússviðgerðir en þriðji áfanginn er endurnýjun á tækjabúnaði fyrir aftan tjald og viðbygging til austurs.“

Hún segir leikárið hefjast 28. ágúst og þá verði hlýtt og bjart í húsinu þótt það væri helst til hráslagalegt að utan.

- sfs



VERKEFNINU FAGNAÐ Árni Johnsen, Inge Halstensen, formaður norskra útvegsbænda, Grímur Karlsson og Frank Reite, bankastjóri Glitnis í Noregi.

100 ára gömul síldveiðiskip:

Módel Gríms sýnd í Noregi

MENNING Ákveðið hefur verið að sýna skipamódel Gríms Karlssonar, skipstjóra og módelismiðar frá Reykjanesbæ, af hundrað ára gömlum norskum síldveiðiskipum víðs vegar um Noreg. Verkefnið er fjármagnað af Glitni og ýmsum aðilum í Noregi.

„Norðmenn eiga engin módel af skipum frá upphafi úthafssiglinga þeirra um 1880,“ segir Árni Johnsen, sem aðstoðaði við að koma sýningunni á fót. „Þessi skip komu síldarævintýrinu við Ísland af stað. Norðmenn voru yfir sig hrifnir af því að til væru módel af skipum frá þessu tímabili og með þessu kynna Íslendingar þennan hluta af atvinnusögu sinni og Norðmanna.“

- sgi

DÓMSMÁL

Skilorð fyrir dópvröslu Hálfþrítugur maður hefur verið dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir vörslu á 300 grömmum af kannabísefnum. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir helgi og þar sem játning lá fyrir var málinu lokið með dómi.

EKKI BORGA MEIRA!



	SJÓVÁ	SJÓVÁ-STRAX	VÍS	VÖRÐUR ÍSLANDSTRYGGING	TM	elísabet	
Skyldutrygging m/framrúðutryggingu	75.248	70.386	74.777	70.057	73.968	51.240	47.748*
Skyldutrygging+Kaskó um 50 þ. kr. sjálfsábyrgð	108.633	95.597	90.583	96.591	89.473	71.820	

Upplýsingar um verð fengust af vefsíðum fyrirtækjanna og með tölvupósti frá þjónustufulltrúum þeirra þann 11.8. 2006.
*Ódýrasta skyldutryggingin án kaskótryggingar 47.748 kr. á ári.

Rúmlega 36 þúsund króna verðmunur!


Gömlu tryggingafélögin eru alltaf að kvarta yfir því

að viðskiptavinir þeirra borgi of lítið fyrir bílatryggingar.

Hjá Elísabetu borgar fólk minna

en samt er Elísabet hamingjusöm.

Á elisabet.is getur þú reiknað dæmið þitt.



BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.

„ORÐRÉTT“

Flytja út mannréttindi

„Útlendingar höfðu orð á því að ef við hefðum eitthvað til þess að flytja út þá væru það mannréttindi.“

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður Samtakanna '78, segir mannréttindabaráttu samkynhneigðra hér á landi standa mjög framarlega í heiminum. Fréttablaðið, 13. ágúst.

Ekki í framboði

„Ég er stjórnmálamaður sem hefur verið meira í eftirspurn heldur en framboði.“

Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðgjafi skaut nokkuð óvænt upp á sjónarsvið stjórnmálanna í júní þegar hann tók sæti í ríkisstjórninni. Fréttablaðið, 13. ágúst.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? EINAR ÖRN THORLACIUS, VERÐANDI SVEITARSTJÓRI HVALFJARÐARSVEITAR

Trúlofuðust á veitingastað í París

„Bara allt gott. Ég er staddur á Reykhólum þessa stundina og er að ganga frá mínum málum hérna, ég er svona á milli víta,“ segir Einar Örn Thorlacius, fráfarandi sveitarstjóri Reykhólahrepps og verðandi sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar. „Ég er að skipta um starf og búsetu og það er meira en að segja það, en að sama skapi mjög spennandi og skemmtilegt.“

Eftir að Einari Erni var tilkynnt um að hann hreppi stöðu sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar fór hann í vikufri til Parísar, en þar dró heldur betur til tíðinda. „Ég fór ásamt unnustu minni til Parísar í síðustu viku og þar settum við upp hringana, en ég bað hennar á rómantískum veitingastað í París,“ segir hinn stolti verðandi sveitarstjóri. Skötuhrjúin eru þessa dagana að velta fyrir sér hvaða kirkju þau eigi að velja fyrir athöfnina. „Konan mín er ættuð héðan úr



sveitinni, við erum að velta fyrir okkur hvaða kirkju við eigum að velja hér í sveitinni til að ganga í það heilaga. Það verður annað hvort í

Reykhólum eða Gufudal, en þaðan er konan mín ættuð. Hér er nóg af kirkjum,“ segir brúðguminn verðandi.

Einar Örn kveðst fullur tilhlökkunar yfir nýja starfinu. Nýlega var gengið frá því hvar hann kemur til með að búa og var glæsilegur herra-garður, Svarfhóll í Svínadal, fyrir valinu fyrir nýja sveitarstjórnann. Í gær skoðaði sveitarstjóri hana nýju sveit sína. „Þetta er miklu fallegri sveit en margur gerir sér grein fyrir. Ég leit við í sundlaug og leikskóla sveitarinnar á ferð minni og sundlaugavörðurinn vildi fá nýja búningaklefa og leikskólalastjórninn vildi fá stækkan. Þetta sýnir bara að hér er vaxandi sveitarfélag og mörg ærin verkefni, þetta er draumastarf,“ segir Einar Örn. „Ég held að Hvalfjörðurinn eigi eftir að koma sterkur inn í framtíðinni, hann er í nágrenni höfuðborgarinnar og sveitin öll liggur vel við.“

nær og fjær
tilveranSJÓNARHÓLL
SLAGUR Í FRAMSÓKN

GUÐRÚN MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

Farið í litagreiningu

„Mér list vel á Siv og Jóninu, þó ég sé ekki alltaf sammála þeim. Maður heyrir sífellt meiri feminíska takta í þeim,“ segir Guðrún Margrét Guðmundsdóttir mannréttindur.

„Annars hefur mér fundist Framsóknarflokkurinn eiga í innri baráttu um hvort hann eigi að vera flokkur bænda eða sigla inn í nútímann. Mér finnst birtast svo miklar mótsagnir í flokknum og maður fær á tilfinninguna að það sé ákveðið hugsjónaleysi í gangi. Það vantar skýra stefnu, þeir ættu að vinna í því, frekar en að elta almenningsálit. En þeir kunna að markaðssetja sig. Í kosningunum 2003 notaði hver einasti frambjóðandi þeirra hugtakið „stöðugleiki“ allavega tvisvar í hverri setningu, sem var drepfyndið. En það tókst svo vel, því maður heyrði að fólk ætlaði að kjósa þá útfrá því orði, sem var í raun merkingarlaust. Þeir virðast hafa stúderað kosningasálfræði mjög vel. Það mætti halda að frambjóðendur þeirra fari í litagreiningu og stíliseringu því þeir líta alltaf vel út.“

Skólinn sem dregur ekki í dilka

Um tutugu nemendur sækja alþjóðlegan skóla hér á landi þar sem kennsla fer að mestu fram á ensku. Berta Faber skólustýra og Elizabeth Nunberg aðstoðarskólustýra sögðu blaðamanni frá skólanum og hvernig alþjóðavæðingin hafði áhrif á lífshlaup þeirra.

Flestir hafa heyrt um Sjálandsskóla sem nú er að hefja sitt annað skólaár. Undir sama þaki starfar svo annar skóli sem færri vita af en það er Alþjóðaskólinn sem nú hefur sitt þriðja skólaár en það fyrsta í nýjum húsakynnum í Garðabæ.

„Kennslan fer að mestu fram á ensku en einnig er kennt á íslensku,“ segir Berta Faber skólustýra. „Nemendurnir eru á aldrinum 5 til 13 ára og koma víða að. Margir koma úr blönduðum fjölskyldum þar sem annað foreldrið er íslenskt. Einnig eru nokkrir þeirra börn starfsmanna við bandaríska sendiráðið en þessi skóli leysti af hólmi sérstakan skóla sem rekin var fyrir börn embættismanna og starfsmanna við sendiráðið hér á landi. Svo eru hér einnig börn tveggja útlenskra foreldra sem fara land úr landi vinnu sinnar vegna og því hentugra fyrir börnin að vera í alþjóðlegu skólaumhverfi þar sem þau koma ekki til með að búa lengi á Íslandi.“

Hefðbundin mörk sem lengi hafa skilið að börn úr mismunandi aldurshópum og af mismunandi þjóðernum eru mun losaralegri í Alþjóðaskólanum en gengur og



ELIZABETH NUNBERG OG BERTA FABER Þær stöllu takast allar á loft þegar skólafrið í Alþjóðaskólanum er til umræðu en skólinn er nú kominn undir sama þak og Sjálandsskóli í Garðabæ og nemendum fer ört fjölgandi.

gerist. „Við verðum með nokkra bekkir saman í stórri kennslustofu en færanleg skilrúm mynda svona flæðandi veggja á milli,“ segir Elizabeth Nunberg aðstoðarskólustýra. „Svo munu íslenskir nemendur úr Sjálandsskóla vera með nemendum Alþjóðaskólans í nokkrum kennslustundum svo ávinningurinn er beggja.“

Alþjóðaskólinn hóf starfsemi sína fyrir þremur árum og var þá í Víkurskóla í Grafarvog. Fyrsta árið voru nemendurnir einungis átta, árið eftir voru þeir tólf en þetta skólaárið verða þeir um tutugu.

Þær stöllu Berta og Elizabeth eru vel í stakk búnar til að fást við fjölbjóðlegan veruleika unga fólksins enda með nokkuð dýrmæta reynslu að baki. „Ég er fædd og uppalin í Sádi-Arabíu,“ segir Berta. „Þar bjó ég til 21 árs aldurs og kunnir vel við mig. Svo var ég í heimavistarskóla á Ítalíu þegar ég var 14 ára. Móðir mín er íslensk en faðir minn bandarískur. Ég kunnir afar vel við mig í Sádi-Arabíu en þar bjó ég í nokkuð alþjóðlegu umhverfi þar sem faðir minn vann fyrir stórt alþjóðlegt fyrirtæki sem hlúði vel að sínu fólki. Ég fór til að mynda í alþjóðlegan skóla.“

„Ég er hinsvegar ósköp venjuleg stúlka frá Minneapolis,“ segir Elizabeth þegar röðin er komin að henni að greina frá uppruna sínum. Hins vegar varð veruleikinn öllu flóknari hjá þessari venjulegu stúlku þegar hún kynntist íslenskum manni í háskóla í Bandaríkjunum. Þau eiga nú saman þrjú börn. „Ég er mikil ævintýramanneskja svo ég var alveg til í að prófa að búa hér í tvö til þrjú ár þegar maðurinn lagði það til. Síðan eru reyndar liðin sex ár,“ segir hún og brosir við.

jse@frettabladid.is

Heitt TILBOÐ

Portúgal 44.590kr. Krít 44.590kr.

Brottfarir 22. og 29. ágúst og 5., 12. og 19. september. Netverð á mann miðað við 2-4 í íbúð á Elimar í 7 nætur.

Brottfarir 21. og 28. ágúst og 4., 11. og 18. september. Netverð á mann miðað við 2-4 í íbúð á Malou í 7 nætur.

Mallorca 44.590kr. Marmaris 44.590kr.

Brottfarir 22. og 29. ágúst. Netverð á mann miðað við 2-4 í íbúð á Pilari Playa í 7 nætur.

Brottfarir 22. og 29. ágúst. Netverð á mann miðað við 2-3 í herbergi á Fidan í 7 nætur.

Benidorm 44.590kr.

Brottfarir 22. og 29. ágúst. Netverð á mann miðað við 2-4 í íbúð á Buenavista í 7 nætur.



www.plusferdir.is

Plúsferðir · Lág múla 4 · 105 Reykjavík · Sími 535 2100

Séra Páll tekur á móti gestum

Það eru ekki einungis galdramenn og ferðamenn sem venja komur sínar að Kotbýli kuklarans á Klúku í Bjarnarfirði á Ströndum. Hrafnarnir Séra Páll og Brynjólfur biskup dvelja þar í góðu yfirlæti og taka jafnvel á móti gestum og krunka einhverju að þeim ef svo ber undir að sögn Sigurðar Atlasonar, framkvæmdastjóra Galdrasýningarinnar og galdramanns.

Það hefðu þó sennilega fæstir galdramenn viljað hafa Séra Pál í Selárdal á túni hjá sér en hann gekk manna harðast fram í galdraofsóknunum.

„Æðarbændum er að sjálfsgöðu meinilla við hrafninn en við fengum fregnir frá einum þeirra af yfirgefnum ungum í laupi og við komum þeim til bjargar enda er hrafninn enginn vargur í véum að okkar mati.“ Hrafnarnir hafa svo launað þeim greiddann með því að vera þeim innanhandar, eða vængja, með gestina sem koma á kotbýlið.

Sigurður er nokkuð ánægður með aðsóknina í sumar í kotbýlið og á Galdrasýninguna á Hólmavík. „Galdrasýningin á Hólmavík opnaði árið 2000 og í fyrra var



BRYNJÓLFUR OG PÁLL MEÐ FERÐAMANN Á MILLI SÍN Hrafnarnir tveir eru ófeimnir við ferðamenn sem koma að heimsækja Kotbýli kuklarans á Ströndum. Þarna sjást þeir krunka að einum þeirra.

metár og ég sé fram á að aðsóknin verði svipuð í ár. Kotbýlið opnaði um mitt sumar í fyrra og ég er bara nokkuð ánægður með aðsóknina. Það er verst með þessa heims-

meistarakeppni í fótbolta,“ segir Sigurður og hlær við en hún hefur greinilega veitt kuklurum og galdramönnum harða samkeppni.

-jse

1. flokks upplifun

Verð frá kr. 2.790 þús.

Eyðsla aðeins 9,1 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri



Nýr Grand Vitara

Nýr Grand Vitara er alvöru jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um hagkvæman rekstur, aksturseiginleika og öryggi.

Undir glæsilegri yfirbyggingu leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif með háu og lágu sídrifi með læsingu á milli fram- og afturhjóla.

Það skiptir ekki máli hvort þú ert í borgarumferðinni, eða uppi á fjöllum, hagkvæmni og einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara gera aksturinn ánægjulegan.



SUZUKI BÍLAR HF. SKEIFUNNI 17. SÍMI 568 51 00.
www.suzukibilar.is



NÝR GRAND VITARA

Flott fartölva og kúl kaupauki



Samsonite
bakpoki



Verbatim 1GB
minnislykill



Logitech
vefmyndavél
með heyrnartóli

Kaupauki að verðmæti
22.790 kr.



512MB Verbatim
minnislykill

Vnr: VERB47182

1.990 kr.

Talnalyklaborð
fyrir fartölvur

Vnr: AC1545

2.490 kr.



184.900 kr.

+ kaupauki að verðmæti 22.790 kr.

HP Compaq nx7400

Örgjörvi: Intel Core Duo T2400

(1,83 GHz, 667 MHz FSB, 2 MB L2 cache)

Skjár: 15,4" WXGA 1280x800

Minni: 1024MB DDR RAM SMART

Harður diskur: 100GB 5400rpm

Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari)

Skjákort: Intel Graphics Media Accelerator 950, allt að 128MB

Netkort: Práðlaust 802.11b/g, 10/100/1000 Bluetooth

Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Professional

Ábyrgð: 3 ára HP ábyrgð með HP Carepack (gildir í Evrópu EMEA)

Vnr: HPEY252EA



Ricoh BP20 laserprentari
Prenthraði: 20 bls.
á mín. í svart/hvítu

Vnr: RIC402427

19.900 kr.



Samsonite bakpoki

Vnr: SA4201047 blár/grár

Vnr: SA4209047 svartur/grár

5.990 kr.



Pegar þú kaupir skólavörur

fyrir **3.000 kr.**

færðu flottan sundpoka í kaupbæti!



Kominn tími á kynslóðaskipti

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segist með framboði sínu til formanns Framsóknarflokksins vera að bjóða flokksmönnum upp á kynslóðaskipti í formennsku flokksins. Hún segist jafnframt hafa beðið með að tilkynna um framboð sitt til að skapa ró um val fulltrúa á flokksþingið.

Um næstu helgi mun á nífunda hundrað fulltrúa á flokksþingi Framsóknarflokksins kjósa sér nýja forystu til næstu fimm ára. Ljóst er að í fyrsta sinn í sögu flokksins verður kjörið milli tveggja eða fleiri frambjóðenda til allra æðstu embætta flokksins. Nú þegar eru tveir frambjóðendur komnir fram til embætta ritara og varaformanns og þrír gefa kost á sér til formennsku.

Beðið eftir fulltrúavalinu

Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðisráðherra og ritari Framsóknarflokksins, tilkynnti um framboð sitt til formanns á fimmtudag og hún segir ýmsar ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun sinni. „Það var ekki auðvelt fyrir mig að gera það upp við mig að gefa kost á mér, meðal annars vegna þess að ég tel að það sé mjög mikið ábyrgðarhlutverk að taka að sér formennsku í stjórnmalaflokki og þá ekki bara fyrir viðkomandi einstakling heldur líka fyrir fjölskyldu hans og nánustu aðstandendur.“

Hún segist hafa beðið með það að ásettu ráði að tilkynna um framboð sitt og óttast ekki að hafa gert það of seint. „Ég er búin að starfa svo lengi í flokknum og hef unnið með öllum stofnunum hans þannig að flokksmenn þekkja mig og vita fyrir hvað ég stend. Ég vildi íhuga vandlega hvað væri flokknum fyrir bestu þannig að ég tók mér góðan tíma til að ræða við mitt fólk. Svo vildi ég líka gefa flokksmönnum tækifæri til að velja fulltrúana á flokksþingið í ró og næði, það hefur verið talsverður óróleiki í flokknum í sumar og til að slá á þann óróleika ákvað ég að biða með að tilkynna um ákvörðun mína þangað til valið á fulltúnum hefði farið fram.“

Kynslóðaskipti æskileg

Siv tekur undir það að brotthvarf Halldórs Ásgrímssonar úr forystu Framsóknarflokksins marki tíma- mót í sögu flokksins, en sér það um leið sem tækifæri til breytinga. „Við það að Halldór fer frá eftir langan og farsælan stjórnmalaférl skapast algjörlega ný staða innan flokksins



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR „Það hefur því miður borið á því að ágreiningur í þingflokknum hefur ratað á torg fjölmiðla. Þetta tel ég vera hluta af vanda flokksins og þessu verður að linna.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og niðurstaða mín byggist meðal annars á því að ég tel æskilegt að nú verði kynslóðaskipti í formennskunni. Ég tel að minnsta kosti eðlilegt að gefa flokksmönnum kost á slíkum kynslóðaskiptum.“

Í þessu sambandi vill Siv þó benda á að hún hafi sextán ára reynslu í stjórnmalum, í sveitarstjórn og sem alþingismaður og ráðherra og búi því að mikilli reynslu. „Þessi tími hefur veitt mér dýrmæta sýn inn í þjóðlífið, stjórnmalalífið og lífið sjálft almennt, þannig

að ég er algjörlega reiðubúin að taka að mér það ábyrgðarhlutverk að veita Framsóknarflokknum forystu. Mitt mat er að það sé nauðsynlegt fyrir flokkinn að fara gegnum lýðræðislega formannskosningu og ég vil gefa flokknum tækifæri á að nýta krafta mína til að leiða flokkinn ef hann vill. Ef hann vill það ekki styð ég þá forystu sem kosin verður og held mínum störfum áfram sem heilbrigðisráðherra út þetta kjörtímabil, býð mig svo aftur fram til þings og tekst á við kos-

ingabaráttuna næsta vor með mínu fólk.“

Ágreiningur borinn á torg

Ef tekið er mið af því fylgi sem Framsóknarflokkurinn mælist með í könnunum þessar vikurnar og undanfarin misseri er ljóst að nýs formanns flokksins bíður vandasamt verkefni. Að mati Sivjar eru ýmsar ástæður fyrir því að fylgi flokksins er ekki meira en kannanir sýna. „Í fyrsta lagi hefur okkur ekki tekist eins vel og ég hefði vilj- að að útskýra hvað við höfum stað- ið að góðum málum fyrir samfélag- ið og við þurfum að gera betur í þeim efnum. Við þurfum líka að efla okkur í því að skýra grunnildi Framsóknarflokksins fyrir fólk, þann félagslega jöfnuð sem við stöndum fyrir með ábyrgð einstak- lingsins og frelsi hans til athafna. Að við viljum halda áfram að byggja hér upp velferðarsamfélag þar sem fólk nýtur öryggis ef það veikist, missir atvinnu eða á við félagslegan vanda að stríða.“

Þriðja skýring Sivjar á því að fylgi við Framsóknarflokkinn hefur dalað snertir þingflokkinn. „Það hefur því miður borið á því innan okkar raða í þingflokknum þegar við höfum ekki verið sammála um hlut- ina, að þessi ágreiningur hefur stundum ratað á torg fjölmiðla. Þetta tel ég vera hluta af vanda flokksins og þessu verður að linna að mínu mati. Og ég hef enga trú á öðru en að svo verði, því ef við þéttum ekki rað- irnar að þessu leyti verður erfiðar fyrir okkur að sækja fram. Fylgi flokksins er mun lægra en við vil- um sjá það, þannig að það er mjög brýnt að flokkurinn styrki sig svo að hann hafi áfram afl til áhrifa.“

Ekki kosning milli fylkinga

Margir gera því skóna að framboðin til forystustarfa í flokknum beri það með sér að tvær fylkingar séu að takast á þar sem annars vegar séu Jón Sigurðsson, Jónína Bjartmarz og Birkir Jón Jónsson og hins vegar Siv, Guðni Ágústsson og Haukur Logi Karlsson. Siv tekur ekki undir þetta og segist ekki í bandalagi við einn né neinn og óttast heldur ekki að kosningarnar muni draga dilk á eftir sér innan flokksins. „Ég er þess fullviss að hvernig sem þetta

fer munum við kjósa harðsnúna, duglega og öflugra forystusveit. Fari svo að ég fái umboð flokksmanna til að gegna stöðu formanns mun ég leggja kapp á að reyna að efla flokk- inn og leiða hann fram til sigurs. Fari hins vegar svo að mér verði ekki falið þetta verkefni mun ég samt styðja þá forystu sem verður kjörin.“

Hún segir jafnframt að sér finnist ólíklegt að hún verði hluti af þeirri forystu en vill samt ekki úti- loka neitt í því sambandi. „Ég mun taka því sem að höndum ber. Það eru í raun allir í kjöri á flokksþing- inu til þeirra embætta sem kosið er um. En ég er ekki að bjóða mig fram til embætis varaformanns og ekki til embætis ritara, ég er að bjóða mig fram til formennsku.“

Leynileg kosning

Aðspurð segir Siv að sér finnst tæpast víðeigandi að einstaka þing- menn flokksins séu að tjá sig opin- berlega um hvernig þeir vilja sjá val flokksmanna á flokksþinginu. „Mér finnst það óæskilegt og þing- menn eiga ekki að gefa upp línur í þessum efnum, þetta á að vera val þingfulltrúa sjálfra. Þetta er ley- nileg kosning og því verður sérhver flokksmaður á þinginu að gera það upp við hug sinn og hjarta sem ein- staklingur hvað það er sem hann telur best fyrir flokkinn. Viljum við kynslóðaskipti eða ekki, viljum við þessa samsetningu á forystu eða hina. Ég veit að þetta val verður erfitt, það eru öflugir einstaklingar í framboði til allra embætta og það er algjörlega ný staða innan flokks- ins að kosið sé um öll æðstu emb- ætti hans.“

Hún segist þó ekki verða vör við annað en að fólk sé mjög þakklátt fyrir að fá að kjósa. „Fólk vill kjósa, það vill fá að leggja sitt lóð á vogar- skálar og hafa bein áhrif á það hvernig forystusveit flokksins verður skipuð til framtíðar, og ég skynja mikla bjartsýni og tilhlökk- un meðal flokksmanna“ segir Siv Friðleifsdóttir.



FRÉTTAVIÐTAL
SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON
ssal@frettabladid.is

Gleðilegar ræstingar – og farsælan vinnudag!

499.836 kr.

TASKI Swingo 750 B

Lítill og nett, en þó afkastamikil vél.
Raunhæf afköst 750m²/klst



414.943 kr.

TASKI Swingo 450

Einstakleg lipur vél sem hentar vel þar sem er þröngt.
Raunhæf afköst 450m²/klst



738.807 kr.

TASKI Swingo 1250 B

Hentar meðalstórum fyrirtækjum og stofnunum.
Raunhæf afköst 1250m²/klst

Á tilboði í ágúst 2006
Öflugar gólfþvottavélar frá TASKI

TASKI 750 B og 1250 B bjóðast einnig á rekstrarleigu.
Hafðu samband við rágjafa RV og kynntu þér málið.

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is




lenovo™

FORSKOT FYRIR KRÖFUHARÐA

ThinkPad™

SJÁLFVIRK TENGING HVAR SEM ER
GAGNABJÖRGUN MEÐ EINUM TAKKA
FINGRAFARALESARI
VÖKVAÐOLÍÐ LYKLABORÐ
ALLT AÐ 11 KLST. RAFHLÖÐUENDING
FALLVÖRN VERNDAR HARÐA DISKINN



ThinkPad er heill tölvuheimur fyrir kröfuharða notendur og býr yfir ThinkVantage tækni sem einfaldar daglega notkun og tryggir öryggi. Yfirburða tækni, gæði, lág bilanatíðni, öryggi og einfaldleiki eru höfð í fyrirrúmi. ThinkPad er sniðin að þeim sem vilja ná lengra.

Frá því ThinkPad fartölvur komu á markað hafa þær unnið til meira en 1200 verðlauna og eru því mest verðlaunuðu fartölvur sögunnar.

Kíktu á www.lenovo.is og finndu réttu fartölvuna fyrir þig.



ThinkPad T60

Intel Core Solo T1300 1,66GHz
256MB minni (stækkanlegt í 4GB)
40GB 5400sn harður diskur
14,1" skjár / 1024x768 upplausn
Intel GMA 950 allt að 128MB
CD-RW / DVD combo / WiFi /
Bluetooth / 3x USB 2.0
Fingrafaralesari
Þyngd frá 2.3 kg
3 ára ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu
Windows® XP Pro stýrikerfi

Mánaðarlegar greiðslur*: **5.500 kr.**
Verð: **159.900 kr.**

ThinkPad T60

Intel Core Duo T2300 1,66GHz
512MB minni (stækkanlegt í 4GB)
60GB 5400sn harður diskur
14,1" skjár / 1024x768 upplausn
Intel GMA 950 allt að 128MB
DVD-RW / WiFi / Bluetooth /
3x USB 2.0
Fingrafaralesari
Þyngd frá 2.5 kg
3 ára ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu
Windows® XP Pro stýrikerfi

Mánaðarlegar greiðslur*: **6.876 kr.**
Verð: **199.900 kr.**

ThinkPad Z61t

Intel Core Duo T2400 1,83GHz
1GB minni (stækkanlegt í 4GB)
80GB 5400sn harður diskur
14,1" breiðtjaldsskjár / 1440x900
Intel GMA 950 allt að 128MB
DVD-RW / WiFi / Bluetooth /
FireWire / 3x USB 2.0
Fingrafaralesari & minniskortalesari
Þyngd frá 2.1 kg
3 ára ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu
Windows® XP Pro stýrikerfi

Mánaðarlegar greiðslur*: **6.876 kr.**
Verð: **199.900 kr.**

ThinkPad T60

Intel Core Duo T2400 1,83GHz
1GB minni (stækkanlegt í 4GB)
80GB 5400sn harður diskur
14,1" skjár / 1400x1050 upplausn
ATI Radeon X1300 64MB skjá kort
DVD-RW / WiFi / Bluetooth /
3x USB 2.0
Fingrafaralesari
Þyngd frá 2.5 kg
3 ára ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu
Windows® XP Pro stýrikerfi

Mánaðarlegar greiðslur*: **8.252 kr.**
Verð: **239.900 kr.**

FYLGIR FRÍTT MEÐ



Plantronics Explorer 320

Bluetooth þráðlaust heyrnartól
Tengjanlegt við tölvusíma eða GSM

Ef þú kaupir Lenovo 3000 eða
ThinkPad fartölvu hjá Nýherja færðu
Plantronics heyrnartól frítt með.

Canon MP500 fjölnota prentari

Prentar / skannar / ljósritar
Litaskjár - einfalt að skoða og prenta

Tilboðsverð**: **21.900 kr.**
Listaverð: **26.900 kr.**

Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við
aðstoðum við val á réttu fartölvunni. **Söluaðilar um land allt.**


NÝHERJI

www.lenovo.is

Nýherji hf.

Borgartúni 37

105 Reykjavík


Sími 569 7700

www.nyherji.is

* Mánaðarlegar greiðslur miðast við tölvulán til 36 mánaða hjá Landsbankanum, miðað við upplýsingar af www.landsbanki.is 18. júlí 2006. / ** Tilboð gildir aðeins fyrir þá sem kaupa ThinkPad eða Lenovo 3000 fartölvu.

Verðþróun

> Verðþróun á kíló af ýsu árin 1997 til 2006
Heimild: Hagstofa Íslands



MATUR Á MÁNUDEGI: ÓLAFUR PÁLL GUNNARSSON Á RÁS TVÖ

Fiskur í stað grænmetisréttu

„Það er engin sérstök regla á því hvað ég fæ mér á mánudögum eða öðrum dögum en eitt er alveg á hreinu. Ég er ekki grænmetisæta,” segir Ólafur Páll Gunnarsson, betur þekktur sem Óli Palli á Rás tvö. „Ég fer ekki á grænmetisveitingahús og elda ekki grænmetisrétti. Fyrir það fyrsta finnst mér þessi matur svo ljótur. Þetta er bara ógirnilegt. Það getur verið að ég sé svona seinþroska og taki mig til á fimmtudagsaldri og helli mér í þetta. Maður veit jú auðvitað að þetta er voða hollt og auðvitað reynir maður að borða grænmeti með öðru,” segir Óli Palli.

Hann viðurkennir að hafa verið matvandur þegar hann var lítil. „Þegar ég var strákur borðaði ég eiginlega bara kjöt, þurr kjöt.” En þegar Óli vill elda einhverja hollustu verður fiskur oft fyrir valinu. „Ég er mjög hrifinn af laxi og yfirleitt öllum fiski. Ég mæli með soðnum laxi

með smjöri og kartöflum, tómötum og gúrku. Það var stundum boðið upp á þetta heima og mér finnst þetta alltaf afskaplega gott,” segir Ólafur Páll.

Innihald:
lax eða silungur
kartöflur
smjörklípa
tómatar
ein gúrka

Ólafur Páll steikir fiskinn, sýður kartöflurnar og hefur smjör með. „Svo má líka nota silung. Ég sker bara gúrkurnar og tómata og hef með, er ekkert að sula þessu saman. Þetta er alveg stórkostlegur matur og kalt vatn er punkturinn yfir i-ið,” segir Óli Palli.



VERÐ Í ÞREMUR BORGUM

Fréttablaðið fór á stúfana á dögnum og lét kanna verð á þremur algengum en ólíkum vörum í heimsborgunum London, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

■ Að þessu sinni var kannað verð á bíómiða, nýrri Volkswagen bjöllu og stóru Snickers-súkkulaði.

Borg	Bíómiða	Volkswagen	Snickers
London	672 kr.	1.662.000 kr.	94 kr.
Kaupmannahöfn	969 kr.	2.960.000 kr.	113 kr.
Reykjavík	800 kr.	2.520.000 kr.	120 kr.

Öll verð eru með virðisaukaskatti og miðast við gengi gjaldmiðla þegar þau voru könnuð.

■ Verslun og þjónusta

Varla ókeypiss að hringja milli heimasíma

Fyrirtækin Og Vodafone og Hive hafa bæði auglýst að þau bjóði upp á ókeypis símtöl milli heimasíma, kaupi viðskiptavinurinn annars konar þjónustu frá fyrirtækinu. Hive býður upp á þessa þjónustu kaupi viðskiptavinurinn einnig ADSL-tengingu frá fyrirtækinu, en sú ódýrasta kostar 3.990 krónur á mánuði. Og Vodafone býður upp á ókeypis símtöl milli heimasíma ef viðskiptavinurinn kaupir ADSL-tengingu og er með skráðan GSM-síma í áskrift hjá fyrirtækinu, en sá pakki kostar í ódýrasta tilfelli 4.640 krónur. Auk þess taka bæði fyrirtækin mánaðargjald upp á 1.390 krónur fyrir heimasíma. Því er varla hægt að segja að fyrirtækin bjóði upp á ókeypis símtöl milli heimasíma, það er einfaldlega rúkað á annan hátt fyrir þau.



■ Verslun og þjónusta

Verð á tölvuvörum má auðveldlega kanna

Mörgum vex í augum að kaupa sér íhluti eða uppfærslur á heimilis- eða fartölvum sínum, sakir þess hve margt stendur þeim til boða. Það er tímafrekt að flakka á milli verslananna og bera saman verð, gæði og kraft búnaðarins. Fljótlegast er að skoða heimasíður helstu tölvufyrirtækjanna, en á þeim má nær undantekningalaust finna skýrar verðskrár og yfirlit yfir eiginleika búnaðarins. Þá er auðvelt að gera samanburð, panta svo vöruna á netinu eða fara í búðina ef maður hefur fleiri spurningar.

SKÓLA LEIKUR

Þú sendir SMS skeytið

BT FBT á númerið 1900.

Þú færð spurningu og þú svarar með því að senda SMS skeytið **BT A, B eða C** á númerið 1900.

Þú gætir unnið!

Aðalvinningur A.
Dregin út 8.sept.
FujitsuSimens fartölva

Aðalvinningur B.
Dregin út 31.ágúst
MEDION tölva +
19" flatskjár

Aðalvinningur C.
Dregin út 18.ágúst
32" MEDION LCD TV

Fullt af aukavinningum!
PANASONIC Myndvélur • GSM símar • PSP tölvur • SONY stafrænar myndavélar • Medion borðatölvur • PS2 tölvur • DENVER DVD spilarar • Gjöfabréf á Tónlist.is • SONY MP3 spilarar • iPod • Fullt af af Pepsi, DVD, CD's, tölvuleikjum og fleira

*Aðalvinnar dregin út úr öllum innsendum skeytum. Vinningar verða afhentir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið. Þú færð 5 mín til að svara spurningu.

Fartölva MSI M645-2



BORGARFERÐIR Höfuðborg Slóveníu, Ljubljana, er vinsæll áfangastaður í haust en Heimsferðir og Úrval Útsýn eru með beint leiguflug til borgarinnar.

Mikið úrval borgarferða

Haustið er tími borgarferðanna og þetta árið bjóða ferðaskrifstofur upp á fjölda helgarferða á spennandi áfangastaði. Borgir Austur-Evrópu virðast vera vinsælastar í dag.

Í ár verða ferðir til Zagreb, Ljubljana, Varsjár, Búdapest, Prag, Krakár, Tallinn og Vínús í beinu leiguflugi. Hægt er að fá þriggja daga ferðir til þessara borga frá fjórútu þúsundum miðað við mann í tvíþýli en eftir gæðum gistingar og landi hækkar verðið. Fyrir þá sem vilja heldur gamlar perlur Vestur-Evrópu er einnig boðið upp á hefðbundnar helgarferðir til staða á við Róm og Kaupmannahöfn, auk borga í Bandaríkjunum.

Úrval Útsýn býður upp á fjölda borgarferða til gamalla og nýrra áfangastaða. „Það sem er nýtt er ferð til Zagreb í Króatíu og til Lúxemborgar í adventuferð í nóvember. Einnig erum við með ferðir til Varsjár í september,” segir Guðrún Sigurgeirsdóttir framleiðslustjóri. Einnig eru ferðir til Dublin, Edinborgar, Madrid og Barcelona, auk Ljubljana, höfuðborgar Slóveníu.

Hjá Plúserferðum er einnig boðið upp á ferðir til Zagreb, Lúxemborgar og Varsjár og hefur selst vel í þær. „Þetta er tíminn, þegar kemur fram yfir verslunarmanna-

helgi vill fólk fara í borgarferð. Íslendingar eru mjög nýjungagjarnir og vilja prófa eitthvað nýtt,” segir Laufey Jóhannsdóttir, sölustjóri Plúserferða. Að auki er boðið upp á ferðir til Dublin, Madridar og Rómur.

Þetta árið eru Heimsferðir með borgarferðir til Barcelona, Prag, Búdapest, Krakár í Póllandi og Ljubljana, en Heimsferðir bættu við aukaferð til Ljubljana vegna mikillar eftirspurnar. Terra Nova hefur ekki boðið upp á borgarferðir áður en nú er ferðaskrifstofan með ferðir á nýjar slóðir. „Við verðum með ferðir til Tallinn í Eistlandi og Vínús í Litháen í október og nóvember en það eru ofboðslega fallegar borgir. Einnig verður ein ferð til Sofíu í Búlgaríu,” segir Bjarni Ingólfsson, markaðsstjóri Terra Nova.

Icelandair er með borgarferðir á flesta áfangastaði í Bandaríkjunum og Evrópu. Síðustu ár hafa

verslunarferðir til Minneapolis verið mjög vinsælar á haustin. Express ferðir, dótturfyrirtæki Iceland Express, býður upp á borgarferðir til áfangastaða Iceland Express, það er að segja London, Kaupmannahöfn og Berlín, í haust. Ferðaskrifstofan býður upp á flug og gistingu en getur einnig skipulagt tónleikaferðir og aðrar menningarferðir eftir óskum fólks. „Svo voru julefrukost-ferðir til Kaupmannahöfn mjög vinsælar í fyrra, þær munu verða í nóvember og desember og við setjum það í sölu innan skammas. Þetta er helgarferð þar sem fólk fer eitt kvöld á veitingastað í julefrukostkvöldverð,” segir Bragi Hinrik Magnússon sölustjóri. „Svo munum við bjóða upp á hversdagsferðir svokallaðar en þá er farið í miðri viku, t.d. á þriðjudegi til fimmtudags á um þrjátíu þúsund með öllu,” segir Bragi. Hægt verður að bóka ferðirnar á Expressferdir.is.

VERÐDÆMI Verð á mann í tvíþýli, flug, gisting og flugvallarskattar. Gæði hótela eru mismunandi.

Ferðaskrifstofa	Borg	Verð	Fjöldi gistingu
Úrval Útsýn	Zagreb	61.240	3
Úrval Útsýn	Ljubljana	65.460	3
Plúserferðir	Zagreb	59.640	3
Plúserferðir	Varsjár	45.640	3
Plúserferðir	Madrid	58.500	3
Heimsferðir	Kraká	37.930	3
Heimsferðir	Ljubljana	54.990	4
Terra Nova	Tallinn	36.734	3
Terra Nova	Sofía	59.826	5
Icelandair	New York	63.700	3
Icelandair	Minneapolis	49.900	3
Icelandair	París	39.900	2

BT

VERÐLAUNA-TÖLVA!

nýjasta tækni

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

DVD
R/RW



S26391-K159-V900
FSC AMILO PI 1536
Intel Centrino Duo T2300E
15.4" WXGA Crystal View (1280 x 800)
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
- up to 512MB Hypermemory
1024MB DDR533 vinnsluminni
100GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
7.1 Hljóð í gegnum SPDIF
Express Card rauf

WiFi

ATI



15.4"

Centrino Duo

Allt að tvöföld afköst frá eldri örgjörvum.

High Definition (HD) stuðningur fyrir kvikmyndir, leiki og ljósmyndir

Betri rafhlöðuending með Centrino DUO - Allt að 28% meiri ending á rafhlöðu.

Endurbætt þráðlaust net. Meira öryggi, lengri draegni og minni truflun frá umhverfi

ATI Radeon X1400

Eitt kraftmesta skjá kortið fyrir þunnar og léttar fartölvur. Stuðningur fyrir High Definition kvikmyndir, ljósmyndir og tölvuleiki sem keyra að sjálfsgöðu á fullum hraða í High Definition. Þrátt fyrir mjög aukin kraft notar skjástýringin minna rafhlöðuafli en áður.

Crystal-View skjár™

Með Crystal View tækninni verður skjámyndin litríkari og skarpri. Þú sérð vel á skjánn þrátt fyrir að vera utandyra eða í mikilli birtu.

Þráðlaust net

- allt að 54 Mbit/sek tenging um loftin blá

100GB
harður-diskur

1GB
vinnsluminni

Geggiuð græja

5.766**

5.766

**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

12.999

Vaxtalaust 12 mán.

155.988

Staðgreitt

NÝTT KORTA TIMABIL

Þú finnur tölvuna í BT

12.000
lækkun

TrueBrite™ skjár

- ótrúleg skerpa og dýpri svartur en þekkt hefur til þessa

Centrino-örgjörvi

sparneytinn en öflugur örgjörvi sem hámarkar rafhlöðuendingu

Takmarkað magn

4.491**

TOSHIBA

PSM70E-02J01YED
Toshiba Satellite M70-378
Intel Pentium M735A Centrino
15.4" Toshiba TruBrite WXGA skjár
Intel 915GM skjástýring
512MB DDR2 vinnsluminni
40GB Harður Diskur
DVD Skrifari (Dual Layer)
5-1 Kortalesari
-fyrir helstu gerðir minniskorta
WiFi 802.11b/g - þráðlaust net
DV Ready - iLink
4x USB2.0 tengi



Toshiba í fararbróddi í 20 ár

4.491

**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

9.999

Vaxtalaust 12 mán.

119.988

Staðgreitt

5.336**

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

BAT:UK-N6EAS06-A1
FSC AMILO A1650G

AMD Turion 64 ML32 1.8GHz
15.4" WXGA Widescreen TFT
-with CrystalView Technology
ATI Mobility Radeon X200 Graphics
1GB Vinnsluminni
100GB Harður diskur
DVD skrifari - Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Microsoft Windows XP home edition
Microsoft Works 8

Amilo-A-línan

Amilo A vélnar innihalda allt sem folk í dag gerir kröfu til, en eru engu að síður á viðráðanlegu verði. Þær eru hugsaðar sem fjölhæfar alhlíða tölvur.

5.336

**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

11.999

Vaxtalaust 12 mán.

143.988

Staðgreitt



15.4"



Crystal-View™ skjár

- hvítur er hvitari og ljósmyndir lifna við á skjánum
- með WXGA upplausn nýttist plássíð betur.




AMD-turion 64

- 64 bita háhraðaörgjörvi fyrir kröfu-harðar fartölvur
- Windows Vista samhæfður

Þráðlaust net

- allt að 54 Mbit/sek tenging



15.4"



skoðun

**SJÓNARMÍÐ
PORSTEINN PÁLSSON**

Tekjur og skattar í alþjóðlegu
samkeppnisumhverfi:

Nýjar lausnir

Segja má að föst hefð sé nú orðin fyrir því að á áliðnu sumri setji menn á nokkra þrætu um hvort birta eigi skrár yfir skattgreiðslur manna. Að þessu sinni hafa hins vegar orðið meiri umræður um innihald og efni þessara talnaupplýsinga en jafnan áður.

Hvað sem líður röksemdum með og á móti opinberum á slíkum persónuupplýsingum er ljóst að umræða um þessi efni hefur verið bæði holl og nauðsynleg. Og hún getur sannanlega haft gildi án þess að af henni megi leida skýra niðurstöðu.

Einhverju sinni var ort um lautinant í Hernum sem vitnaði um veginn að drottins náð. Í þessari umræðu hefur hins vegar verið kallað á stjórnmálamenn til að vitna um veginn að pólitískum rétttrúnaði.

Landbúnaðarráðherrann og Vinstrihreyfingin - grænt framboð vitna um hærra skatta. Talsmenn Sjálfstæðisflokksins tala þar á móti af meiri gætni en þó skilningi á því að ekki megi skilja með öllu í sundur með þeim sem mynda samfélagið.

Formaður Samfylkingarinnar kallar á lífeyrissjóðina um að gera siðferðilegar kröfur um takmarkaðan launamismun við val á fjárfestingarkostum. Þó að óvíst sé að slíkar hugmyndir breyti miklu í þessu efni eru þær gildar fyrir þá sök að þeir sem fjármagninu ráða bera eins og aðrir siðferðilegar skyldur.

Kjarni málsins er þó sá að þær miklu tekjur einstakra manna sem nú stinga í stúf við það sem er venjulegt sýna einfaldlega hina hliðina á þeim miklu umskiptum sem hafa orðið í efnahags- og fjármálalífi þjóðarinnar. Ísland er ekki lengur efnahagslegt eyland. Það er virkur hluti af alþjóðlegum markaði.

Allir stjórnmálaflokkar nema Vinstrihreyfingin - grænt framboð hafa talið sér til álitisauka að eiga hlut að þessum umskiptum. Án þessara umskipta hefði Ísland dregist aftur úr öðrum þjóðum og efnin væru minni. Einhverjir trúa því að réttlætið væri meira við svo búíð. En er það svo?

Ísland er þannig í sveit sett í heimi alþjóðaviðskipta að það þarf að nota skatta til þess að styrkja samkeppnisstöðu sína. Þó að einhverjum sýnist í sviphendingu aukid réttlæti í skattahækkunum er vissast að slík ráð snúist upp í andhverfu sína.

Hitt væri nær að leiða umræðuna að skoðun á möguleikum á dýpri grundvallarbreytingum á skattkerfinu. Þær leiðir eru að visu vandrataðar. Einföldun skattkerfisins er flókið verkefni.

Á síðasta ári vakti Viðskiptaráð athygli á þeirri staðreynd að ýmis ríki sem hafa verið að styrkja samkeppnisstöðu sína gagnvart stærri og röttgrónari efnahagsveldum hafa innleitt lágan flatan tekjuskatt. Svipaðar hugmyndir voru einig ræddar á vettvangi BSRB fyrir ekki löngu.

Mismunandi skattlagning eftir því hvernig tekjur verða til stríðir gegn skynsamlegum hugmyndum um hlutleysi skattkerfisins. Óánægja með þá skipan mála er að því leyti skiljanleg.

En miklu hærra fjármagnstekjuskattur væri hins vegar óraunhæfur. Hann myndi ef öllu er á botninn hvólft skila minni tekjum í ríkissjóð. Það væri ekki réttlætisbót.

Vel má vera að hugmyndir Viðskiptaráðsins um flatan undanþágusnaðan fimmátán prósentu skatt gangi ef til vill ekki upp í einu og öllu. En tillögur af þessu tagi eru eigi að síður þess virði að þær séu virtar betur.

Umræðan um efni skattskrárinnar gæti þannig orðið hvort tveggja í senn jákvæð og uppbyggileg ef hún mætti verða til að beina sjónum manna að nýjum lausnum.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ræðum eitthvað annað

Fréttir um að Íslensk stjórnvöld séu að ihuga í alvöru að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni hafa vakið nokkra furðu. Ekki er vitað til þess að nokkur þjóð hafi lýst áhuga á að kaupa af okkur hval-



kjöt, og tæpast torgum við þessu sjálf. Skýringin á því að sjávarútvegsráðuneytið vill koma þessum fréttum á flöt ku hins vegar vera sú að beina sjónum manna að öðru en ólöglegum lundaveiðum sjávar-

útvegsráðherra, sem hann varð ber að á dögunum og bar við þekkingarskorti.

Fer Hérdis fram?

Vaxandi titringur gerir nú vart við sig innan Framsóknarflokksins fyrir flokksþingið um næstu helgi. Ekki er talið útilokað að enn komi fram opinbert framboð til æðstu embætta og horfa menn einkum til embættis ritara í þeim efnum. Tveir ungr karlmenn hafa lýst yfir framboði til starfans, þeir Birkir Jón Jónsson alþingismaður og Haukur Logi Karlsson, fyrrum formaður Sambands ungra framsóknarmanna. Nú heyrast að leitað sé að konu til að keppa við þá félag og ku nafn Herdisar Sæmundardóttur, varþingkonu úr Skagafirði og formanns stjórnar Byggingastofnunar, vera þar efst á blaði.

Fer Jón norður?

Jón Sigurðsson, formannskandidat í Framsókn, er ekki bara að sækjast eftir formannsstólum heldur verður hann líka að finna sér öruggt þingsæti ætli hann sér að halda áfram í pólitík. Sæti Halldórs Ásgrímssonar í Reykjavík norður getur engan veginn talist trygg þingsæti og segir sagan að Jón sjái helsta von í öruggu sæti í Norðausturkjördæminu þar sem Jón Kristjánsson er að hætta og huganlega Valgerður Sverrisdóttir líka.

ssal@frettabladid.is



Að bíða og bíða bana

Fyrir þremur árum þustu Bandaríkjamenn og Bretar inn í Bagdad, með stuðningi okkar Íslendinga og fleiri staðfastra þjóða. Írak var hernumið á nokkrum dögum, Saddam steyppt af stóli og herinn leystur upp. Allt var það líður í heimsvíðu stríði Bush gegn hryðjuverkastarfsemi, hefnd fyrir árásina á New York. Samt var ekki hægt að stunda þá aðgerðir við Írak. Samt var vitað að vonlaust yrði að „frelsa“ Írak, líkt og nú hefur komið á daginn. Og samt var það líka alveg pottþétt að innrásin myndi geta af sér enn frekari hryðjuverk. Líkt og einnig hefur komið á daginn.

Sem betur fer tókst lögreglu að komast fyrir plönuð sprengjutrúðir í flugvélu yfir Atlantshafi í liðinni viku. Sem betur fer dó enginn. Fólk þurfti bara að bíða. Á flugvöllum og hótelum. Okkar vestræni háhradaheimur tafðist um stund. Samt voru fregnir af þeim óþægindum nálægt því að vera fleiri en fregnir af illri áætlun hryðjuverkamanna og því hvernig lögreglu og stjórnvöldum tókst að komast fyrir hana, hvað þá að hún væri sett í samhengi við ástandið í Írak og Líbanon. Í Ríkisútvarpinu var rætt við Íslendinga í Leifsstöð sem voru sársvektir yfir því að þurfa að bíða þar heilan dag en gátu þó huggað sig við það að flugfélagið hafði boðið þeim upp á „einn heitan drykk og einn kaldan drykk“. Í hinu stóra samhengi hlutanna eru alltaf einhverjir til í að sötra af því smáa.

Þetta minnti nokkuð á fréttaplutning okkar ágætu miðla af fyrstu sólahringunum í innrás Ísreala í Líbanon í liðnum mánuði. Fókusinn var allur á okkar fólk, Íslendinga búsetta í Líbanon, og óþægilegar rútuferðir þeirra inn í Síryland, bið á landamærum og vonda Norðmenn. Við mættum stundum hugsa aðeins stærra og hugsa meira til þeirra sem líða

Í DAG STRÍÐ GEGN HRYÐJUVERKUM



HALLGRÍMUR
HELGASON

Við mættum stundum hugsa aðeins stærra og hugsa meira til þeirra sem líða raunverulega kvalir; fólks sem er að deyja úr öðru en leiðindum.

raunverulega kvalir; fólks sem er að deyja úr öðru en leiðindum.

En gott og vel. Þegar svo fyrstu vélar fóru á loft frá Heathrow á fimmtudaginn var talað um óþægindin fylgjandi því að þurfa að skilja við handfarangur sinn, fartölur og síma. Á bak við þær fréttamyndir dóu tíu manns í sprengjutrúðum í Bagdad. Enn ein líkin á dauðahaug stríðsins okkar í Írak sem á hverri stundu getur komið í okkar koll þar sem við sitjum í vélum og lestum okkar skjólgóða heimshluta.

„Af hverju þarf fólk að skaða annað fólk?“ hljómaði ein fyrir sögn föstudagsins. Leigubílstjóri í London skildi ekkert í því hvers vegna múslimar búsettir á Bretlandseyjum vilji sprengja heimamenn í loft upp. Samt er breski herinn búinn að vera í opnu stríði við múslima í yfir þrjú ár. Ættum við ekki að reyna að sjá heimsviðburðina í hnattrænu ljósi? Höldum við í alvörunni að við getum farið í stríð án óþæginda? Fórnarlaus? Að sitja kyrr á sama stað en samt vera að berjast...

Segjum sem svo að í stað Íraks hefðu Bretar og Bandaríkjamenn ráðist inn í Ísland til að hefna fyrir

9-11, hernumið landið á nokkrum klukkustundum, steyppt Davíð af stóli og leyst upp landhelgisgæsluna. Útvarphúsinu í Efstaleiti hefði verið breytt í herfangelsi þar sem löndum okkar hefði verið nauðgað af amerískum herkonum og niðurlægðir af amerískum hermönnum, ljósmyndaðir naktir með íslenska fánann í rassinum og Jón Sigurðsson í munnum, og látnir míga yfir eintök af Eglu og Njálu. Brúðkaupsveisla í Kópavogi hefði í misgáningi verið sprengr í loft upp af bandarískum skriðdreka og heill bekkur í barnaskóla borgarinnar myrtur í misgripum þar sem hann sat í rútu á leið í sund.

Varla myndum við þá hugsa hlýlega til Bush og Blairs. Og vart myndum við hlæjandi lesa listann yfir þær þjóðir sem studdu innrásina. Sjálfsagt væru einhverjir á meðal okkar sem myndu þá hyggja á hefndir. Sjálfsagt einhverjir sem myndu ná sambandi við landa okkar á Vesturheimi í von um stuðning. Sjálfsagt myndu einhverjir meðal Vestur-Íslendinga þá hugsa upp aðgerðir í sinni sveit. Sjálfsagt yrðu þeir kallaðir hryðjuverkamenn af kanadískum og bandarískum stjórnvöldum. En sjálfsagt myndu einhver okkar kalla þá þjóðhetjur.

Sjaldan veldur einn þá tveir deila.

Við skulum vona að við Íslendingar þurfum ekki að súpa seyðið af stuðningi okkar við þetta stríð sem nánast allir hugsandi menn hafa nú viðurkennt að var mistök. En við sitjum engu að síður uppi með skömmuna. Við ættum því ekki að væla yfir seinkunum á flugi og handteknum handfarangri. Á meðan aðrir bíða bana höfum við gott af því að bíða. Bíða og hugsa. Hvernig við getum bætt fyrir stuðning okkar við stríðsöðan Bush? Eignum við enn á ný að kjósa það fólk sem kaus að fylgja honum?

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

allt
ný vöru- & þjónustuskra á visir.is

visir
ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Porsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arnald Porgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Halldórsson FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÓNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmíða ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum ákvarðunarlaust.
issn 1670-3871



BRÝRNAR Í BORGinni

Víðs vegar í Reykjavík eru brýr sem hugkvæmni hefur verið lögð í að hanna og mikil þrýði er að.

FASTEIGNIR 13

allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	26-27
Árborgir	20
Ás	14-16
Búseti	29
Draumahús	9-12
Eignastýring	23
Eignaval	24
Fast.félag Austurlands	25
FMG	20
Fyrirtækjasala Íslands	21
Húseign	28
Lundur	18-19
Lyngvík	6
Lögmat ehf	8
Lögmenn Suðurlands	17
Nýtt heimili	17
Perla	21, 33
Remax búi	30
Remax heimili og skip	32
Remax Lind	31
Remax Mjódd	22, 25
Saga Fasteign	33
Stórborg	7



Mosarimi 36 er eigulegt hús með innbyggðum bílskúr.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 14. ágúst, 226. dagur ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag	
Reykjavík	5.15	13.32	21.48
Akureyri	4.48	13.17	21.44

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Vel staðsett endaraðhús á einni hæð

Lyngvík fasteignasala er með endaraðhús í Grafarvogi til sölu. Það er með innbyggðum bílskúr, ásamt fallegum suðurgarði og sólpalli.

Forstofan er flísalögð og út frá henni er gestasnyrting sem einnig er með flísum á gólfi. Hol og stofa eru hvorutveggja parkettlögð. Sama er að segja um eldhúsið, sem er með sérsníðari innréttingu og borðkrók. Þvottahúsið er með góðu skápláss og þar er útgengi út í garð. Sjónvarpshol og

þrjú svefnherbergi með skápum eru með parkettlögðum gólfum. Barnaherbergin tvö eru með milliloftum sem notuð eru sem leikaðstaða. Þá er ótalið baðherbergi með kari, sturtuklefa og innréttingu.

Húsið er úr steini, byggt 1994, 148,5 fermetrar að stærð. Hita- og rafvæddur bílskúrinn er 31 fermetri með milligeymslu. Garður snýr í suður, með afgirtum sólpalli. Húsið stendur í lokuðum botnlanga og innkeyrslan er stór og malbikuð. Stutt er í skóla, leikskóla og alla þjónustu.

Söluverð eignarinnar er 37,5 milljónir.




Miklar framkvæmdir eru við grunnskólann.

Nýr grunnskóli á Ísafirði

BYGGINGAFRAMKVÆMDIR ERU HAFNAR VIÐ NÝJAN GRUNNSKÓLA Á ÍSAFIRÐI.

Tengibygging verður gerð milli grunnskólans sem fyrir er og nýbyggingarinnar, en sú gamla verður fjarlægð. Þá stendur einnig til að reisa viðbyggingu við gamla barnaskólann. Vestfirskir verktakar buðu lægst í verkið og sjá um framkvæmdirnar, sem á að vera lokið haustið 2008. Leiksvæði ætlað skólabörnum verður áfram á svokölluðu Kaupfélagsplani, en sú breyting gerð að malbik á því er tekið burt, þar sem það er orðið slitið, og svæðið hellulagt í staðinn. Sjá nánar á www.bb.is



55
ÁRA



Verslunin Rumgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opíð virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

Húsgagnavinnustofa RH



Ráð gegn mosa

MOSAVÖXTUR ER EITT AF ÞVÍ SEM SETUR LJÓTAN SVIP Á GRASFLATIR HÉRLENDIS. Á VEF HÚSASMÍÐJUNNAR ER TALIN UPP NOKKUR GAGNLEG RÁÐ UM HVERNIG LOSNA MEGI VIÐ HANN.

Ef hávaxin tré eru til staðar er gott að grísa þau til að hleypa birtu að grasflötinni. Svo er hægt að fjarlægja mosann með sérstökum eyði og/eða tættara. Flötina má líka gata og setja 3-5 cm lag af sandi yfir til að þurrka hana, þar sem mosi þrífst best í rökum og jafnframt loftlausum jarðvegi. Þá er tilvalið að bera áburðarkalk á grasflötina, mánaðarlega á sumrin en skammturinn er minnkaður í hvert skipti. Stundum er nauðsynlegt að leggja drenrör í lóðina til að minnka rakann í jarðveginum.



Mosatættari.

Verðlaunagarður í Garðabæ

Hjónin Rögnvaldur Finnbogason og Hulda Ingvarsdóttir hlutu á dögnum umhverfisviðurkenningu bæjarstjórnar Garðabæjar fyrir fallegan garð.

Í umsögn bæjarstjórnar kemur fram að Rögnvaldur og Hulda hafi fengið viðurkenninguna fyrir snyrtilegan garð, einkum og sér í lagi skemmtilega klipptan trjágróður, en garðurinn er umvafinn trjám og blómum af ýmsum gerðum og stærðum svo minnr helst á ævintýraveröld.

Er þetta í þriðja sinn sem hjónunum hlotnast viðurkenning af þessu tagi, þá fyrstu fengu þau árið 1991 og svo 1996, enda hafa þau lagt sig fram við að gera garðinn eins fallegan og unnt er síðan þau fluttu í Garðaflöt 17 árið 1971.

Rögnvaldur segir það ekki hafa gengið átakalaust fyrir sig að koma garðinum í núverandi horf. „Við gróðursettum ótrúlegt magn plantna í garðinum í upphafi, örugglega eitthvað um 180 stykki, og gættum þess að stúka garðinn til að hafa gott skjól,“ útskýrir hann. „Svo eyddum við nokkrum tíma í að færa plönturnar til að finna handa þeim hentug svæði.“

Að sögn Rögnvaldar er garðurinn nú gjörbreyttur frá því að hann hlaut fyrstu viðurkenninguna, svo ekki sé nú talað um frá þeim tíma sem þau Hulda tóku við húsinu. „Ég hef alla tíð hirt vel um garðinn, gætt þess að garðflöturinn sé í góðu ástandi og allir kantar snyrtilega skornir,“ segir hann. Hann segist líka alltaf hafa verið eins og montinn hani með garðinn burtséð frá öllum viðurkenningum, þótt hann sé bæjarstjórn auðvitað þakklátur fyrir að hafa sýnt þeim hjónunum þennan heiður.

Aðspurður segist Rögnvaldur hafa verið áhugasamur um gróður og fallett umhverfi frá fyrstu tíð. „Ætli ég sé bara ekki svona rómantískur í mér,“ segir hann og hlær. „Ég tel mig hafa þurft að hafa eitthvað fyrir stafni fyrir






Í bíltúr í Ford GT?

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðuðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

FORD GT

Smelltu á ford.is og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar líða fer á sumarið.

GO ALMANNATENGSÍL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Sumarið er í Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukni er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% er Lmyntkarla. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuefirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á aðalmynd: álfelgur.

Fangaðu augnablikið... með SONY

DCR-SR90 Stafræn tökuvélin með 30GB hörðum disk



3 MEGA pixel Primary Color CCD
Built-in 30GB HDD
CZ Vario Sonnar T* Lens (30mm)
10x Optical Zoom 120x Digital
2.7" Wide Hybrid LCD Monitor (123 K)
Touch panel function w/ Active Menu
5.1ch Surround Recording with Built-in MIC
Built-in Flash

Hágæða Carl Zeiss
Vario-Tessar linsa með
20x aðdrætt

Engar spólur
- engir diskar
- enginn vandi

5.399,-
á mánuði í 12 mánuði
64.788,- staðgreitt

DCR-HC35 Stafræn tökuvélin



Carl Zeiss Vario-Tessar linsa
20x Optical Zoom
2.5" LCD Snertiskjár (123 K)
Einfaldur "Click to DVD" hugbúnaður
i.LINK (DV IN/OUT)
Fjarstýring og USB kapall fylgir
Tengistöð fylgir

5.1 heimabíóhljóðupptaka með innbyggða hljóðnemanum

Click to DVD - einfalt og þægilegt að koma upptökunum á DVD

12.499,-
á mánuði í 12 mánuði
149.988,- staðgreitt

Aukahlutapakki að verðmæti 16.995.- fylgir



Aukahlutapakki
BC-TRP NiCd-bátur
NP-FP50 NiCd-bátur
Myndaveiataska
ALPHA 1000 Þrífótur

You make it a Sony

Sony Center Kringlunni

STUÐ MILLI STRÍÐA: Allsberir karlmenn og jafnréttisumræðan

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR LÆTUR CHIPPENDALES-DANSFLOKKINN EKKI KOMA SÉR TIL.



Hópur íturvaxinna karlmanna er á leiðinni til landsins í þeim tilgangi að dansa fáklæddir fyrir íslensku kvenþjóðina á Broadway. Þeir segjast fæddir til þess að þóknast konum en samt sem áður get ég ekki sagt að ég brenni í skinninu af eftirvæntingu.

Í viðtali í Fréttablaðinu fyrir helgi sagði forspraki hópsins, sem leit út eins og ofvaxin olíuborin Ken-dúkka, að félagarnir myndu ekki enda sýninguna naktir á sviðinu heldur ætluðu þeir að halda G-strengnum. Ég fékk hroll við þessa lesningu. Ekki unaðshroll eins og ætla mátti heldur langvarandi kjánahroll sem rann niður eftir bakinu. Ég veit ekki hvor

tilhugsunin hryllir mig meira. Hópur olíuborinna karlmanna að dansa naktir saman á sviðinu á Broadway eða hópur olíuborinna karlmanna að dilla sér í G-strengs brókum einum fata. Hvort tveggja er álíka kjánalegt.

Einhverra hluta vegna er það nefnilega þannig að meðan strippandi konur þykja kynsandi hjónadjöflar ná strippandi karlmenn sjaldan að verða annað en bara myndir. Koma Chippendales-hópsins vekur ekki upp umræðu um mansal og vændi og ég efast um að margar hús-mæður eigi eftir að eyða öllum tekjum heimilisins í þessa pílta meðan eiginmennirnir sitja heima og svæfa börnin.

Ég var einmitt að lesa umfjöllun-

ina um þennan ágæta dansflokk þegar félagi minn leit yfir öxlina á mér og sagði: „Jæja, nú ættu femínistarnir að vera ánægðir fyrst það er farið að bjóða upp á strippandi stráka líka.“ Ég hváði. Jafnrétti kynjanna felst ekki í því að jafna bara hlutfall karla og kvenna á þeim sviðum þar sem annað kynið hefur hingað til verið í meirihluta. Að líta á fjölgun karlstrippara sem lið í jafnréttisbaráttunni er álíka glötuð jafnréttissýn eins og að ætla að útrýma launamun kynjanna með því að lækka laun karlmanna.

Chippendales-dansflokkurinn er kannski ágætis skemmtun fyrir þá sem vilja horfa á þvengklædda karlmenn - en við skulum láta allt tal um jafnrétti liggja á milli hluta.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



NÝTT&FERSKARA HÉR&NÚ



Halla B. Þorkelsson

Lætur áföllin ekki aftra sér!



Ína úr Idolinu

Ánægð með útlitið og ætlar alla leið!



Anna Día og dætur

Kenna konum að spila golf!

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA





Kl. 11
Arnar Ingi Gylfason heldur aðra einkasýningu sína á Thorvaldsen Bar í Austurstræti. Sýningin stendur til 8. ágúst.

menning

menning@frettabladid.is

Nýtt líf fyrir gamlar bækur

Fæst okkar vilja henda bókum þrátt fyrir vissuna um að við munum ekki lesa margar þeirra nema einu sinni. Fyrir þá sem vilja losna við lesnar bækur og fá í staðinn önnur og fýsilegri rit má benda á heimasíðuna www.bookmooch.com sem er nokkurs konar alþjóðlegur rafrænn skiptimarkaður fyrir bækur. Kerfið virkar þannig að lesendur fá gefins bók í hvert sinn sem þeir gefa eintak, hægt er að skrá inn bæði lista yfir gjafabækur og óskalista yfir þær sem eru á leslistanum og kerfið sér til þess að óþreyjufullir lesendur með takmarkað hillupláss eru tengdir saman á fljótvirkan hátt. Markmið síðunnar er að halda bókum í



ÁTTU MARGT ÓLESIÐ ENN? Margar einnota bækur öðlast framhaldslíf með hjálp heimasíðunnar Book Mooch.

umferð því líkt og getið er á síðunni er ekkert verra fyrir bókmenntirnar en að en bækur stöðvist í hillunum og séu ekki lesnar. Það kostar ekkert að nýta sér þjónustu heimasíðunnar en hún er rekin á auglýsingatekjum frá vefversluninni Amazon sem hefur hlekk inni á skiptisíðunni fyrir þá sem ekki finna þar allt sem þeir leita að.

Þess má einnig geta að sérstakt stigakerfi er skipulagt fyrir notendur síðunnar þar sem þeir geta safnað fé til að niðurgreiða flutningskostnað bókanna eða safnað fyrir líknarfélög eða hjálparamtök.

>Ekki missa af...

fjölbreyttri sviðslistahátíð í fyrrum húsakynnum **Ó. Jónssons & Kaaber** við Sættún. Á **Art Fart** er leiklist og danslist í bland við aðra menningarlega tilraunastarfsemi.

myndlistarsýningu **Tedda í Perlonni**. Tilkomumiklir viðarskúlptúrar með sál og langa sögu.

Fullkomnu brúðkaupi Leikfélags Akureyrar sem nú er sýnt í **Borgarleikhúsinu**. Aðsóknarmesta leiksýning ársins **Kitlar** hláturtaugarnar.

Líka fyrir þig;
 lífið, fréttirnar
 og fjörið á ensku

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Footloose

17. ágúst - kl.20:00 - Uppselt
 18. ágúst - kl.20:00 - Örfá sæti
 24. ágúst - kl.20:00 - Örfá sæti
 25. ágúst - kl.20:00 - laus sæti
 31. ágúst - kl.20:00 - laus sæti
 01. sept - kl.20:00 - laus sæti

Þú getur sýnt þetta í síma 548 8000
www.borgarleikhus.is
www.punni.is/footloose

MR. SKALLA GRIMSSON
 Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi
 Sýningar í ágúst og september

Laugardagur 19. ágúst kl. 20 uppselt
 Sunnudagur 20. ágúst kl. 15 örfá sæti laus
 Sunnudagur 20. ágúst kl. 20 örfá sæti laus

Föstudagur 25. ágúst kl. 20 örfá sæti laus
 Laugardagur 26. ágúst kl. 15 uppselt
 Laugardagur 26. ágúst kl. 20 uppselt

Laugardagur 2. sept kl. 20
 Sunnudagur 3. sept kl. 15
 Sunnudagur 3. sept kl. 20

KVÖLDVERÐARTILBOÐ
 Tvírétaður matur og leikhúsmiði 4300 - 4800
 Pantíð miða tímanlega í síma 437 1600 Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag.



Gamlar perlar og nýir gullmolar

Félagar í tékkneska tónlistarhópnum **Musica ad Gaudium** sækja Ísland heim í annað skipti og flytja hlustendum endurreisnar og barokk-tónlist í bland við heillandi nýsmíðar.

Hópurinn hefur verið á ferð ásamt Eyðísi Franzdóttur, óbóleikara, sem hefur starfað talsvert með hópnum á undanföllum árum en samstarfið hófst þegar Eyðís var búsett í Tékklandi og lék með útvarpshljómsveitinni í héraðinu Pilzen þaðan sem hópurinn rekur rætur sínar.

„Þessi hópur hefur starfað lengi saman og farið víða, sérstaklega á meginlandi Evrópu,“ útskýrir Eyðís. „Þau sérhæfa sig í flutningi á barokk- og endurreisnartónlist, það er þeirra aðalflug og þau spila gjarnan nýja tónlist í bland svo efnisskráin er krydduð með nútímatónlist.“ Á tónleikunum nú flytur hópurinn til að mynda nýtt verk eftir Jiri Bezdek, dúó fyrir óbó og sembal, sem sérstaklega er samið fyrir Alenu Tichá semballeikara hópsins og Eyðísi.

Hópin skipa, auk Alenu, flautuleikarinn Jaromír Tichý, Václav Kapusta fagottleikari og sópransöngkonan Andrea Brožáková en þau taka öll virkan þátt í hinu fjölbreytilega tónlistarlífi Tékklands sem einleikarar, í hljómsveitar- og kammertónlist auk þess að starfa við kennslu.

Í fyrri heimsókn sinni hélt hópurinn rómaða tónleika í Sigurjónsafni og Eyðís kveðst nokkuð spennt fyrir efnisskránni þar sem hún nefnir sérstaklega tvær kantötur, annars vegar fyrir sópran, flautu og bassafylgiródd eftir Georg Phillip Telemann og hins vegar ástarkantötu eftir Georg Friedrich Händel þar sem allur



EYÐÍSI FRANZDÓTTIR ÓBÓLEIKARI ÁSAMT TÓNLISTARHÓPNUM MUSICA AD GAUDIUM Góðir gestir frá Tékklandi leika barokk- og endurreisnartónlist í blandi við nútímatónlist.

hópurinn leikur saman. „Þetta eru verk sem þau hafa grafið upp og ég hafði aldrei heyrt áður. Alveg rosalega falleg tónlist og algjörir gullmolar í mínum eyrum,“ segir Eyðís. Auk fyrrgreindra verka flytur hópurinn líka lagaflokk eftir tékkneska tónskáldið Jiri Bezdek, einleiksverk fyrir sembal eftir Ditrich

Buxtehude og sönglagasýrpu eftir John Dowland.

Hún útskýrir einnig að nafn hópsins, **Musica ad Gaudium** - tónlist gleðinnar - sé einkar viðeigandi því tónlistarfólkið sé með afþirgðum lífsglattu auk þess að leika undurfagra músík.

Hópurinn heldur tónleika í Reyk-

holti í Borgarfirði á morgun kl. 20 og kemur síðan fram í Salnum í Kópavogi kl. 20 á miðvikudagskvöldið. Tónleikaferðalaginu lýkur síðan í Vestmannaeyjum næstkomandi laugardag þar sem þau leika í safnaðarheimili Landakirkju kl. 17. Ókeypiss aðgangur er á alla tónleikana.

- khh

Fjölskylduvæn heimildarmyndasamkeppni

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík (RIFF) efnir til samkeppni um bestu heimagerðu heimildarmyndina í samstarfi við Apple IMC.

Landsmenn luma án efa á óborganlegum myndbrotum úr afmælum og fermingum en nú er tækifærið til þess að nýta upp-tökuvélina til stærri verkefna og

gera fjölskyldunni skil með staf-rænum hætti.

Fyrirkomulag keppinnar er með því sniði að þátttakendur senda inn mynd, að hámarki tíu mínútna langa, þar sem fjölskyldan er umfjöllunarefni eða yfirskrift. Myndin verður að vera klippt með iMovie-hugbúnaði og skal henni skilað inn á DVD-diski fyrir 15. september. Þeir þátttakendur sem ekki hafa aðgang að hugbúnaðinum get fengið aðstöðu til þess að klippa myndina hjá Apple á Íslandi.

Dómnefndina skipa leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir, Árni Ólafur Ásgeirsson leikstjóri og Bjarki Guðjónsson frá Apple.

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík fer fram 28. september til 8. október og verður myndin sýnd á lokadegi hátíðarinnar sem helguð er fjölskyldunni. Í verðlaun eru augljós heiður og Mac-Book fartölva.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu hátíðarinnar, en slóðin er www.filmfest.is

- khh



HVERNIG MYNDAST FJÖLSKYLDAN ÞÍN?

Heimildarmyndasamkeppni fyrir heimagerðar fjölskyldumyndir.

Aðsóknarmesta sýning síðasta leikárs!

Drepfyndinn gamanleikur í Reykjavík!

Miðasala er þegar hafin!

Föstudaginn	18. ágúst	kl. 20:00
Laugardaginn	19. ágúst	kl. 20:00
Laugardaginn	26. ágúst	kl. 19:00
Laugardaginn	26. ágúst	kl. 22:00



Á PAKINU



LEIKFÉLAG AKUREYRAR



Miðasala í síma 551 4700 // opið 13:00-17:00 // www.midi.is // Austurbærjörð - Snorrabraut 37



MYNDLISTARMAÐURINN JØRGEN HANSEN OG VINNUHÓPUR HANS Kveikja í þriggja metra háum leirskúlpútur á Menningarnótt.

Logandi listabál

Fjölbjódlegur hópur dugnaðarforka er nú í óða önn að reisa myndarlegan skúlpútur við Norræna húsið í Reykjavík en þar starfar danski myndlistarmaðurinn Jörgen Hansen að verkinu „Tilfærsla“ sem ná mun hámarki sínu á Menningarnótt um næstu helgi.

Listamaðurinn útskýrir að gerð skúlpúrsins sé hluti af verkinu en það hófst 4. ágúst síðastliðinn og það hefur víst gengið á ýmsu - íslenskt veðurfar hefur til að mynda sett strík í reikninginn en nú gengur verkið glatt og skúlpúturinn er farinn að taka á sig mynd.

Hansen útskýrir að verkið fjalli um breytingar og þróun og hafi sterka vísun til náttúrufars og staðhátta á Íslandi. Hann hefur gert hliðstæð verk í fjölmörgum öðrum löndum en dreymir um framkvæma gjörn-

ing sinn í öllum norrænu löndum.

Gripurinn verður þriggja metra hár og gerður úr átta tonn-um af sérstökum leir sem Hansen útskýrir að sé hálf-danskur og hálf-íslenskur. „Fólk getur komið hingað og séð hvernig skúlpúturinn verður til, hvernig leirinn breytir um lögum og verkið stækkar dag frá degi. Þetta verður sífellt æsilegra og á ákveðnum tímamarki kveikjum við í honum. Þegar hitinn hefur náð 1100 gráðum fjarlægjum við einangrunina og þá glóir verkið fyrir augum fólks,“ segir hann.

Áhugasamir eru eindregið hvattir til þess að líta við í Vatnsmýrinni og sjá hópinn að störfum en einnig má fylgjast með verkinu og fræðast meira um þennan óvenjulega listamann á heimasíðunni hans, www.firingsculptures.com

- khh



AÚ & J

Anna & útlitið &

The Academy of
Colour and Style

ALPJÓÐLEGT NÁM Í ÚTLITSRÁÐGJÖF

ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreiningu, fatastill og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjú mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í lönskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.



Anna F. Gunnarsdóttir

Stundaskrá

1. Önn

Litgreining
Förðun út frá litgreiningu
Litasamsetning

2. Önn

Fatastill
Fatasamsetning
Textill

Starfsmöguleikar:

Innkaupastjóri
Útlitsráðgjafi
Stilisti
Verslunarstjóri

Kristín, ráðgjafi

Ég hef mikin áhuga á að starfa með fólki, veita ráðgjöf varðandi fatnað, líti og förðun sem hentar hverjum og einum. Mér finnst námið bæði lífandi og skemmtilegt sem einnig hefur opnað margar dyr til frekari náms á þessu sviði.



Birna, verslunareigandi - Stilistinn

Það hefur alltaf verið draumur hjá mér að stofna verslun með fatnað. Námið gaf mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að fara út í reksturinn. Einnig nýti ég námið til þess að ráðleggja viðskiptavinum mínum hvaða snið og litir hentar þeim í val á fatnaði.



Skjöldur Mio, tiskuráðgjafi

Ég taldi mig vita flest allt um tisku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn.

Ég hef lært heimikið um fatasamsetningu, textil, litafraði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.



UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNTRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN



Sex til 7

Guðrún og Felix eru byrjuð aftur eftir sumarfrí
Pátturinn er sýndur alla virka daga á SkjáEinum milli 18 og 19
og endursýndur milli 7 og 8 alla virka morgna.

Nú nærðu SKJÁEINUM í gegnum Digital Ísland





Disney dreifir nýjustu kvikmynd Mel Gibson

Disney-fyrirtækið er hætt við að bjóða öðrum kvikmyndafyrirtækjum nýjustu kvikmynd Mel Gibson, *Apocalypto*. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu stefndi allt í að fyrirtækið myndi gefa frá sér myndina eftir að Gibson var handtekinn fyrir ölvunarakstur og lét í kjölfarið hafa eftir sér niðrandi ummæli um gyðinga. „Það er ekki rétt að hið „fjölskylduvæna“ fyrirtæki ætlaði sér að selja rétt sinn á *Apocalypto* vegna ummæla leikarans um gyðinga,“ sagði talsmaður Disney-fyrirtækisins. Stuðningur Disney við Gibson kemur mörgum á óvart því ekki er langt síðan sjónvarpsstöð afþreyingarveldisins, ABC, hætti við að taka þátt í gerð sjónvarpsþátta um helför gyðinga sem Gibson hefur haft á þrjónunum í mörg ár.

Það virðist því loks vera farið að sjást til sólar hjá Gibson eftir að fjöldi áhrifamikilla aðila innan bandaríska kvikmyndageirans

hafði nánast tekið hann af lífi í fjölmiðlum vegna ummællanna enda gyðingahatur ákaflega viðkæmt mál í Bandaríkjunum. Gibson leikur ekki sjálfur í myndinni og er reiknað með því að hann muni ekki ganga fram fyrir skjöldu þegar kemur að kynningum á myndinni.

Apocalypto fjallar um Maya-menningarveldið og skartar lítt þekktum leikurum í aðalhlutverkum. Allir leikarar tala hið forna mál Yucatec og hefur Gibson sagt hana fjalla um samfélagið og það sem haldi því saman.

SÁTTUR Disney-fyrirtækið hefur vísað þeim fréttum á bug að það ætli sér ekki að dreifa mynd Mel Gibson, *Apocalypto*.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



Íslensk hönnun á tískuvíku í Kaupmannahöfn

Núna stendur yfir hin mikla tískuvíka í Kaupmannahöfn og Íslendingar streyma þangað, bæði fatahönnuðir og kaupendur frá tískuvörverslunum landsins. Hin norræna umboðsskrifstofa Salka Agency stóð fyrir tískusýningu á föstudaginn þar sem íslensku merkin Elm, Dead, Indriði og Steinunn sýndu meðal annarra norræna merkja fatalínur fyrir sumarið 2007.

Salka Agency er með fjöldann allan af merkjum á sínum snær-

um og henni stjórnar Sigrún Guðný Markúsardóttir sem lengi hefur verið viðloðin tískubransann hér heima. Umboðsskrifstofan Salka sérhæfir sig í nýjum og spennandi fatamerkjum frá Norðurlöndunum en mikil gróska er í hinum skandinavíska tísukeimi um þessar mundir. Plötusnúðurinn íslenski Hermigervill lék undir á sýningunni og af myndunum að dæma vakti íslenska hönnunin mikla athygli gesta.

alfrun@frettabladid.is



HRESSAR OG KÁTAR Lisbet og Matthildur eiga heiðurinn að ELM Design sem vakið hefur mikla athygli hérlandis og erlendis fyrir skemmtileg snið og fallegan klæðnað.



HAUSKÚPUR Dead sýndi fatalínu sína og gestirnir voru hrifnir af hauskúpu- og rokkafríflingnum í fötunum frá Dead.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



GLÆSILEGT Ljóst píls og svört slá yfir herðarnar er fallegt hjá Steinunni.



PLÖTUSNÚÐURINN Hermigervill þeytti skífum eins og honum einum er lagið í sýningunni. Hér er hann ásamt Báru.



ÁNÆGÐIR Íslensku hönnuðirnir Steinunn og Indriði, sem hannar klæðaskerasniðinn herrafatnað undir eigin nafni, voru glöð í lok sýningar enda uppskárú þau mikið lófaklapp.



FYLGST MEÐ AF ÁHUGA Gestir voru vel með á nútunum og skoðuðu flikurnar frá ELM af miklum áhuga.



FRÁBÆR Flottur kjóll úr smíðju Steinunnar fyrir næsta sumar.



HVÍTUR Flottur sumarkjóll frá ELM Design.

Vanity Fair fékk einkaréttinn á Suri Cruise

Tímaritið Vanity hefur fengið einkarétt á að birta fyrstu myndirnar af Suri Cruise, fyrsta barni Tom Cruise og Katie Holmes. Suri fæddist 18. apríl og hefur Penelope Cruz lýst henni sem gullfallegu kornabarni. Engar myndir hafa birst af stúlku barninu og því ljóst að þetta er mikill happafengur fyrir tímaritið ef satt reynist.

Fréttavefur CNN greinir frá því að ljósmyndarinn Anne Leibovitz muni taka myndirnar og að þær komi fyrir almenningssjónir með haustinu. Talsmaður ljósmyndastofu Leibovitz sagðist hins vegar ekkert kannast við þessa myndatöku og talsmaður Cruise vildi ekki láta neitt hafa eftir sér.

Suri Cruise hefur verið lýst sem

eftirsóttasta kornabarni heims um þessar mundir enda er líkt og jörðin hafi gleypst þau Tom Cruise og Katie Holmes eftir að barnið fæddist. Fréttavefur CNN gengur jafnvel svo langt að líkja Suri við furðufuglinn Howards Hughes sem var alltaf í öllum helstu slúðurdálkum blaðanna án þess að til væri af honum mynd.

Varla var til sá fjölmiðill sem ekki fjallaði um ástarsamband Cruise og Holmes enda komu þau fram í þætti Oprah Winfrey þar sem Cruise hoppaði á sófanum um leið og hann sagðist dýrka Holmes. Hann bað síðan sinnar heittelskuðu í París og fengu fjölmiðlar að fylgjast með þessu öllu saman í beinni útsendingu. Margir töldu að sam-

bandið væri einungis hluti af markaðsherferð Cruise en á þessum tíma var hann að kynna Mission: Impossible 3 og Holmes lék stórt hlutverk í Batman Begins. Mission: Impossible fékk þó ekki þá aðsókn sem reiknað hafði verið með og Katie Holmes var tilkynnt að þjónustu hennar væri ekki lengur óskað í Batman-flokknum.

Angelina Jolie og Brad Pitt hafa leyft myndatökur af Shiloh dóttur sinni og seldu einkaréttinn fyrir nokkra tugi milljóna sem síðan voru gefnar til styrktar góðs málefnis. Fjölmiðlar í Bandaríkjunum bíða því spennir eftir að fréttu hversu mikið Vanity Fair greiddi fyrir einkaréttinn en það er talið nema nokkrum tugum milljóna. - fgg



CRUISE OG HOLMES Líkt og jörðin hafi gleypst hjónakornin eftir að Suri Cruise kom í heiminn. CNN greindi frá því fyrir helgi að Vanity Fair hefði fengið einkaréttinn á myndum af barninu.



BRITNEY OG KEVIN Hamingjusamlega gift.

Endurnýja heitin

Britney Spears og eiginmaðurinn Kevin Federline ætla að endurnýja hjúskaparheit sín. Eftir að hafa þurft að ganga í gegnum alls kyns sögusagnir um að hjónabandið gangi illa vilja þau sýna hvað þeim finnst. Britney og Kevin ætla að ganga aftur upp að altarinu í október eftir að annað barn þeirra kemur í heiminn. „Britney vill sýna heiminum að hún er hamingjusamlega gift,“ sagði vinur hjónanna. Ekki eru nema tæp tvö ár síðan Britney og Kevin gengu í hjónaband.



CHRISTINA Finnst naktir kvenlíkamar oft flottari en karlmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Heit fyrir Halle Berry

Christina Aguilera segist vera heit fyrir Halle Berry, enda laðist hún að konum og elski að horfa á nakta líkama þeirra. Frægt varð þegar Aguilera smellti blautum kossi á Madonna á MTV-hátíð árið 2003 og nú viðurkennir hún fúslega hug sinn til kvenna. „Stundum finnst mér naktar konur flottari en karlmenn. Halle Berry er til dæmis gullfalleg. Ég segi samt hvorki já eða nei,“ sagði Aguilera.

Reynir við Óskarinn

Snillingurinn Jessica Simpson flugar nú að leika í endurgerð af kvikmyndinni Working Girl. Jessica er mjög áfjád um að ná sér í aðalhlutverk í kvikmynd og list að sögn vel á hlutverk Tess McGill, hlutverkið sem skilaði Melanie Griffith Óskars-tilnefningu árið 1988. „Þetta er bara eitt af þeim hlutverkum sem Jessica er að skoða um þessar mundir,“ sagði afar sannfærandi talsmaður söng- og leik- konunnar.

JESSICA SIMPSON



EIN AF MÖRGUM

Í TÖLVULISTANUM ER MESTA ÚRVAL FERÐAVÉLA Á ÍSLANDI OG ER DELL INSPIRON 6400 AÐEINS EIN AF MÖRGUM



DELL INSPIRON 6400 FERÐATÖLVA

Glæsileg Dell ferðatölva með öflugum **1.73GHz** Intel Core Duo T2250 örgjörva, **2GB Dual DDR2** vinnsluminni, **100GB** SATA harðdisk, DVD±RW/DL skrifara, **15.4"** WideScreen WSXGA Ultrasharp skjá, **256MB** ATI Radeon X1400 skjá korti, 10/100 netkorti, módemi, þráðlausu neti, rafhlöðu sem endist í allt að **4** klukkustundir og Windows **XP PRO** stýrikerfi á íslensku eða ensku

EINSTAKT VERÐ AÐEINS 189.900

TÖLVULISTINN

Tölvulistinn. Nóatúni 17 **Reykjavík**. ☎ 562 6730 • Tölvulistinn. Glerárgötu 36 **Akureyri**. ☎ 464 7400
Tölvulistinn. Hafnargötu 90 **Keflavík**. ☎ 534 7400 • Tölvulistinn. Miðvangi 2-4 **Egilsstaðir**. ☎ 471 2400



Nýtt í bíó 16

SVALASTA SPENNUMYND SUMARSINS

FRÁ MICHAEL MANN LEIKSTJÓRA
"COLLATERAL" OG "HEAT"
COLIN FARRELL JAMIE FOXX

MIAMI VICE

THE SENTINEL

ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR L

SILENT HILL XFM

OVER THE HEDGE

STICK IT

PRAIRIE HOME COMPANION L

CLICK 50.000 KLAMMIR

DA VINCI CODE SÍÐUSTU SÝNINGAR

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

Bongarbíó Sími 462 3500

MIAMI VICE	kl. 5, 8 og 10.50 B.L. 16 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	kl. 5, 8 og 10.50
THE SENTINEL	kl. 5.40, 8 og 10.20 B.L. 14 ÁRA
ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR	ISL. TAL. kl. 4 og 6
SILENT HILL	kl. 10 B.L. 16 ÁRA
OVER THE HEDGE	ISL. TAL. kl. 4 og 6
OVER THE HEDGE	ENSKT TAL. kl. 4 og 8
STICK IT	kl. 8 og 10.20

400 kr. í bíó! Gætt á allar sýningar í dagþingum merkis með rauðu

www.laugarasbio.is

Sími 553 2075 **LAUGARAS BÍÓ** bara lúxus

MIAMI VICE

FRÉCHHEAR MARK ELLIOTT OG COLIN FARRELL

JAMIE FOXX COLIN FARRELL

ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR

SÝND KL. 4 OG 6 ISL. TAL.

SÝND KL. 4, 7 OG 10-POWER B.L. 16

TOKYO DRIFT

SÝND KL. 10 B.L. 12

THE SENTINEL

SÝND KL. 8 OG 10.15 B.L. 14

www.laugarasbio.is



ER EKKI HRÆDDUR Daniel Craig hefur mátt þola háðsglósúr frá þeim sem telja hann ekki henta í hlutverk James Bond. Hann ætlar sér að sanna sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Craig segist vera hataður

Með hverri vikunni styttist í Casino Royale - nýjustu James Bond myndina. Sjaldan eða aldrei hefur staðið jafn mikill styr um valið á þeim sem fetar í fótspor þeirra Sean Connery, George Lazenby, Roger Moore, Timothy Dalton og Pierce Brosnan en Daniel Craig er hins vegar hvergi banginn.

Leikarinn breski, sem vakti mikla athygli fyrir leik sinn í kvikmyndunum Layer Cake og Munich, var í viðtali við tímaritið Entertainment Weekly og sendi þar hatursfullum andstæðingum sínum tóninn. „Ef ég færi á netið og skoðaði það sem er sagt um mig myndi það gera mig brjáláðan,“ sagði Craig í samtali við blaðið en viðurkennði þó að hafa litnið öðru hvoru inná spjallsvæðin. „Því miður,“ bætti Craig við.

Nýlega var sett á laggirnar heimasíðan craignotbond.com þar sem óvildarmenn Craig

SÁ BESTI? Margir eru þeirrar skoðunar að Sony og Broccoli-fjölskyldan hafi gert mistök með því að ráða Pierce Brosnan ekki aftur.

gátu ausið úr skálum reiði sinnar með ákvörðun Broccoli-fjölskyldunnar, sem á einkaréttinn á James Bond, að velja fyrsta ljóshærða Bondinn. „Þeir hata mig og finnst ég ekki rétti maðurinn í hlutverkið. Fólk er ástríðufullt þegar kemur að því hver eigi að leika James Bond og ég get skilið það. Hins vegar vildi ég óska þess að ég yrði dæmdur af verkum mínum,“ sagði Craig en miðað við þau viðbrögð sem „trailer“ myndarinnar hefur fengið þarf hann ekkert að óttast enda hefur Barbara Broccoli þegar fengið hann til að leika í næstu James Bond mynd.

Craig fann strax fyrir mikilli utanaðkomandi pressu fyrir atriðið þegar Bond segir til nafns með hinni heimsfrægu línu. „The name is Bond, James Bond.“ Leikarinn segist hafa bægt öllum spurningum frá um hvernig hann

ætladi að gera þetta, ekki einu sinni áft sig fyrir framan spegil. „Ef ég hefði fengið einhverja þráhyggju gagnvart þessu yrði þessi setning bara eins og reipi í kringum hálsinn á mér,“ sagði Craig sem sagðist bara vilja hespa þessu af og láta það vera að klúðra setningunni.

Casino Royale er fyrsta bókin sem Ian Fleming skrifaði um þennan heimsfræga leyniþjónustumann. Hún þykir nokkuð ruddaleg og Bond langt frá því sem kvikmyndahúsagestir þekkja til persónunnar enda ákvað Craig að horfa á allar James Bond-myndirnar oftast en einu sinni en skilja síðan allt eftir sem hinir höfðu lagt til. „Mér finnst algjörlega ástæðulaust að gera þessa mynd án þess að gera eitthvað algjörlega nýtt,“ útskýrir Craig. „Þessi mynd væri tímasóun ef persóna Bond væri sú sama og fyrir tæpri hálfri öld síðan.“ -fgg



ENGINN ER BOND ÁN KVENNA Stúlkurnar sem ýmist leggja snöru fyrir Bond eða vinna hjarta hans eru hluti af hinni sönnu formúlu fyrir Bond-myndirnar. Hér er Craig ásamt þeim Evu Green og Caterinu Munroe en auk þeirra leikur Ivana Milicevic stórt hlutverk í myndinni.

Erfitt að greinnast

Leikkonan Gwyneth Paltrow hefur miklar áhyggjur af því að losa sig við kílóin sem hún bætti á sig þegar hún gekk með Moses son sinn. Hún upplýsir þetta í viðtali við Harper's Bazaar „Það er æðislegt að vera ólétt en eftir barnburð þegar þú ert ennþá með maga og aukakíló er ekki jafn gaman,“ segir Gwyneth en eiginmaður hennar er söngvarinn í Coldplay, Chris Martin, og eiga þau saman tvö börn sem bera nöfnin Apple og Moses.

Gwyneth er 33 ára gömul og segist sannfærð um að brjóstgjöf sé besta leiðin til að greinnast eftir barnburð. Gwyneth var jafnframt spurð hvort henni fyndist hún hafa endurheimt sinn fyrri þokka. „Nei, þú ættir að sjá appelsínuhúðina á lærunum á mér,“ svaraði hún í gríni.



GWYNETH PALTROW Henni finnst æðislegt að vera ólétt en hatar aukakílóin sem fylgja óléttu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vel sáinn akur

TÓNLIST

[UMFJÖLLUN]

Það er Íslendingur í þessari duglegu bresku sveit sem þeysist þessa dagana heimshornanna á milli að spila lög af þessari frumraun sinni. Þau ættu að vera nýkomin frá Japan og mig grunar að þangað hafi söngkonan Þórunn Antónía aldrei komið áður. Þessi hljómsveit var stofnuð í fyrra og gaf út sína fyrstu smáskífu á eigin vegum í Bretlandi í mars síðastliðnum við frábærar undirtektir. Vegna velgengni hennar komust þau á samning og þessi fyrsta breiðskífa þeirra inniheldur öll lög af smáskífunni, auk fjögurra laga sem höfðu ekki komið út áður.

Þórunn er nú svo sem ekki í neinu aðalhlutverki hérna eins og hún var í hljómsveitinni The Lovers. Hér raddar hún aðalsöngvara og lagahöfund sveitarinnar og ég held að hún spili líka með á hljómborðið og klukkuspilið á tónleikum. Leikur svipaða rullu og stúlkann í Prefab Sprout gerði, ef einhver man eftir þeirri poppsveit. Samlíkingar við þá sveit eru heldur ekkert út úr kú, nema hvað að þessi á það líka til að minna á Sonic Youth, Sloan og Belle and Sebastian.

Það verður bara að segjast eins og er að það hlýlir heilmikill galdur yfir þessari sveit. Þetta er mjög sætur hrærigrautur, þar sem áhrifum úr ólíklegustu átum er blandað smekklega saman. Hér mæta t.d. angar úr breskri þjóðlagatónlist, tilraunakenndu indírokkki á borð við My Bloody Val-



FIELDS

7 FROM THE VILLAGE

Niðurstaða: Þórunn Antónía og félagar hennar í Fields geta verið stolt af frumraun sinni. Afbragðs breiðskífa sem hefur þann eina galla að vera allt of stutt.

entne. Og öll hljóðvinnsla er til fyrirmyndar. Ef þessi sveit nær að framkalla þennan sama sjarma á sviði er ekkert því til fyrirstöðu að hún geti komið sér í svipaða stöðu og sveitir á borð við The Beta Band eða Super Furry Animals. Stærsti munurinn á þessari sveit og þeim er að Fields er með betri lög. Svo draumkennd á köflum að maður vaknar með þau á munninum eftir góðan svefn.

Ég held að eini galli þessara plötu sé hversu stutt hún er. Hér eru einungis sjö lög sem rétt svo slefa yfir 26 mínúturnar. Síðast þegar ég vissi miðuðust breiðskífumörkin við 21 mínútu, þannig að þær gerast varla mikið styttri en þessi. Það er því nokkuð hentugt að hún þoli svona vel ítrekaða hlustun því mig langar nær alltaf að heyra meira þegar henni er lokið. **Birgir Örn Steinarrson**

FRA MICHAEL MANN LEIKSTJORA "COLLATERAL" OG "HEAT"

SVALASTA MYND SUMARSINS.

COLIN FARRELL JAMIE FOXX

MIAMI VICE

OVER THE HEDGE

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2

THE LONG WEEKEND

THE BREAK UP

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2

HALF LIGHT

MIAMI VICE KL. 5-8-11 B.I. 16

MIAMI VICE VIP KL. 2-5-8-11

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 2-5-7-8-10-11 B.I. 12

THE LONG WEEKEND KL. 6:15-8:15-10:30 B.I. 14

OVER THE HEDGE *isl. tal* KL. 2-3-4 LEYFD

OVER THE HEDGE *enskt. tal* KL. 11 LEYFD

SUPERMAN RETURNS KL. 2-5-8 B.I. 10

BÍLAR *isl. tal* KL. 1:45-4 LEYFD

MIAMI VICE KL. 5-8-10:45 B.I. 16

*PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 5-8-11 B.I. 12

THE LONG WEEKEND KL. 8-10-11:50 B.I. 14

*OVER THE HEDGE *isl. tal* KL. 4 LEYFD

*OVER THE HEDGE *enskt. tal* KL. 6 LEYFD

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU, MYND OG HLJÓÐ

MIAMI VICE KL. 7-10 B.I. 16

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 7-10 B.I. 12

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 6-9 B.I. 12

OVER THE HEDGE *isl. tal* KL. 6 LEYFD

THE LONG WEEKEND KL. 8-10 B.I. 14

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 5:30-6-8:30-9-10:30 B.I. 12

HALF LIGHT KL. 5:30-8-10:30 B.I. 16

SUPERMAN RETURNS KL. 5:30-8:30 B.I. 10

THE BREAK UP KL. 5:30-8 LEYFD

SAMBÍÓIN SIMI: 575-8900

www.sambioin.is

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919



DRAGGDROTNING Í DANSI Ef ekki væri fyrir þera bringuna mætti halda að hér væri föngulegur kvenmaður á ferð. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Glamúr og glans í draggi

Færri komust að en vildu sjá flottustu draggkóngu og draggdrotningar spreyta sig í Draggkeppni Íslands 2006. Í Þjóðleikhúskjallaranum voru saman komin „alla þjóða kvikindi“ til að fylgjast með keppninni, sem haldin var í tengslum við Hinsegin daga. „Þetta er tvímælalaust besta draggkeppni sem haldin hefur verið á Íslandi“, segir Björn Gunnlaugsson, listrænn stjórnandi Draggkeppni Íslands. Allir kóngarnir og drottningarnar voru að sögn Björns að taka stór framfaraskref með atriðum sínum sem jafnan var lagt mikið í. „Fjölbreytnin á milli atriða var líka alveg svakaleg“, bætir hann við.

Um klukkan fjögur fóru keppendur að koma í hús og byrja fördunina. Dagskráin gekk svo ágætlega fyrir sig ef frá eru taldir nokkrir hnökraðir sem komu til vegna mannmörgðarinnar í húsinu. „Við höfðum gert ráð fyrir að

keppendurnir myndu labba um salinn og á milli borðana hjá fólki, en það var svo troðið að þau komust ekki almennilega um í salnum“, segir Björn.

Sigurvegari í flokki draggkóngu var ljóðskáldið/rapparnir Halldór Jónsson Maack sem hreif salinn með sér í ljóðaupplestri. Aurora Borealis var svo sigurvegari draggdrotninga með listrænu atriði þar sem hún naut aðstoðar þriggja dansara.

„Ég er náttúrulega búin að vera að biða eftir þessu í átta ár“, sagði Aurora Borealis í samtali við Fréttablaðið. Hún er alvöru díva sem neitadi að taka þátt í draggkeppninni nema hún fengi lífrænt ræktaðar appelsínur frá Kýpur og fjölda bunningsherbergja, hvert í sínum litnum. „Svo vil ég endilega að Silvía Nótt skili mér símanum mínum með öllum contact-númerunum. Hún er rekin sem ritari“, bætir Aurora Borealis við.



PRÖNGT SETINN BEKKUR Læsa þurfti dyrum Þjóðleikhúskjallarans til að hægt væri að hefja „sjóð“, svo mikil ásókn var að draggkeppninni.



NÁKVÆMUR UNDIRBÚNINGUR Keppendur voru mættir allt að sex tímum fyrir keppnina til að undirbúa sig.

Fjögurra skyrtna tónleikar

Hinn sérvitri söngvari Morrissey hélt tónleika í Laugardalshöllinni á laugardagskvöldið við góðar undirtektir. Morrissey spilaði mestmegnis lög frá sólóferli sínum og var kynþokkafullur, ákveðinn og geysilega flottur í öllum sínum aðgerðum.

Greinileg spenna ríkti í Laugardalshöllinni rétt áður en tónleikarnir hófust enda var mættur á klakann tónlistarmaður sem hefur jafnvel verið nefndur sem áhrifamesti maður breskrar tónlistarsögu. Þó var á morgun hátt nokkuð furðulegt að sitja í Laugardalshöllinni. Í fyrsta lagi hefði verið mun skemmtilegra að hafa tónleikana bara stíjandi að hluta til þess að rífa upp meiri stemningu. Í öðru lagi safnaðist hópur af æstustu aðdáendum Morrissey fyrir framan sviðið og geri því ráð fyrir að fólki í fremstu sætunum hafi verið lítið skemmt þess vegna. Þessi tvö atriði komu þó ekki í veg fyrir frábæra tónleikaupplifun.

Morrissey hefði varla getað valið betra lagi til þess að hefja tónleikana. Þegar gítarriff How Soon Is Now? byrjaði að óma var ekki laust við að margir hafi fundið gæsaúðina renna upp bakið auk þess sem hljóðið í Höllinni var vel þolanlegt að þessu sinni. Margir hafa vafalaust verið ósáttir við hversu fáa Smiths-slagara Morrissey tók eftir það en hann hefur ætíð spilað lágmarksskammta af Smiths-lögum á tónleikum sínum. Þó fengu lög á borð við Panic og Girlfriend in a Coma að heyrast og var það nóg til þess



KYNÞOKKINN UPPMÁLADUR Morrissey var hrikalegur flottur uppi á sviðinu og heillaði alla gesti Laugardalshallarinnar upp úr skónum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

að halda öllum tónleikagestum á tánum.

Morrissey virtist samt njóta sín best í eigin lögum. Í þau lög virtist hann setja allt sem hann átti og þrátt fyrir að vel flestir áhorfendur hefðu aldrei heyrt meirihluta laganna koma það ekki að sök. Svíðsframkoma Morrissey var einnig svo heillandi að þó hann hefði verið að syngja blöndu af Nylon og HLH-flokknum hefði það samt komið vel út.

Eiginlega má segja að Morrissey sé hin fullkomna rokkstjarna þegar kemur að svíðsframkomu. Kynþokkinn hreinlega lekur af manningum, hann heillar áhorfendur upp úr skónum með smá spjalli milli laga og er geislandi á sviðinu.

Skemmtilegt var líka að sjá að Morrissey skipti alls prisvar sinnum um skyrta á tónleikumunum, fyrst var hann í svartri, svo gulri,

síðan blárrí og endaði loks í grárrí. Áhorfendum leiddist það heldur ekki þegar Morrissey reif af sér skyrta og henti út í salinn.

Tónleikarnir voru því hin mesta skemmtun enda alltaf jafn gaman að fá jafn mikla goðsögn og Morrissey til þess að spila hér á landi. Aðalstjarnan virtist líka ánægð sjálf og það er alltaf mikill plús þegar slíkt er áberandi.

Steinþór Helgi Arnsteinsson



Í STUÐI Hópur af gestum safnaðist fyrir framan sviðið og skemmti sér vel á meðan aðrir létu sér nægja að sitja í sætum sínum.

Rock fær ekki háa einkunn

Fyrirsætan Jill Gulseth er í öngum sínum eftir að hún sá „unnusta“ sinn, Kid Rock, ganga að eiga fyrrverandi Strandvarðargelluna, Pamela Anderson. Kid Rock hafði ekki fyrir því að segja Jill frá ástríðufullum nóttum með Pamela og sendi henni bara SMS þar sem stóð að honum þætti þetta leitt. „Þetta er mér að kenna“, skrifaði Kid til Jill.

Jill var í einkaviðtali við slúðurblaðið News of the World á sunnudag og þar greindi hún frá ýmsum atriðum sem Rock verður væntanlega ekki ángæður að lesa. Jill sagði hann vera hálf ómögulegan í rúminu og hann stæðist ekki samanburð við fyrrum ástmann



KID ROCK OG PAMELA létu þússa sig saman um síðustu helgi, fyrrverandi kærustu Kid Rock til mikilla ama. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP PHOTOS

Pamelu, rokkaranum Tommy Lee. „Allir vita að Tommy Lee er mjög

góður í rúminu og ef Pamela er að eltast við villtar nætur þá valdi hún sér rangan mann“, sagði Jill í samtali við blaðið.

Hún viðurkennir þó að Kid sé mikill herramaður og hafi ekki verið neitt annað en góður við sig. „Honum fannst það ekki mikið til-tökumál að fljúga mér til sín á einkapötu og það kom aldrei til greina að ég greiddi eitt eða neitt“, sagði Jill en bætti við að hún væri í mikilli ástarsorg eftir að þessi ljúfi maður niðurlægði hana svona mikið. „Ég fæ aldrei skilið hvernig þessi maður, sem ég hafði gefið svo mikla ást, gat verið svona vondur við mig“, sagði Jill.



Loksins sigur hjá Silkeborg

Danska úrvalsdeildarliðið Silkeborg vann sinn fyrsta sigur á tímabilinu í Danmörku eftir fjóra tapleiki í röð. Liðið vann Viborg, 3-2, og það eftir að hafa lent 2-0 undir. Hörður Sveinsson og Bjarni Ólafur Eiríksson léku að vanda allan leikinn fyrir Silkeborg en Hörður var nálægt því að skora í leiknum.

sport

sport@frettabladid.is

KVENNALIÐ BREIÐABLIKS: BURSTAÐI NORÐUR-ÍRSKU MEISTARANA OG ENDAÐI Í EFSTA SÆTI RIÐILSINS

Blikastúlkur í banastuði í Austurríki

Kvennalið Breiðabliks lék í gær sinn síðasta leik í riðlinum í Evrópukeppni félagsliða en hann var gegn meisturum frá Norður-Írlandi, Newtownabbey. Blikastelpur áttu ekki í erfiðleikum í þeim leik og unnu sannfærandi 7-0 sigur. Þrjú leikmenn skoruðu tvö mörk í þeim leik en það voru Fannís Friðriksdóttir, Sandra Sif Magnúsdóttir og Erna Björk Sigurðardóttir. Greta Mjöll Samúelsdóttir skoraði hitt markið en það var beint úr aukaspurn og var stórglæsilegt.

Blikastelpurnar fóru rólega inn í leikinn en það var mjög sólríkt og heitt meðan á leik stóð. Þrátt fyrir það réðu þær gangi leiksins frá byrjun. Riðillinn var spilaður í Austurríki en Breiðablik vann hann á stórglæsilegan hátt. Liðið

skoraði fjórtán mörk í þremur leikjum og hélt Þóra B. Helgadóttir markinu hreinu í öllum leikjum. Breiðablik hefur nú tryggt sér sæti í milliirli keppinnar en leikið verður í honum 12.-19. september og mun liðið meðal annars mæta Evrópumeisturum Frankfurt.

Breiðablik byrjaði keppnina á að vinna fjögurra marka sigur á portúgölsku meisturum í SU 1°Dezembro og þar á eftir vann það heimastúlkur í Neulengbach 3-0.

Markahæsti leikmaður Breiðabliks í riðlinum í Austurríki



var Erna Björk Sigurðardóttir en hún skoraði sex af mörkunum fjórtán. Það er þó ljóst að baráttan verður hörð þegar kemur að milliirliðinum og spennandi að sjá hvort Blikastúlkur nái að fylgja eftir árangrinum í Austurríki og komast í átta liða úrslit keppinnar.

Auk Frankfurt og Breiðabliks verða í milliirliðinum finnsku meistarnir í HJK og Vitebsk sem eru meistarar í Hvíta-Rússlandi. Það kemur talsvert á óvart að Vitebsk skuli hafa náð að slá út ítölsku meistarana en þetta er frumraun liðsins í Evrópukeppinni.

> Heiðar Geir í Svíþjóð

Framarinn Heiðar Geir Júlíusson er þessa dagana staddur í Svíþjóð þar sem hann mun æfa með toppliði Hammarby fram á fimmtudag. Heiðar Geir, sem er 19 ára gamall, hefur verið fastamaður í liði Fram í sumar og hittir hjá Hammarby fyrir fyrrum félagi sinn, Gunnar Þór Gunnarsson. Einnig er á mála hjá félaginu Pétur Marteinson en allir eru þeir uppaldir Framarar.

Fram hefur góða forystu í 1. deildinni þegar enn á eftir að leika fjórar umferðir. Næst mætir liðið Þrótti á föstudaginn kemur.



HÓLMAR ÖRN RÚNARSSON Fer til Silkeborg, bara spurning hvenær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hólmar Örn til Silkeborgar:

Ekki hvort heldur hvenær

FÓTBOLTI Hólmar Örn Rúnarsson, knattspyrnumaður frá Keflavík, sagði við Fréttablaðið í gær að ekki væri spurning um hvort hann gengi til liðs við danska úrvalsdeildarliðið Silkeborg heldur hvenær. Hólmar Örn hefur samið um kaup og kjör við danska félagið en félögin tvö eiga eftir að ná saman um kaupverð.

Faðir Hólmar, Rúnar Arnarsson sem einnig er formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, sagði í gær að boltinn væri hjá Silkeborg. „Þeir virðast ekki vera að flýta sér að ganga frá þessu máli og gætu þess vegna verið að bíða eftir því að samningur Hólmarar við Keflavík renni út. En það myndi þýða að hann fengi ekki leikheimild með liðinu fyrir en í janúar,“ sagði Hólmar en félagaskiptagluggin alþjóðlegi lokar hinn 1. september.

Keflavík á tvo leiki eftir í ágúst-mánuði, gegn FH á sunnudag og ÍA fimmtudaginn 24. ágúst. Liðið er í þriðja sæti deildarinnar með níttján stig.



LANDSLIÐSMENNIRNIR Ármann Smári Björnsson, FH, og Valsarinn Matthías Guðmundsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Íslendingar vinsælir:

Molde vill Ármann Smára

FÓTBOLTI Nú fyrir helgi búrast þær fregnir að norska úrvalsdeildarliðið Molde hefði gert Breiðabliki tilboð í framherjann Marel Baldvinsson. Í gær var sagt frá því í norsku fjölmiðlum að Molde hefði einnig augastað á Ármanni Smára Björnssyni, leikmanninum fjölhæfa hjá FH, en báðir voru þeir valdir í íslenska landsliðið sem mætir Spáni á morgun.

Ármann Smári kannaðist ekki við áhuga norska liðsins er Fréttablaðið hafði samband við hann í gær en hann sagði aðspurður að atvinnumennskan heillaði ef rétta tilbóð þærist. Hann var fyrir fjórum árum á mála hjá Brann í Noregi í fáeina mánuði.

- esá

Eiður Smári kemur í kvöld

Barcelona sendi KSÍ beiðni fyrir í sumar um að Eiður Smári Guðjohnsen yrði ekki valinn í íslenska landsliðið sem mætir Spáni á morgun. Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, sagði að Eiður kæmi til landsins seinni partinn eða í kvöld.

FÓTBOLTI Miklar vangaveitur hafa verið undanfarið um hvort landsliðsfyrirliðinn, Eiður Smári Guðjohnsen, spili með Íslandi gegn Spáni á Laugardalsvelli annað kvöld. Eiður Smári kom í gærkvöldi aftur til Barcelona eftir æfingiferð liðsins í Mið- og Norður-Ameríku. Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, staðfesti við Fréttablaðið að ekki væri útlit fyrir annað en að Eiður Smári kæmi til landsins í dag og spili því leikinn á morgun.

„Barcelona sendi KSÍ bréf fyrir í sumar þar sem þeir fóru fram á að Eiður Smári yrði ekki valinn í hópinn. Það var að ég held staðlað bréf sem Barcelona sendi á fleiri staði enda eiga þeir marga landsliðsmenn í sínum röðum,“ sagði Geir. „En Eiður Smári var valinn og það er í raun það eina sem ég



Á ÆFINGU Eyjólfur Sverrisson þjálfari og Birkir Kristinsson markmannspjálari.



ÆFÐU Á LAUGARDALSVELLI Landsliðsmennirnir Hannes Þ. Stefánsson (til vinsti), Sigurvin Ólafsson (í miðju) og Ólafur Ingi Skúlason.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

get sagt um málið. Hvort einhverjar frekari óskir berist okkur í fyrramálið (í dag) verður bara að koma í ljós.“

Geir sagði að KSÍ hefði verið í góðu sambandi við Eið Smára til að skipuleggja ferð hans hingað til lands. „Við höfum verið í sambandi við hann og unnið þetta allt í góðu samstarfi. Hann hefur sjálfur aldrei minnst á annað en að spila þennan leik en félögin setja oft þrýsting á leikmennina, það er alþekkt.“

Luis Aragones, landsliðspjálari Spánar, valdi leikmenn úr röðum Barcelona þó svo að félagið hafi sjálfsgafið farið fram á að sínir menn yrðu hvíldir í leiknum. KSÍ hefur þegar fært leikinn til að koma til móts við þarfir Barcelona

og Espanyol en liðin mætast á fimmtudag í fyrri leik liðanna um ofurbikarinn svokallaða á Spáni, keppni meistara meistaranna. Upphaflega átti leikurinn að fara fram á miðvikudag enda er það dagurinn sem er merktur sem landsleikjadagur á dagatali knattspyrnusambands Evrópu.

Geir sagði það alls ekki ólíklegt að Eiður Smári ferðaðist hingað til lands með þeim leikmönnum Barcelona sem voru valdir í spænska landsliðið. Fleiri íslenskir landsliðsmenn koma hingað til lands í dag en þeir voru margir að leika með sínum liðum, einkum á Norðurlöndunum.

Þeir landsliðsmenn sem voru hér á landi í gær æfðu á Laugardalsvelli. [eiririkur.asgeirsson@frettabladid.is](mailto:eirikur.asgeirsson@frettabladid.is)

Æfingiferð Barcelona lauk með stórsigri gegn bandaríska liðinu Red Bulls:

Eiður lagði upp mark Messis

FÓTBOLTI Evrópumeistarar Barcelona léku sinn síðasta æfingaleik í keppnisferðinni um Ameríku þegar þeir lögðu bandaríska liðið Red Bulls 4-1 en leikurinn fór fram í New York í fyrrinótt. Ronaldinho skoraði tvö mörk fyrir Barcelona en hin mörkin skoruðu hinir argentínsku Lionel Messi og Javier Saviola. Gamla kempan Youri Djorkaeff skoraði eina mark Red Bulls. Eiður Smári Guðjohnsen lék síðari hálfleikinn í leiknum og lagði upp markið sem Messi skoraði.

„Ég er ánægður með þennan leik. Mér fannst Red Bulls spila þetta vel, leikmenn liðsins voru komnir með það að markmiði að sækja og úr varð þessi skemmtilegi leikur,“ sagði Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, en hann var ánægður með vel heppnaða æfingiferð liðsins.

Keppni í spænsku deildinni hefst sunnudaginn 10. september en fyrsti leikur Barcelona verður á heimavelli gegn Osasuna. Það er búist við miklu af Börsungum en portúgalski miðvallarleikmaður-



FAGNAÐ Eiður Smári fagnar einu af mörkunum með félögum sínum.

NORDICPHOTOS/GETTY

inn Deco sagði í viðtali í gær að leikmenn liðsins létu pressuna ekki á sig fá. „Við erum vel undirbúnir og liðið hefur styrkst frá

síðasta tímabili svo stefnan er að sjálfsgöngu að vinna alla titla sem við eigum möguleika á,“ sagði Deco.

- egm



RÓBERT GUNNARSSON Skoraði tvö mörk fyrir Gummersbach í gær.

BONGARTS

Æfingamót í Þýskalandi: Flensburg og Viggó unnu

HANDBOLTI Viggó Sigurðsson byrjar vel sem þjálfari þýska úrvalsdeildarliðsins Flensburg en liðið vann um helgina sigur á æfingamóti í Þýskalandi. Liðið vann fremur óvænt tíu marka sigur á Lemgo í úrslitum og greinilegt að liðið er að standa sig vonum fram- ar undir stjórn Viggós.

Logi Geirsson skoraði ekki í leiknum en Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði eitt fyrir Lemgo. Magdeburg varð í þriðja sæti á mótinu eftir sigur á Grosswallstadt, liði Einarar Hólmgeirssonar. Skoraði hann þrjú mörk í gær. Gummersbach, undir stjórn Alfreðs Gíslasonar, náði ekki nema sjötta sæti á mótinu en einn þriggja Íslendinga hjá liðinu, Guðjón Valur Sigurðsson var markahæsti leikmaður mótsins. Hinir tveir, Róbert Gunnarsson og Sverre Jakobsson spiluðu báðir í gær.

- esá



HJÁLMAR ÞÓRARINSSON Hér í leik með Hearts en líklegt er að hann leiki í neðri deildunum í Skotlandi í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/SNS

Hjálmar Þórarinnsson:

Lánaður í neðri deild?

FÓTBOLTI Svo gæti farið að Hjálmar Þórarinnsson yrði lánaður í neðrideildarliði í Skotlandi en hann er á mála hjá úrvalsdeildarliðinu Hearts. Honum var tilkynnt ekki fyrir löngu að hann væri ekki í framtíðaráætlun liðsins og fór þá að líta í kringum sig. Nú síðast fór hann til norska liðsins Aalesund á reynslu en liðið ákvað að bjóða honum ekki samning þar sem forráðamönnum liðsins þótti hann vera sams konar knattspyrnumaður og eru fyrir hjá liðinu.

Að sögn Ólafs Gardarssonar, umboðsmanns hans, er líklegast að Hjálmar verði lánaður í neðrideildarliði í Skotlandi og verði þar út tímabilið.

- esá



BECKHAM Mun hann leika aftur fyrir hönd Englands?
NORDICPHOTOS/GETTY

Beckham og landsliðið: Ekki öll nótt úti enn

FÓTBOLTI Steve McClaren, þjálfari enska landsliðsins, sagðist í viðtali við breska ríkisútvarpið í gær ekki útiloka það að kalla David Beckham aftur í liðið í framtíðinni. „Það er ekki í verkahring þjálfarans að binda enda á landsliðsferil leikmanna. David segist enn hafa löngun til að spila fyrir England og ég virði það. Aldrei að segja aldrei,“ sagði McClaren.

Beckham lét fyrirliðabandið af hendi eftir heimsmeistaramótið í sumar en stefndi á að halda áfram að spila fyrir landsliðið. Öllum að óvörum valdi McClaren ekki Beckham í fyrsta landsliðshóp sinn fyrir vináttulandsleik gegn Grikklandi á miðvikudag.

- egm



SEBASTIEN LOEB Er að verja heimsmeistaratítillinn.
NORDICPHOTOS/GETTY

Þýskalandsrallið um helgina:

Loeb áfram á sigurbraut

RALL Heimsmeistarinn Sebastien Loeb frá Frakklandi sigraði um helgina í Þýskalandsrallinu fimmta árið í röð. Loeb ekur á Citroën en hann tók forystu strax á fyrstu sérleiðinni og hélt henni allt til loka. Spánverjinn Daniel Sordo varð annar en hann ekur einnig á Citroën og þriðji var hinn finnski Marcus Grönholm á Ford.

Þetta var 26. sigur Loeb í HM-ralli og jafnaði hann þar með met Spánverjans Carlos Sainz. Loeb hefur örugga forystu þegar nú mótum af sextán í heimsmeistarakeppninni er lokið en hann er með 84 stig meðan Grönholm er í öðru sæti með 51 stig.

- egm



MARK Clinton Morrison skorar eina mark leiksins.
NORDICPHOTOS/GETTY

Enska 1. deildin:

Crystal Palace á toppinn

FÓTBOLTI Þriðju umferð ensku 1. deildarinnar lauk í gær með leik Crystal Palace og Leeds. Aðeins eitt mark var skorað í leiknum og það gerði Clinton Morrison í viðbótartíma. Leeds lék manni færri frá 15. mínútu en þá fékk Geoff Horsfield að líta rauða spjaldið. Það var því ansi svekkjandi fyrir leikmenn liðsins að fá þetta mark á sig þegar komið var fram yfir venjulegan leiktíma.

Eftir þrjár umferðir er Crystal Palace eina liðið sem hefur unnið alla sína leiki og er því á toppi deildarinnar. Burnley, Plymouth, Cardiff og Birmingham koma þar á eftir en öll þau lið hafa hlotið sjö stig.

- egm

Hermann Hreiðarsson er í miklum metum hjá forráðamönnum Charlton:

Charlton hafnar öllum tilboðum sem berast í Hermann

FÓTBOLTI Allt útlit er fyrir að Hermann Hreiðarsson verði um kyrrt í herbúðum enska úrvalsdeildarliðsins Charlton en fyrr í mánuðinum bárust þær fregnir að fimm önnur félög í ensku úrvalsdeildinni höfðu sýnt honum áhuga. Þetta voru Newcastle, Manchester City, Fulham, Middlesbrough og Wigan.

Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Hermanns, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að málið væri einfalt - öllum tilboðum sem bárust Charlton í Hermann væri umsvifalaust hafnað. „Við fáum ekki að vita nema hálfra söguna en teljum okkur hafa nokkuð áreiðanlegar heimildir fyrir því að minnst fimm félög hafi gert félaginu tilboð í Hermann eða sent því fyrirspurn.“

Forráðamenn Charlton telja því að Hermann nýtist þeim betur í vetur en sú upphæð sem þeir gætu fengið fyrir hann en samningur Hermanns við félagið rennur út í lok tímabilsins og þá verður honum frjálst að semja við hvaða lið sem er. „Þetta er mjög gott



HERMANN HREIÐARSSON Verður líklega áfram hjá Charlton. Er hér í æfingaleik með liðinu gegn Millwall fyrr í sumar.
NORDIC PHOTOS/GETTY

fyrir Hermann, honum er sýnt mikið traust.“

Hermann er nú að hefja sitt fjórða tímabil hjá Charlton. - esá



ROONEY Fagnar hér marki sem hann skoraði gegn Liverpool.
NORDICPHOTOS/GETTY

Manchester United:

Rooney tæpur fyrir fyrsta leik

FÓTBOLTI Óvíst er hvort sóknarmaðurinn Wayne Rooney verði með Manchester United þegar liðið tekur á móti Fulham í fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar um næstu helgi. Rooney á við meiðsli í nára að stríða og sagði Sir Alex Ferguson, knattspyrnu- stjóri Manchester United, að ekki væri víst hvort Rooney yrði búinn að ná sér fyrir næstu helgi en United á leik gegn Fulham.

Rooney lék ekki með United á laugardag þegar liðið lagði spænska liðið Sevilla að velli 3-0 í æfingaleik. „Þessi meiðsli sem hann er að glíma við eru alls ekkert alvarleg en óvíst er hvort hann geti verið með næsta sunnudag,“ sagði Ferguson.

- egm

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

TUCSON

2.0L bsk. 142. hö


Kr 2.690.000 eða

Kr. 28.912 á mánuði*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftþúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



Með bílinn handa þér



Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.

* Bítasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



GUNNAR HEIÐAR Verður klár í landsleikinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Gunnar Heiðar:

Verð klár í landsleikinn

FÓTBOLTI Gunnar Heiðar Þorvaldsson var ekki í leikmannahópi Hannover 96 sem spilaði sinn fyrsta leik á nýju tímabili í þýsku úrvalsdeildinni í gær. Liðið tók á móti Werder Bremen á heimavelli og tapaði, 4-2. Gunnar Heiðar fylgdist með sínum mönnum og sagði við Fréttablaðið að þjálfari liðsins hefði ákveðið að hvíla hann þar sem hann hefur nýverið náð sér af meiðslum.

„Ég er að komast á skrið aftur í fótboltanum en hann sagði mér einnig að ég gæti leikið 90 mínútur í landsleiknum ef því væri að skipta,“ sagði Gunnar Heiðar. „Þannig að ég verð alveg klár í landsleikinn.“ - esá



VEIGAR PÁLL Tryggði sínum mönnum sigur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Norski boltinn:

Veigar tryggði Stabæk sigur

FÓTBOLTI Landsliðsmaðurinn Veigar Páll Gunnarsson skoraði sitt 12. mark í norsku úrvalsdeildinni í gær er hann tryggði sínum mönnum 3-2 sigur á Lyn í gær. Lyn komst 2-0 yfir í leiknum en Stabæk jafnaði metin fyrir hálfleik og Veigar Páll skoraði eina mark síðari hálfleiksins, með glæsilegum skalla eftir horn. Veigar meiddist á hálsi á æfingu í síðustu viku og var óttast að hann gæti ekki spilað leikinn. Indriði Sigurðsson og Stefán Gíslason léku báðir allan leikinn fyrir Lyn.

Birkir Bjarnason kom inn á sem varamður í lið Viking sem tapaði 3-1 fyrir Start á útivelli. Árni Gautur Arason lék allan leikinn fyrir Vålerenga, sem vann 2-1 sigur á toppliði Brann, en Kristján Örn Sigurðsson lék allan leikinn fyrir síðarnefnda liðið. Ólafur Örn Bjarnason fór af velli í síðari hálfleik. - esá

Íslandsmótið í tennis:

Arnar og Íris vörðu titlana

TENNIS Arnar Sigurðsson varð í gær Íslandsmeistari í tennis tíunda árið í röð. Hann bar sigurorð af Raj Bonifacius í úrslitaleik í tveimur settum, 6-3 og 6-1. Í kvennaflokki varð Íris Staup Íslandsmeistaratitillinn sinn en hún sigraði Sigurlaugu Sigurðardóttur í úrslitum 6-1 og 6-1. Íris og Rakel Pétursdóttir urðu Íslandsmeistarar í tvíliðaleik kvenna en þær sigruðu Söndru Dís Kristjánsdóttur og Guðrúnu Óskarsdóttur 6-1 og 6-3. Í karlaflokki urðu Arnar og Raj Íslandsmeistarar í tvíliðaleik án þess að keppa þar sem Andri Jónsson og Jón Axel Jónsson neyddust til að gefa leikinn vegna meiðsla. - egm

Víkingur Ólafsvík skoraði sigurmarkið gegn Þrótti í viðbótartíma í Laugardal:

HK-ingar komnir í lykilstöðu í 1. deildinni

FÓTBOLTI HK vann góðan 2-0 útisigur á KA í 1. deild karla í gær fyrir norðan og er liðið komið í ansi góða stöðu í deildinni þar sem Víkingur Ólafsvík vann Þrótt í Laugardalnum í dramatískum leik. Fjórar umferðir eru eftir og eru HK-ingar í öðru sæti en fjögur stig eru niður í þriðja sætið þar sem Fjölnir og Þróttur sitja. Framarar eru langefstir í deildinni en tvö efstu liðin spila í Landsbankadeildinni á næsta ári.

Ólafur Júlíusson kom HK yfir í gær með marki úr vítaspyrnu og nokkrum mínútum síðar bætti Jón Þorgrímur Stefánsson við marki. Á sama tíma vann Víkingur Ólafsvík mikilvægan 2-1 sigur á Þrótti en sigurmarkið skoraði Tryggvi Hafsteinsson þegar fjórar mínútur voru komnar yfir venjulegan leiktíma. Halldór Hilmisson hafði komið Þrótti yfir á fyrstu mínútu leiksins en Slavisa Mitic jafnaði.

„Þetta er mjög súrt, við fengum nóg af færnum til að vera búnir að gera út um þetta. Marga lykilmenn vantar vegna meiðsla og leikbanna og við virðumst bara ekki hafa



HARKA Leikmenn Víkings Ólafsvík létu finna fyrir sér í gær og náðu mikilvægum stigum í baráttunni fyrir lífi sínu í 1. deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

burði til að leysa þetta án þeirra. Þá voru menn að fá spjöld í þessum leik og verða í banni í næsta leik gegn Fram svo horfurnar eru ekki bjartar. HK-ingar eru komnir í fin mál og þetta er í þeirra höndum,“ sagði Atli Eðvaldsson, þjálfari Þróttar, eftir leikinn.

Með sigrinum í gær opnuðu Víkingar botnbaráttuna upp á gátt en þetta var aðeins annar sigur þeirra í sumar. Liðið er enn í neðsta sætinu en það er nú komið með ellefu stig, sem er aðeins einu stigi minna en Þór Akureyri og Haukar hafa. - egm

Crouch tryggði Liverpool skjöldinn

Liverpool vann Chelsea 2-1 í hinum árlega leik milli Englandsmeistaranna og bikarmeistaranna þar í landi. Sigurinn var sanngjarn en Peter Crouch skoraði sigurmarkið með skalla þegar tíu mínútur voru eftir.

FÓTBOLTI „Þessi sigur gefur leikmönnum vonandi aukið sjálfstraust nú þegar deildarkeppnin er að fara að byrja. Það er alltaf erfitt að spila á móti liði sem er eitt af þeim bestu í heiminum en mínir menn unnu sína vinnu vel í þessum leik. Á lokamínúttunni voru ennþá allir að leggja sig fram af fullum krafti,“ sagði Rafael Benítez, knattspyrnustjóri Liverpool, eftir að liðið vann hinn svokallaða Samfélagsskjöld með því að leggja Englandsmeistara Chelsea að velli 2-1 á Þúsaldarleikvanginum í Cardiff.

Leikurinn um þennan skjöld markar upphaf hvers keppnistímabils á Englandi en þar mætast deildarmeistararnir og bikarmeistararnir frá síðasta leiktímabili. Benítez leyfði sér að geyma nokkra lykilmenn á bekknum, þar á meðal fyrirliðann Steven Gerrard. Þrátt fyrir það vann Liverpool leikinn en úrslitin verða að teljast sanngjörn. „Þetta sýnir það bara



SHEVCHENKO Andriy Shevchenko átti góðan leik í gær og skoraði gott mark fyrir Chelsea. NORDICPHOTOS/GETTY



MARKASKORARARNIR Hér eru þeir Peter Crouch og John Arne Riise að fagna sigrinum gegn Chelsea en þeir skoruðu mörk Liverpool í leiknum. NORDICPHOTOS/GETTY

hve sterkan leikmannahóp ég er með í höndunum. Við lékum vel í báðum hálfleikjum og ég er ánægður þó alltaf sé hægt að gera aðeins betur í nokkrum atriðum,“ sagði Benítez.

Norðmaðurinn John Arne Riise skoraði fyrsta mark leiksins í gær eftir frábært einstaklingsframtak. Hann lék upp allan völlinn og skaut knettinum í netið af um 25 metra færi framhjá Carlo Cudicini sem stóð í marki Chelsea í gær vegna meiðsla Petr Cech. Michael Ballack lauk leik um miðjan fyrri hálfleik vegna meiðsla en fram að því hafði hann lítið sést í leiknum. Mark Gonzalez var líflegur í liði Liverpool og var óheppinn að ná ekki að skora áður en Chelsea jafnaði.

Úkraínumaðurinn Andriy Shev-

chenko var skeinuhættur í fremstu víglínu hjá Chelsea og náði að jafna metin á 43. mínútu, hann fékk frábæra sendingu frá Frank Lampard og kláraði færið snildarlega. Snemma í seinni hálfleik átti hann skalla sem Reina í marki Liverpool varði naumlega. Þá tók Benítez til sinna ráða og setti Gerrard og Xabi Alonso inn sem varamenn og svo stuttu seinna kom Craig Bellamy. Sá síðastnefndi lagði síðan upp sigurmarkið sem Peter Crouch skoraði með skalla tíu mínútum fyrir leikslök.

„Ég er í fótboltanum til að ná árangri og að sjálfsögðu er farið út í alla leiki með það að markmiði að sigra. Fólk talar um að þessi leikur skipti ekki máli en ef maður horfir á stuðningsmennina og leikmennina á vellinum sér maður að það er



DJURGÅRDEN Léki í Royal League í vetur.

Royal League:

Sögð hanga á blápræði

FÓTBOLTI Úrvalsdeild Norðurlandanna, Royal League, er sögð hanga á blápræði eftir aðeins tvö keppnistímabil. Síðustu tvo vetur hafa fjögur lið frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð keppt yfir vetrartímann og í bæði skiptin hefur FC København staðið uppi sem sigurvegari.

Aðsókn á leiki hefur hins vegar verið ótrúlega léleg og dæmi þess að einungis nokkrir tugir áhorfenda hafi mætt á leiki í deildinni. Sjónvarpsáhorf hefur einnig verið vel undir væntingum.

„Fyrsta tímabilið var slæmt en annað var hreint skelfilegt,“ sagði Manfred Aronson, framkvæmdastjóri Kanal 5 í Svíþjóð sem á sjónvarpsréttinn að keppinni. - esá

Sveitakeppni GSÍ lauk í gær með sigri kvennaliðs GK og karlaliðs GKj:

Mosfellingar vörðu titilinn í karlaflokki

GOLF Sveitakeppni Golfsambands Íslands lauk í gær eftir spennandi keppnisdag. Í karlaflokki varð sveit golfklúbbsins Kjalar úr Mosfellsbæ titillinn sinn en kvennasveit Keilis úr Hafnarfirði báru sigur úr bítum gegn kvennaliði Kjalar í úrslitaviðureigninni.

Keppnin hjá konum var afar spennandi en bráðabana þurfti til að skera úr um sigurvegara. Keiliskonunur unnu fjörmenningsviðureignina en báðar tví-

menningsviðureignirnar fóru í bráðabana. Þar áttust við annars vegar Ólöf María Jónsdóttir og Nína Björk Geirsdóttir og hins vegar Tinna Jóhannsdóttir og Helga Rut Svanbergsdóttir. Úrslitin réðust svo á 2. holi bráðabananans hjá Ólöfu og Nínu þar sem sú fyrrnefnda tryggði sigurinn með löngu þútti. Ekki þurfti að fá niðurstöðu úr hinni viðureigninni þar sem Keilir var þegar kominn með tvo vinninga.

Sveit Kjalar vann sveit GS í úrslitaviðureigninni en þeir Heiðar Davíð Bragason, Sigurpáll Geir Sveinsson og Magnús Lárusson unnu allir sínar viðureignir fyrir hönd GKj og dugði það klúbbum til sigurs. Það reyndist sigur Sigurpáls Geirs sem gerði gæfumanninn en hann vann Örn Evar Hjartarson 3/2.

Golfklúbbur Vestmannaeyja fagnaði sigri í 2. deild karla. - esá

Sænski boltinn:

Erfitt hjá Öster

FÓTBOLTI Lífróður Helga Vals Danfællssonar og félagi í Öster þyngdist til muna í sænsku úrvalsdeildinni í gær eftir að liðið tapaði fyrir Halmstad á útivelli, 1-0. Helgi Valur lék allan leikinn. Liðið er sem fyrr í næstneðsta sæti deildarinnar og er fimm stigum frá liðinu í fjórða neðsta sæti.

Emil Hallfredsson kom inn á sem varamaður í liði Malmö sem gerði 1-1 jafntefli við Elfsborg en Kári Árnason sat á varamannabekk Djurgården sem gerði 1-1 jafntefli við Helsingborg. - esá



NÝTT OG BETRA GRAS...

EKKERT GERVIGRAS!

WWW.GRAS.IS

ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„If I didn't know you better, I'd swear you had some class.“

Svar: Louise Coleman úr The Sting frá 1973

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON GLATAÐI ÖLLU RAUNVERULEIKASKYNI

Hryðjuverkamenn í hverju horni

„Freyr,“ sagði dimmraddaður karlmaður. „Við þurfum á þér að halda,“ hélt hann áfram. Ég klóraði mér í hausnum og fann hvernig svitinn spratt fram á ennin. Röddina þekkti ég vel. Þetta var George Mason, gamall samstarfsmaður frá CTU. „Þú veist að ég hef ekki verið virkur í ár,“ útskýrði ég og fékk mér sopa af volgu kaffi. Vindurinn lék um illa greitt hárið og kláðinn í þriggja daga skegginu var að gera mig brjáláðan. „Þú ert sá eini sem getur stöðvað þessa menn, þekkir þá eins og lófann á þér,“ sagði George og hóstaði örlítið. „Hryðjuverkahópur ætlar að gera árás á Los Angeles með kjarnorkusprengju,“ sagði Mason af mikilli ró, eins og slíkt væri daglegt brauð, sem það var vissulega hjá CTU. „Ég kem,“ sagði ég ákveðinn.

Sturtan þurfti að vera köld svo ég gæti rankað við mér og ég ákvað að hita mér aðeins meira kaffi. Vakna almennilega enda ekki á hverjum degi sem maður reynir að hindra kjarnorkusprengingu í miðri Los Angeles. Þegar ég kom loks til CTU í miðbæ LA var mín beðið í fundarherberginu.

Ég þurfti að vita allt á mjög skömmum tíma. „Hópurinn kallar sig Aðra bylgju og þú þarft að koma þér í samband við Sayed Ali, manninn sem öllu stjórnar.“ sagði Mason og hóstaði aftur. Hann var ákaflega veikur eftir að hafa komist í kynni við plútóníum. Var kominn á grafarbakkan, karlgreyið.

Ég mátti engan tíma missa, náði í byssuna mína og bað um smá frið á meðan ég hugsaði hver gæti hugsanlega verið tengiliður minn við þennan hóp. Á því augnabliki sem ég var um það bil að finna leynilegan dvalarstað Sayed Ali, aftengja kjarnorkusprengjuna eða skjóta vondu karlana í spað var ég hristur. Þetta var kærastan mín að vekja mig fyrir afmæli kvöldsins. Merkilegt hvað „24“ getur brenglað raunveruleikaskynið.



JACK BAUER
Of mikið gláp á 24 getur fengið fullfrískan karlmann til að halda að hann sé Jack Bauer.

22.25
Spenna
CRIMINAL MINDS

20.50
Drama
RELATED

21.00
Drama
FALCON BEACH

21.30
Raunveruleiki
THE CONTENDER

19.40
Fjármál
PENINGARNIR OKKAR

SIJÓNVARPIÐ

2

SIRKUS TV

SKJÁREINN

NFS

16.40 Helgarsportíð **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Myndasafnið **18.01** Alda og Bára (1:26) **18.05** Búi! (1:26) **18.16** Lubbi læknir (23:52)

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í finu formi **9.35** Oprah **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Grey's Anatomy **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í finu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Simone **15.35** You Are What You Eat **16.00** Skrímslaspilið **16.20** Skjaldbökurnar **16.40** Gínger segir frá **17.05** Smá skrítnir foreldrar **17.30** Froskafjör **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

7.00 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

15.50 Everybody Hates Chris (e) **16.20** Trailer Park Boys – NYTT! (e) **16.45** Parental Control – NYTT! (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

7.00 Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

18.30 Vistaskipti (11:26)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.10 Kóngur um stund (10:12) Hestamenn eru þekktir fyrir að vera lífsglatt og uppátækjasamt fólk – og við fáum að kynnst mörgum þeirra.
20.40 Svona var það (7:22) (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð um ungt fólk á áttunda áratugnum.
21.05 Kastljós – molar
21.15 Hreindýr í Alaska Kvikmyndagerðarmaðurinn Bruce Reitherman fylgir eftir mikilli hjörð hreindýra.
22.00 Tiufréttir
▶ **22.25** Glæpahneigið (5:22) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.40 The Simpsons (8:22) (Simpson-fjölskyldan)
20.05 Extreme Makeover: Home Edition (4:25) (Hús í andlitslyftingu)
▶ **20.50** Related (8:18) (Systrabönd) Nýr gamansamur dramaþáttur úr smiðju framleiðenda Friends og Sex and the City. Í þáttunum segir frá Sorelli-systrunum fjórum og glímu þeirra við hið daglega amstur og þær miklu kröfur sem gerðar eru til nútímakvenna.
21.35 Huff (9:13) Bönnuð börnum.
22.30 Life or Something Like It (Svona er lífið) Rómantísk gamanmynd. Aðallutverk: Angelina Jolie og Edward Burns.

18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
19.30 Fashion Television (e)
20.00 Seinfeld (15:22) (The Pie)
20.30 Jake in Progress (13:13) (Henry Porter And The Coitus Interruptus)
▶ **21.00** Falcon Beach (11:27) (Trust This) Paige, Lane og Erin eru öll í fríi á Falcon Beach. Paige er ung og snobbuð dekurrofa sem vill frekar vera að vinna í fyrirtækinu hjá pabba sínum heldur en að hanga á ströndinni með mömmu sinni en þegar hún hittir Jason, aðalþöfnara þegar hún þá fara málin að flækjast.
21.50 Smallville (14:22) (Tomb)
22.40 Killer Instinct (11:13) (e) (While You Where Sleeping)

19.00 Beverly Hills 90210 Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks.
19.45 Melrose Place
20.30 Surface – NYTT! Fólk um víða veröld verður vart við mjög einkennilegar lífverur í sjónum og enginn veit hvað þetta er.
▶ **21.30** The Contender Fylgstu með keppendunum allan sólarhringinn í æfingabúðum fjarri fjölskyldum sínum, þar sem þeir byggja upp dýrið í sjálfum sér og löngunin til að láta drauma sína rætast keyrir þá áfram af mikilli hörku. Skaparar þáttanna eru Sylvester Stallone og Sugar Ray Leonard.
22.30 Law & Order

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttarfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisíð **13.00** Sportíð **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

18.30 Kvöldfréttir
19.00 Ísland í dag
▶ **19.40** Peningarnir okkar Þáttur um fjármál heimilanna, eins konar námskeið í sjónvarpi um meðferð fjár og hvernig hægt er að sýna ráðdeild ... og græða. Ingólfur H. Ingólfsson hefur verið með vinsæl innskot á Fréttavaktinni undanfarna mánuði. Þátturinn er endursýndur á sama tíma á föstudagskvöldum á eftir Kvöldfréttum.
20.00 Fréttayfirlit
20.20 Brot úr fréttavakt
21.00 Fréttir
21.10 60 Minutes
22.00 Fréttir Fréttir og veður
22.30 Peningarnir okkar

23.10 Út og suður **23.35** Kastljós **0.05** Dagskrárlök

0.10 Medium (20:22) (B. börnum) **0.50** NCIS (5:24) (B. börnum) **1.35** James Dean: Outside the Lines **3.05** Starstruck (B. börnum) **4.35** Huff (9:13) (B. börnum) **5.25** Fréttir og Ísland í dag

23.30 Stacked (9:13) (e) **23.55** Rescue Me (8:13) **0.40** Seinfeld (15:22)

23.20 Jay Leno **0.05** C.S.I.: New York (e) **0.55** Beverly Hills 90210 (e) **1.40** Melrose Place (e) **2.25** Óstöðvandi tónlist

23.10 Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Peningarnir okkar

2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Ladder 49 (Bönnuð börnum) **8.00** Loch Ness **10.00** 2001: A Space Travesty **12.00** Hackers **14.00** Loch Ness **16.00** 2001: A Space Travesty **18.00** Hackers **20.00** Ladder 49 (Barist við elda) Dramatísk og spennandi stórmynd með John Travolta og Golden Globe-verðlaunahafanum Joaquin Phoenix í hlutverki slökkviliðsmanna sem helgað hafa líf sitt báráttunni gegn eldnum. 2004. Bönnuð börnum. **22.00** The Dangerous Lives of Alter

Boys (Kórdrengir í klandri) Dramatísk kvikmynd um tvo kaþólska skóladrenge sem láta sér ekki segjast. 2002. Bönnuð börnum. **0.00** Megido: The Omega Code 2 (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Below (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Dangerous Lives of Alter Boys (Bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT


12.00 E! News Weekend **13.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **14.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **15.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **16.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **17.00** Sexiest Latin Lovers **18.00** E! News Weekend **19.00** THS The Hilton Sisters **21.00** Sexiest Latin Lovers **22.00** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** THS The Hilton Sisters **2.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

AKSJÓN

Fréttavaktin Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



The Contender – Alvöru boxarar



The Contender eru þættir sem hafa slegið algjörlega í gegn um víða veröld, fengið frábæra dóma og metáhorf. Sextán hnafaleikakappar berjast um hver sé sá efnilegasti. Sá sem stendur uppi í lokin fer heim með milljón dali. Raunveruleikabáttur og íþróttaviðburður í einum pakka.

Fylgstu með á mánudögum kl. 21:30



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Huff **Stöð 2 kl. 21.35**

Geðrænin hjónabandsörðugleikar

Þættirnir um Huff hafa notið þó nokkurra vinsælda að undanfarna enda þykir Hank Azaria, aðalleikari þáttanna, mikill snillingur. Hefur hann leikið í myndum á borð við *Along Came Polly* og *Mystery Men* auk þess að tala fyrir margar persónur í *Simpsons*-þáttunum. Þættirnir fjalla um Huff, sem er farsæll geðlæknir sem stríðir þó einnig við sín eigin geðrænu vandamál. Grái fiðringurinn er farinn að segja til sín og margt veldur honum óþarfa hugarangri. Í þættinum í kvöld, sem er hluti af annarri þáttaröðinni um Huff, er hinn andlausi geðlæknir orðinn örmagna sökum hjónabandsferðleikanna og Russell, sem leikinn er af hinum frábæra Oliver Platt, brýtur enn og aftur loforð við sína nánustu.



Sudoku dagsins


Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

2	4	8	6	7	3	1	5	9
5	6	3	8	9	1	2	7	4
1	9	7	5	4	2	6	3	8
7	5	6	9	8	4	3	2	1
3	8	2	7	1	5	9	4	6
4	1	9	2	3	6	7	8	5
9	7	5	1	2	8	4	6	3
8	3	1	4	6	7	5	9	2
6	2	4	3	5	9	8	1	7

	7	6	3		8	4		
				9		2		
8							1	
		9	1					7
			9		3			
7					4	6		
	5							2
		4		5				
		1	7		6	8	5	

21.40
Fótbolti
SAGA FÓTBOLTANS



18.00 Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

18.30 Veitt með vinum (Langá) Ný þáttaröð þar sem rennt er fyrir fisk í ám og vötnum landsins.

19.20 Samfélagsskjöldurinn 2006 (Chelsea – Liverpool)

21.10 Ensku mörkin 2006-2007 (Ensku mörkin 2006-2007)

21.40 Saga fótboltans (Africa) Magnaður myndaflokkur um vinsælustu íþrótt í heimi, knattspyrnu. Í þessum þætti er fjallað um framgöngu Afríkumanna. Á meðal viðmælenda eru Roger Milla, Abedi Pele, Thomas N'Kono, Neil Tovey, Pierre Kalala og Issa Hayatou.

22.35 PGA-golfmótaröðin: The International (The International)

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfréttir 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.20

Hádegisfréttir 13.00 Vitt og breitt 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Sameinuð stöndum vér 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Litla

flugan 19.40 Laufskálinn 20.20 Kvöldtónar 21.00 Framtíð lýðræðis 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Tónlistarhornið 22.30 Kvöldsgagan 23.00 Sumartónleikar í Skálholtskirkju 2006 0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútvarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið 18.24 Auglýsingar 18.25

Spegillinn 19.30 Á vellinum 22.10 Uppruni tegundanna 0.10 Popp og ról 0.30 Spegillinn

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bítu 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalagahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

- FM 90,9 TALSTÖÐIN
- FM 99,4 ÚTVARP SAGA
- FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
- FM 102,2 Útvarp Latibaer / Fjölskyldu útvarp
- FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni
- FM 96,7 Lét Bylgjan / Tónlist og afþreying
- FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristlegt efni
- FM 89,5 Kiss / Nýja bítu í bænum
- FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
- FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
- FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

LATÓ
HAGKERFIÐ

Þú getur notað LATÓ seðlana þína í...

Fjölskyldu- og húsdýragarðinum 300 LATÓ
-gildir aðeins virka daga

Sund um allt land 100 LATÓ
-sjá sundstaði á www.glitnir.is/Latibaer

Strætó 100 LATÓ

Hagkerfið er opið frá 1. júlí til 19. ágúst.

www.glitnir.is/latibaer





HRÓSIÐ

... fær Hugleikur Dagsson, sem hefur samíð við risafyrirtækið Penguin um útgáfu á bókum sínum.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 ofneysla 6 rykkorn 8 hversu 9 fugl 11 bardagi 12 heill 14 unna 16 skóli 17 andi 18 drulla 20 óreiða 21 traðkaði.

LÓÐRÉTT

1 steinmoli 3 tveir eins 4 ógætinn 5 skref 7 stilltur 10 einkar 13 suss 15 vingjarnleiki 16 flík 19 kyrrð.

LAUSN

LÖBRET: 1 vala, 3 h, 4 óvarkar, 5 aur, 20 rú, 21 tróð.
LÁRÉTT: 2 óhöf, 6 ar, 8 hve, 9 lóa, 11 at, 12 allur, 14 elska, 16 fg, 17 sál, 18

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 DASH 8.
- 2 200.
- 3 Andreas Isaksson.

Upplýsingar í síma 580 2626
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Vinningsstólar laugardaginn 12.8.2006

4 10 15 21 27

Prefaldur 1. vinnungur næsta laugardag

Bónustala 25

Jökertölur vikunnar

Jóker 3 9 9 0 4

1. vinnungur gekk ekki út

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningsstólar miðvikudaginn 9.8.2006

Adaltölur 6 18 20 26 30 31

Bónustölur Ofurtala 13 37 25

Prefaldur 1. vinnungur næsta laugardag

Jökertölur vikunnar 2 9 2 5 9

1. vinnungur gekk ekki út

Blítt með fyrirvarni um prentbílur

Fékk innblástur við lestur Einkamála.is

Í gamla Ó. Johnsson og Kaaber húsinu skapar hópurinn Brite Theater heim þar sem kynlíf er hluti af samfélagskyldum hvers og eins.

„Hugmyndin að baki verkinu er meðal annars það sem margir segja um að ástin sé vinna. Mér datt í hug að taka þetta konsept enn lengra og gera ástina í alvörunni að vinnu,“ segir Kolbrún Björt Sigfúsdóttir, leikstjóri verksins sem hefur fengið heitið Kjöt. Í heiminum sem verkið gerist í er kynlífi hluti af samfélagskyldu hvers og eins, rétt eins og að borga skatta, og þarf að skila ákveðið mörgum tímum af kynlífi á viku til að komast hjá sektum. „Þetta er ráð ríkisstjórnarinnar gegn offitu og þunglyndi. Ef fólk fær nóg að ríða eru allir hamingju-



KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR

samir,“ segir Kolbrún og bætir við að það sé að minnsta kosti hugmyndin að baki verkinu. Kjöt er frumraun Kolbrúnar sem leikstjóra en hún hefur unnið í hópnum Rannsóknarsvið íslenskrar þjóðmenningar í skapandi sumarstarfi Hins hússins. Handritið að verkinu vann Kolbrún í sumar og sótti innblástur í vefsíðuna Einkamála.is og atvinnu- auglýsingar. „Mig langaði svolítið að blanda saman þessu atvinnu- tungumáli og hösslinu og komst að því að það er í rauninni mjög líkt.“ Á samt textanum eru hreyfingar

og dans notuð til tjáningarinnar og studdist hópurinn við brasilíska bardagaþróttina Capoeira í hreyfingasmíðunum. Kolbrún segir að tjáningarmáti leikhópsins sé í stíl við groddarahátt Tarantinos. „Þetta er auðvitað um kynlíf og tilvísanir í það eru áberandi. Síðan erum við með mikið af bardagasenum þar sem Capoeira kemur inn og sviðs- slagsmál.“

Aðspurð um hvort markhópur sýningarinnar sé fólk á öllum aldri segir Kolbrún að ung börn eigi ekki erindi á hana. „Við mælum kannski ekki með að börn yngri en tólf ára komi á sýninguna nema í fylgd með fullorðnum. Það er samt engin nekt í leikritinu en við erum aftur á móti með mikið af vísunum í kynlíf. Svo



KYNLÍF OG OFBELDI Groddarastill Tarantinos fær að njóta sín í verkinu Kjöt sem er frumsýnt á ArtFart hátíðinni í kvöld.

eru nokkur bardagaatriði sem eru kannski dálítið brútal,“ segir Kolbrún.

Verkið var frumsýnt í gærkvöld á ArtFart hátíðinni. Í vikunni verða svo tvær sýningar ásamt lokasýningum á menningarnótt. - at

KRONKRON: LEIÐANDI Í TÍSKU OG LÍFSSTÍL Á ÍSLANDI

Valin ein af sjö flottustu búðum í heimi

„Við erum himinlifandi yfir þessu vali,“ segir Magni Þorsteinsson, hárgreiðslumaður og annar eigandi tískuvöruverslunarinnar Kronkron, sem var valin ein af sjö flottustu búðum í heiminum í dag af hinu virta danska tískuriti Euro- woman.

Í grein blaðsins kemur meðal annars fram að Kronkron er talin vera leiðandi í tísku og lífsstíl á Íslandi með flottum merkjum og falletgri og skemmtilegri hönnun. Einnig er sagt að Kronkron sé eins og sælgætisbúð þar sem öll fötin njóta sín og eru girnileg fyrir viðskiptavininn.

Kronkron er sett í flokk með nokkrum af þekktustu tískuvöru- verslunum í heiminum í dag, svo sem Barneys í New York, Colette í París og 10 Corso Como í Milánó. Það er því mikill heiður að tísku- vöruverslun á Íslandi komist inn á þennan lista.

„Við vorum búin að fá fregnir af þessu en vissum ekki að þetta væri svona stórt. Núna erum við stödd á tískuvíkunni í Danmörku og menn ausa yfir okkur ham-



STOLTIR EIGENDUR Hugrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson eiga búðina Kronkron og eru himinlifandi yfir þessum mikla heiðri. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



SÆLGÆTISBÚÐ Verslunin Kronkron var valinn ein af sjö flottustu búðum í heiminum í dag af tískuriti Eurowoman.

ingjuóskum, sem er alveg frábært,“ segir Magni en hinn eigandi búðarinnar er kona hans, Hugrún Árnadóttir, sem gjarna er kend við skóbúðina Kron sem þau eiga einnig. Magni er einn af eigendum hárgreiðslustofunnar Rauðhetta og úlfurinn og gestir því sjálfur vera mikið á hlaupum milli stofunnar og búðarinnar.

„Auðvitað hefur þetta mikil áhrif á okkur og aðallega auðveldar þetta okkar vinnu til muna því í stað þess að sækjast eftir merk-

um eru merkin farin að sækjast eftir því að komast í búðina.“ Kronkron er aðeins tæplega tveggja ára gömul og byrjaði í litlu húsnæði á Laugaveginum en svo í mars 2006 var opnuð búð í stóru húsnæði á horni Laugavegs og Vitastígs. Þetta er því mikill heiður fyrir svona unga búð og segir Magni að mikið spennandi sé í bígerð. Því verður gaman að fylgjast með þróun verslunarinnar Kronkron í framtíðinni. alfrun@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónleikar breska poppgóðsins Morrissey voru í Laugardalshöll á laugardaginn og þóttu þeir heppnast með hreinum ágætum. Morrissey var nokkuð rokkaðri en aðdáendur hans höfðu búist við og lak kynþokkinn af söngvaranum sem þurfti að skipta ansi oft um fót á meðan tónleikunum stóð. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á laugardaginn sást til Morrissey í Kringlunni þar sem hann verslaði fót með meirtri „eiginkonu sinni“ og „barni“. Þessi frétt kom

mörgum af hans dyggustu áhangendum í opna skjöldu því erlendir fjölmiðlar sem hafa reynt að fjalla um einkalíf söngvarans hafa haldið því fram að Morrissey sé samkynhneigður. Söngvarinn hefur aldrei tjáð sig um sitt lífslíf en einn aðdáandi Morrissey sagðist í góðra vina hópi einu sinni hafa lesið það í erlendum fjölmiðli að Morrissey hefði „einu sinni komist í kynni við konu“. Íslendingar voru því ef til vill fyrstir til að sjá afraksturinn af þeim kynnum í Kringlunni á föstudag.

Össur Skarphéðinsson gerir umdeildar lundaveiðir Einaris K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra að umtalsefni á vefsíðu sinni. „Úr fjarska hef dáðst með feiminni aðdáun að vaskleika Einaris K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, þegar hann hefur farið með eldi og brennisteini gegn sjóræningjaveiðum útlenskra barbara á suðurmiðum Íslands,“ hefur Össur mál sitt og bætir því síðan við að aðdáun hans á ráðherranum hafi vaxið til muna þegar hann las það í fréttum að... „Einar K. Guðfinnsson biti nú í skjaldarrendur sem aldrei fyrr og vildi ólmur draga fram gömlu klippurnar úr landhelgisstríðum og skera aftan úr veiðijófunum,“ skrifar Össur og bætir því við að þegar norsk sjávarútvegsherrinn boðaði um helgina til alþjóðlegrar ráðstefnu gegn veiðijófnæði í Norðurhöfum taldi hann einsýnt að þar yrði Einar K. Guðfinnsson hyltur sem ein af hetjum Norðurlanda. „Undrun mín varð því eigi alllítill þegar ég sá, að í fans allra helstu sjávarútvegsherra veraldar vantaði Einar K. Guðfinnsson. [...] Skýringin á fjarveru ráðherrans kom svo í fréttum helgarinnar. Í ljós kom að sjávarútvegsherrinn sem hafði getið sér alþjóðlegt orð fyrir baráttu gegn veiðijófnæði var svo upptekinn við ólöglega lundaveiði í Grims- ey í Steingrímsfirði að hann komst ekki á ráðstefnu kollega sinna gegn veiðijófnæði í Norðurhöfum.“ - fgg



Fleiri matarbækur á leiðinni frá Nönnu

Matargúrú Íslands, Nanna Rögnvaldsdóttir, er að hætta á Gestgjafanum eftir farsælt starf á blaðinu, aðdáendum blaðsins til mikilla ama. Nanna hefur verið kjölfestan í blaðinu, sem er eitt mest selda tímarit landsins. Reyndar hóf Nanna störf hjá Íðunni fyrir tuttugu árum en þegar tímaritaútgáfan Fróði keypti það fyrirtæki fylgdi Nanna með í kaupunum. Í fyrstu starfaði hún sem lausapenni en hefur verið fastráðin í fimm ár. „Það má því segja að þetta sé í fyrsta skipti sem ég er í lausu lofti í tvo áratugi,“ segir Nanna, sem segist ekki muna eftir neinu sérstöku atviki frá þessum tíma. „Þetta hefur bara verið mjög skemmtilegt tímabil,“ útskýrir Nanna.

Matargúrúid segist ekki ætla að sitja með tvær hendur tómar en viðurkennir að hún ætli sér að taka sinn tíma í að íhuga hvað taki næst við. Fjöldmörg spennandi tilboð hafi komið inn á borð til sín en hún sé ákaflega þolinmód. „Ég er að þýða stóra matreiðslubók en meira er ekki fast í hendi,“ segir hún en viðurkennir að hana langi til að skrifa fleiri bækur um mat þannig að matgæðingar Íslands þurfa engu að kvíða þrátt fyrir brothvarf hennar af Gestgjafanum.

Fróði flutti fyrir ekki margt löngu upp á Höfða eftir að hafa lengi verið í nágrenni við miðbæ Reykjavíkur. Nanna segist því ekki muna sakna staðsetningarinnar sem slíkrar enda sé hún mikil miðbæjarmanneskja. „Ég á hins vegar eftir að sakna alls þess góða fólks sem ég vinn með hér,“ segir hún. - fgg



NANNA RÖGNVALDSDÓTTIR Er hætt á Gestgjafanum eftir að hafa verið þar ein aðal- kjölfestan um árabil. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Flitton/SFA

Dell Inspiron 640m

TVÖ OG HÁLFT KÍLÓ AF SNILLD!

Við vitum ekki hvernig við eigum að lýsa Inspiron tölvunum án þess að virðast vera að monta okkur, en þær eru æðislegar.

Dell Inspiron 640m klikkar hvergi, hún er með tvíkjarna örgjörva, Intel Core Duo, 14.1 tommu skjá, lykklaborði í fullri stærð og öllu því minni sem hægt er að óska sér. Hún elskar að vera þráðlaus og rafhlaðan endist í yfir átta tíma.

Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:

R. SIGMUNDSSON / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 • PENNINN / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 • PENNINN EYMUNDSSON / Sólvallagötu 2, Keflavík / 421 1102 • TÖLVU- OG RAFEINDAPJÓNUSTA SUDURLANDS / Eyravegí 37, Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Strandvegí 51, Vestmannaeyjum / 481 1122 • BVT / Austurvegí 15, Vík / 487 1510 • TÖLVU- SMÍÐJAN / Nesgötu 7, Neskaupstað / 470 2230 / Miðási 1, Egilsstöðum / 470 2220 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Garðarsbraut 9, Húsavík / 646 1234 PENNINN / Hafnarstraeti 91-93, Akureyri / 461 5050 • NETHEIMAR / Aðalstraeti 27, Ísafirði / 456 5006 • NETOS / Aðalstraeti 9, Ísafirði / 456 8440 • MAREIND / Nesvegí 7, Grundarfirði / 438 6611 • TÖLVUPJÓNUSTA VESTURLANDS / Brúartorgi 4, Borgarnesi / 437 2260 • TÖLVU- PJÓNUSTAN Á AKRANESI / Esjubraut 49, Akranesi / 430 7000



VERÐ Á MÁNUÐI
FRÁ KR. **5.193***

*M.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán. Fullt verð frá 149.900 kr.

 [Skoðaðu úrvalið á www.ejs.is](http://www.ejs.is)

Það er til lausn á öllu

Grensásvegí 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS 
www.ejs.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Hollasta Hagkerfi í heimi

LATÓ
HAGKERFIÐ

www.glitnir.is/latibaer

GLITNIR

Ávextir og
grænmeti



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Heilbrigð útrás

Það hefur lengi tíðkast að ferðast til útlanda til að leita sér lækninga. Nú þegar veröldin er að verða að einu markaðssvæði væri tilvalið að nýta útpenslustefnu utanríkisráðuneytisins til að ná niður kostnaði við íslenska heilbrigðiskerfið. Með því að nýta einkavædda heilbrigðisþjónustu í öðrum löndum gætu Íslendingar sparað tröllauknar upphæðir án þess að taka þá áhættu sem mundi fylgja einkavæðingu á lækniþjónustu innanlands, á okkar dvergsmáa markaði þar sem helstu valkostir eru fákeppni eða ríkiseinokun.

Í ASÍU, og þá ekki síst hjá risaþjóðum eins og Kínverjum og Indverjum, er heilsutengd ferðaþjónusta vaxandi atvinnugrein. Varla þarf að efast um að lækniþjónustunáttá í þessum löndum sé að minnsta kosti sambærileg við það besta sem gerist á Íslandi, að ekki sé minnst á lyfjakostnað sem af yfirskilvitlegum ástæðum er hér hærrí en annars staðar á byggðu bóli, jafnvel þótt góðgerðafélög eins og Actavis Group verji til þess hundruðum milljóna að niðurgreiða lyf handa okkur.

ALGENGAR aðgerðir sem hér á landi valda löngum biðlistum og gífurlegum kostnaði eru framkvæmdar á hátækni sjúkrahúsum fyrir um það bil einn tíunda af því sem slíkar aðgerðir kosta á miðlungs sjúkrahúsum í Bandaríkjunum - sem hafa náð lengst allra í dásemdum einkavæddrar heilbrigðisþjónustu.

SAMSTARF við hátækniheilbrigðisstofnanir í öðrum löndum gæti sparað ógrynni fjár, útrýmt biðlistum og linað þjáningar og lengt líf fjölda fólks, auk þess sem sendiherragerið í utanríkisráðuneytinu fengi vitrænt verkefni. Hugsjónamenn um einkavæðingu sæju þann draum sinn rætast að njóta ávaxtanna af frjálsri samkeppni á skurðarborði í Múmbæ. Og hugsanlega væri hægt að slá tvær flugur í einu höggi og biðja ríkisagenta sem ferðast um veröldina til að selja íslenskt lambakjöt að svipast um eftir ódýrum lyfjum handa okkur í leiðinni. Við gætum kannski líka sparað okkur að byggja hátækni sjúkrahúsþákn og reynt að koma skikk á það bákn sem við eigum fyrir. Það gæti verið sniðugt að nota kosti hnattvæðingar í þágu almennings.

IMPREZA

Sumartilboð 1.990.000 kr.*

SYMMETRICAL AWD

Subaru Impreza er á lygilegu tilboði í ágúst og er fyrir vikið á mun betra verði en bílar í sama flokki, þ.m.t. Volkswagen Golf. Gerðu verðsamanburð. Núna er rétti tíminn til að fjárfesta í Subaru Impreza.

STADALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 160 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 16" ÁLFELGUR, KASTARAR Í STUÐARA... OG MARGT FLEIRA.

Ingvar Helgason	Sævarhóla 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opíð: Mánudaga - fimstudaga kl. 9:00-18:00.		
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453

* Aukahlutir á mynd: 17" álfelgur

SUBARU IMPREZA SUMARTILBOÐ:

Beinskiptur Sedan	1.990.000 kr.
Sjálfskiptur Sedan	2.140.000 kr.
Beinskiptur Wagon	2.060.000 kr.
Sjálfskiptur Wagon	2.190.000 kr.

SPARI DAGAR

5 HJÁ ORMSSON

Í FIMM VERSLUNUM OG HJÁ UMBOÐSMÖNNUM

1. LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800 2. SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 3. SMÁRALIND · Sími 530 2900 4. AKUREYRI · Sími 461 5000 5. KEFLAVÍK · Sími 421 1535 WWW ORMSSON IS

SAMSUNG



SAMSUNG
LE32M51BX
32" háskerpu
LCD sjónvarp

& SAMSUNG
DVD-125
DVD upptökutæki
og spilar

Verð áður: 264.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 219.900 kr.
Þú sparar: 45.000 kr

AEG

ÞVOTTAVÉLAR
ÞURRKAÐAR
UPPVOTTAVÉLAR
KÆLISKÁPAR
OFNAR - VIFTUR
HELLUBORÐ

15%
AFSLATTUR

TEFAL

Pottar
og pönnur
25-40%
afsláttur



ORMSSON